ARIANNE GAHWILLER

*Íslenskt og svissneskt jólahald í bland*

• heimili • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




FJARÐARPÓSTURINN

*Málpípa allra bæjarbúa*

Fagnar aldarfjórðungsafmæli

TÍMAMÓT 26






**Tempur heilsuinniskór**

Ein vinsælasta jólagjöfin okkar

Jólatilboð: Kr. 7.700,-

*Opið í dag til kl. 22*

Betra BAK


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


22. desember 2008 — 350. tölublað — 8. árgangur — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI — Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



**Bókajól á Litla-Hrauni**

Fangar fá hundruð bóka til að gefa sínum nánustu.

FÓLK 46



**Elli á Bungalow 8**

Milljarðamæringi hent út vegna tónlistarágreinings.

FÓLK 34



**Ballettþenkjandi tónlistarmenn**

Pétur Ben og Sigtryggur Baldursson semja fyrir Íslenska dansflokkinn.

FÓLK 46



**Verður rosalegt ævintýri**

Ásthildur Helgadóttir segir að íslensku stelpurnar megi ekki gleyma að hvíla sig vel á milli erfiðra æfinga.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í dag verður vaxandi suðaustanátt, 13-23 m/s sunnan og vestan til síðdegis, annars 8-15 m/s. Rigning nálægt hádegi sunnan til og vestan en slydda eða rigning annars staðar síðar í dag. Hlýnandi.

VEÐUR 4

# Neyðarlínan og Gæslan spari og flytji á Keflavíkurflugvöll

**Neyðarlínan segist geta rekið ratsjáreftirlit fyrir 346 milljónum króna minna en utanríkisráðuneytið sem hafnar útreikningunum. Spara mætti með því að flytja Neyðarlínuna og Landhelgisgæsluna til Keflavíkur.**

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðuneytið hafnar útreikningum Neyðarlínunnar sem kveðst geta starfrækt ratsjárkerfi fyrir 346 milljónum króna lægri upphæð en reksturinn kostar á þessu ári.

Í minnisblaði Neyðarlínunnar er gert ráð fyrir að ratsjáreftirlit yrði tekið úr höndun Varnarmálastofnunar og flutt frá Keflavíkurflugvelli í Björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð í Reykjavík. Þar með flyttist þessi starfsemi undan utanríkisráðuneytinu og undir dómsmálaráðuneytið. Neyðarlínan telur kostnaðinn við rekstur eftirlitsins í Skógarhlíð mundu verða 476 milljónir króna. Samkvæmt fjárlögum þessa árs á reksturinn hins vegar að kosta 822 milljónir, eða 346 milljónum króna meira eins og áður segir.

„Minnisblað Neyðarlínunnar er því miður vanbúið gagn enda ekki byggt á réttum forsendum varðandi rekstur íslenska ratsjárkerfisins,“ segir í svari utanríkisráðuneytisins til Fréttablaðsins.

Utanríkisráðuneytið segir Neyðarlínuna ekki gera ráð fyrir umsýslu loftvarnarkerfis NATO, miðlun upplýsinga til herstjórna bandalagsins, sértækra viðhaldssamninga við NATO né ýmissa annarra krafna. „Enginn stofnkostnaður er tilgreindur, ekki er gert ráð fyrir kostnaði við nauðsynlegar breytingar á húsnæði í Skógarhlíð né þeim breytingum sem gera þarf á nánasta umhverfi vegna öryggiskrafna. Þá er mannaflaþörf vanmetin í minnisblaðinu. Varnarmálastofnun er nú rekin í húsnæði sem bandaríski herinn skildi eftir og mikið hagræði er af að nýta. Mikill vannýttur húsnæðiskostur er á svæðinu sem gæti nýst fyrir hvers kyns öryggis- og björgunarstarfsemi.“

Ríkisstjórnin hyggst skipa nefnd sem á að skoða leiðir til að spara í rekstri Landhelgisgæslunnar, Varnarmálastofnunar, Siglingamálastofnunar og fleiri stofnana með því að samnýta aðstöðu eða starfsemi. „Eitt markmiða með starfi samlegðarnefndarinnar hlýtur að vera að finna hagræðingartækifæri fyrir fleiri innlendar stofnanir á varnarsvæðinu í Keflavík en þangað mætti til dæmis flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar og hugsanlega Neyðarlínunnar og spara með því fé,“ bendir utanríkisráðuneytið á. - gar



**SÖNGGLAÐIR AÐDÁENDUR** Fjölmörg börn og foreldrar þeirra komu saman í Smáralindinni í gær þar sem kvikmyndin Skoppa og Skrítla í bíó var forsýnd. Kvikmyndin verður frumsýnd annan dag jóla en þær Skoppa og vinkona hennar, Lúsí, gátu ekki staðist það að fá að hitta aðdáendur sína fyrir jólin til að syngja og spjalla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ævar Örn Jósepsson:

## Stelur nöfnum vina sinna

**BÓKMENNTIR „Eitthvað verður þetta að heita og ég nefni karaktera mína oft í höfuðið á fólki sem ég þekki. En ég drep ekki vini mína,“ segir Ævar Örn Jósepsson rithöfundur.**

**Í nýjum krimma hans, Landi tækifæranna, eru mörg kunnugleg nöfn þeim sem þekktu Ævar þegar hann var skólapiltur í Hafnarfirði. Nöfn æskufélaga hans, Gunnars Viktorssonar og Sigþórs Jóhannessonar, birtast þar sem heiti vafasamra pappíra. Þeim þykir þetta að vonum undarlegt og Gunnar, sem er sjúkraþjálfari FH og FH-ingur fram í fingurgóma, segir það óforsvaranlegt að hann birtist í bókinni sem Haukamaður. „Það er rakinn óþverraskapur,“ segir Gunnar sem segist vita til þess að Ævar Örn hafi hlegið upphátt þegar hann gerði Gunnar að Haukamanni. Ævar Örn segir það lykilatriði að félagar hans eigi ekkert sammerkt með karakterunum í bókinni.** - jbg / sjá síðu 46

Hlýindi og asahláka af myndarlegustu gerð í veðurkortum næstu daga:

# Spáir asahláku með slagviðri

**VEÐUR** „Þetta er slagviðri með asahláku sem verður sýnu verst á sunnan- og vestanverðu landinu,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur um veðrið í dag.

Í gær var 19 sentimetra jafnfallinn snjór á höfuðborgarsvæðinu og 15 sentimetrar á Akureyri. „Þar sem snjóalög eru þetta mikil eru niðurföll hulin. Ég tel því ástæðu til að minna fólk á að hreinsa frá niðurföllum svo forðast megi tjón af völdum vatns,“ segir Sigurður sem spáir rigningu í dag.

Sigurður segir að auki stefna í storm þegar líður á daginn. „Fólk ætti því sérstaklega að huga að jólaskreytingunum sem gætu þurft að þola talsvert veðurálag. Það er hálf súrt í brotið ef jólaskreytingarnar fjúka og kjallarar flæða bara fyrir það eitt að fólk gleymir að hreinsa frá niðurföllunum. Þetta er asahláka af myndarlegustu gerð og við erum að sigla inn í mikið hlýviðri næstu þrjá til fjóra daga.“

Sigurður spáir hlýju og vindasömu veðri á Þorláksmessu og minni háttar skúrum. „Á aðfangadag jóla eru horfur á allhvassri sunnanátt, hita á bilinu 6 til 12 stig og rigningu og skúrum,“ segir Sigurður. - ovd










## SPURNING DAGSINS



*Ingólfur, þurfið þið að vísa fólki í fjárhúsin um jólin?*

„Er ekki allt fullt þar?“

Allar flottustur svíturnar á hótelum í Reykjavík eru bókaðar um áramótin. Ingólfur Haraldsson, hótelstjóri á Nordica Hilton, þarf að sjá til þess að sá sem greiðir 125 þúsund krónur fyrir nóttina í forsetasvítunni verði ánægður með dvölina.

Embætti forstöðumanns á Litla-Hrauni auglýst án þess að gera hæfniskröfur:

# Margrét vill halda starfinu

**STJÓRNSÝSLA** Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni, vill halda áfram sem forstöðumaður í fangelsinu.

Dómsmálaráðuneytið auglýsti forstöðumannsembættið laust til umsóknar um helgina. Athygli vekur að í auglýsingunni eru engar kröfur gerðar um hæfni umsækjenda. Ekki liggur fyrir hvort það þýði að engar sérstakar hæfniskröfur séu gerðar yfirleitt eða hvort þeirra sé einfaldlega ekki getið í auglýsingunni. Ekki tókst að fá svör frá Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra um þetta atriði í gærkvöld.



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR** Forstöðumaðurinn segist hlakka til hvers vinnudags á Litla-Hrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margrét, sem er gagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, hefur gegnt embætti forstöðumanns á Litla-Hrauni í afleysingum frá 1. febrúar á þessu ári og rennur það tímabil út 1. febrúar á nýja árinu. Frá því haustið 2007 hafði Margrét áður verið verktaki hjá dómsmálaráðuneytinu og starfað við hlið þáverandi forstöðumanns.

Að sögn Margrétar er starfið á Litla-Hrauni bæði gefandi og skemmtilegt. „Það er langt síðan ég hef hlakkað til að fara í vinnuna á hverjum degi,“ segir hún.

Margét býst við að margir sæki um embættið og kveðst ekki átta sig vel á möguleikum sínum til að halda starfinu. „Ég hef að minnsta kosti ekki fengið neinar kvartanir yfir mínum störfum,“ bendir hún á. - gar

Skotæðið í Mumbai:

# Lögregla sökuð um afglöp

**INDLAND Lögreglumenn sem áttu í höggi við skotglaða hryðjuverkamenn í Taj Mahal-lúxushótelinu í Mumbai í fyrra mánuði tjáðu gestum að þeim væri óhætt að yfirgefa herbergi sín, með þeim afleiðingum að þeir gengu í flasið á morðingjunum sem sölluðu fólkið niður.**

**Talsmenn lögreglunnar vísa á bug þessum ásökunum, sem fréttavefur BBC hefur eftir hótelgestum sem lifðu af.**

**Alls féllu yfir 170 saklausir borgarar fyrir hendi hinna morðóðu hryðjuverkamanna, sem höfðu það eitt að markmiði að drepa sem flesta.** - aa



**STURLA BÖÐVARSSON** Forseti Alþingis vonast til að störfum þingsins ljúki í dag.

Alþingi í fjögurra vikna frí:

# Vilja ljúka sem mestu fyrir jól

**STJÓRNMÁL** „Við vonum auðvitað að það takist að ljúka sem mestu á morgun [í dag] en það er aldrei hægt að gefa nein ákveðin fyrirheit um þá framvindu,“ sagði Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, um störf þingsins fyrir jólahlé sem stendur til 20. janúar. Á þingfundi í dag er lokaumræða um fjárlagafrumvarp næsta árs stærsta málið á dagskrá. Þess utan á að ræða breytingar á frægum lögum frá 2003 um eftirlaun ráðamanna, frumvarp um breytingu á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins í nefskatt, auk tæknilegra breytinga á lagaheimildum fyrir stimpilgjaldi af fjárnámsendurritum. - gar

Útboð á Drekasvæði í janúar:

# Olíuskattur allt að 59 prósent

**IÐNAÐUR Skattar íslenska ríkisins af hugsanlegri olíu- og gasvinnslu á Drekasvæðinu verða allt að 59 prósent af tekjum sem olíulindirnar gefa að því er kom fram á Stöð 2 í gærkvöld. Þetta er lægra en Norðmenn taka hæst en svipað og í Færeyjum og Kanada. „Lagt verður á vinnslugjald, sem á fyrstu 20 milljónir tunna verður 5 prósent en fer síðan stighækkandi allt upp í 58 prósent af verðmæti,“ sagði Stöð 2.** - gar

# Brimborg fær ekki að skila 113 milljóna lóð

**Reykjavíkurborg neitar Brimborg um að skila lóð á Esjumelum og fá 113 milljónir endurgreiddar. Lögmaður Brimborgar segir forsendur brostnar og bíla- og atvinnutækjamarkaðinn jafnvel verða áratugi að jafna sig eftir bankahrunið.**

**STJÓRNSÝSLA** Borgarráð hefur synjað Brimborg ehf. um að fá að skila 24 þúsund fermetra atvinnulóð á Esjumelum og fá 113 milljóna króna gatnagerðargjöld endurgreidd.

Lögmaður Brimborgar, Tómas Jónsson, telur fyrirtækið eiga skýlausan rétt á að skila lóðinni en Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, telur borginni ekki skylt að leysa lóðina til sín.

Í bréfi til borgaryfirvalda rekur Tómas Jónsson þær áætlanir sem Brimborg hafði með lóðina sem fyrirtækið fékk úthlutað á Esjumelum í febrúar árið 2006. Þar hafi átt að vera framtíðaraðstaða sölu og þjónustu fyrir vörubíla, vinnuvélar og bátavélar auk sölu notaðra bíla og þjónustu við fólksbíla. Þrátt fyrir mikinn samdrátt sem byrjað hafi í mars á þessu ári hafi Brimborg talið mögulegt að ljúka verkefninu. Forsendurnar hafi hins vegar brostið þegar bíla- og atvinnutækjamarkaðurinn féll eftir hrun bankakerfisins í byrjun október.

„Telur umbjóðandi minn að það muni taka ár og jafnvel áratugi fyrir þann markað að ná aftur fyrri styrk. Þeir fjármunir sem fást við endurgreiðslu gatnagerðargjalda verða að sjálfsögðu notaðir í þeim tilgangi að styrkja fyrirtækið í þeirri varnarbaráttu sem fram undan er,“ segir lögmaður Brimborgar í bréfi sínu. Tómas bendir á að starfsmenn fyrirtækisins séu um 200 talsins og segir mikla áherslu hafa verið lagða á að vernda störf þeirra.



**HJÁ BRIMBORG Í BÍLDSHÖFÐA** Lögmaður Brimborgar segir fyrirtækið berjast við að halda starfsólkinu og vilja fá gatnagerðargjöld á Esjumelum endurgreidd til að nota í varnarbaráttu sem fram undan sé. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Telur umbjóðandi minn að það muni taka ár og jafnvel áratugi fyrir þann markað að ná aftur fyrri styrk.
>
> **TÓMAS JÓNSSON**
> LÖGMAÐUR BRIMBORGAR

Að sögn Tómasar telur Brimborg sig hafa skilað inn umræddri lóð 9. október. Það hafi verið 41 degi áður en borgarráð ákvað, 20. nóvember, að breyta verklagi við skil á lóðum.

Ágúst Jónsson hjá framkvæmdasviði borgarinnar segir hins vegar að í lóðaskilmálunum hafi hvergi verið gert ráð fyrir að lóðarhafinn gæti einhliða skilað lóðinni til baka. Samþykkt borgarráðs frá 20. nóvember hafi hins vegar aðeins verið árétting á fyrri skilmálum. Ástand efnahagslífsins snerti alla og Reykjavíkurborg verði að gæta sinna hagsmuna. Aðstæður Brimborgar séu ekki svo sérstakar umfram aðra lóðarhafa að víkja beri frá almennum reglum vegna fyrirtækisins.

Að tillögu skrifstofustjórans samþykkti borgarráð að synja Brimborg um skil á lóðinni.

gar@frettabladid.is

Vill skoða samkeppnislögin:

# Jöfn tækifæri í endurreisninni

**ALÞINGI** „Við endurreisn efnahagslífsins er mjög mikilvægt að láta ekki sömu aðilana hafa allt atvinnulífið í hendurnar aftur heldur eigum við að gefa öllum tækifæri til að taka þátt í endurreisninni,“ segir Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður um þingsályktunartillögu sína um endurskoðun á samkeppnislögum. Hann segir mikla fákeppni hafa ríkt á íslenskum markaði og vísar til krosseignatengsla í stórum eignarhaldsfélögum á borð við Samson, Stoðir og FL-Group. Hann segir menn þar í öllum þáttum atvinnulífsins, hvort sem það er bankastarfsemi, flutningastarfemi, smásöluverslun eða fjölmiðlar. - ovd



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

20 ár frá Lockerbie-tilræði:

# Athafnir austan hafs og vestan

**SKOTLAND, AP Þess var víða minnst í gær að rétt 20 ár voru liðin frá því risaþota Pan Am-flugfélagsins hrapaði á skoska smábæinn Lockerbie eftir að sprengja sprakk í þotunni. Alls fórust 270 manns, þar af ellefu á jörðu niðri.**

**Þotan var á leið frá Heathrow-flugvelli til New York þegar sprengjan sprakk, rétt eftir kl. 19 að staðartíma 21. desember 1988. Guðsþjónustur voru haldnar í kirkjum í Lockerbie, sem og á Heathrow og vestanhafs.**

**Árið 2001 var lýbískur leyniþjónustumaður, Abdel Basset Ali al-Megrahi, dæmdur í Haag fyrir aðild að tilræðinu. .** - aa




Forsetinn óskar eftir launalækkun í samræmi við lækkanir annarra ráðamanna:

# Þjóðarhagur kallar á lækkun

**FORSETINN** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur óskað eftir því að laun hans verði lækkuð til samræmis við launalækkanir annarra ráðamanna.

Forsetinn sendi fjármálaráðherra bréf fyrir helgi þar sem hann, „vegna hins mikla vanda sem nú steðjar að þjóðinni“, fer fram á að laun sín verði lækkuð á sama hátt og laun forsætisráðherra og forseta Alþingis, handhafa forsetavalds.

Í bréfi sínu vísar forsetinn til 2. málsgreinar 9. greinar stjórnarskrárinnar sem kveður á um bann við skerðingu kjara forseta á kjörtímabili hans. Slíkt ákvæði hafi verið sett til að vernda forsetann gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldinu. „Þetta ákvæði kemur hins vegar ekki í veg fyrir að forsetinn óski sjálfur eftir launalækkun þegar þjóðarhagur kallar á lækkun launa fjölmargra annarra ráðamanna og Alþingi setur lög þar um. Við slíkar aðstæður er bæði sjálfsagt og eðlilegt að hið sama gildi um forsetann,“ segir í bréfi forsetans.



**FRÁ ÞINGSETNINGU** Laun forseta Íslands gætu lækkað um rúmlega 274 þúsund, gangi 15 prósenta launalækkun æðstu embættismanna eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Líndal lagaprófessor telur engin lagaleg rök mæla gegn því að laun forsetans megi lækka með þessum hætti. „Ef þetta er þáttur í almennum aðgerðum og forsetinn óskar þessa sérstaklega, þá myndi ég skilja stjórnarskrána þannig að þetta stæðist,“ segir Sigurður.

Alþingi samþykkti á laugardag að beina því til kjararáðs að laun alþingismanna og ráðherra lækki um 5 til 15 prósent frá áramótum. Laun forseta Íslands eru nú 1.827.143 krónur á mánuði. 15 prósenta launalækkun myndi þýða að laun forseta Íslands lækkuðu í rúmlega 1 milljón og 553 þúsund krónur eða um rúmlega 274 þúsund krónur. - ovd



# Gefðu góða skemmtun!




DAGUR & STEINI

**Páll Óskar, Silfursafnið**

**1.990 kr.**

**BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM!**



**Telefunken digital rammi**

**Verð til viðskiptavina Nova:**

**14.900 kr.**

**Fullt verð 18.900 kr.**
**Myndgæði: 489x234 pixel**
**Minni: 128 Mb**









**X-MINI hátalarar fylgja!**

**Nokia 6120**

**útborgun**

**3.900 kr.**

**Afborgun 2.000 kr. á mán.**
**2.000 kr. notkun á mán.**
**í 12 mánuði og Bíókort**
**– 6 x í bíó fylgir.**

**Staðgreitt: 27.900 kr.**

## Bíókort
## – frábær jólagjöf!

Ef þig vantar ekki nýjan síma getur þú keypt Nova bíókort á frábæru verði.

**Verð til viðskiptavina Nova: 3.990 kr.**
**Fullt verð: 6.000 kr.**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. gjald vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## GENGIÐ 19.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,11 | 121,69 |
| Sterlingspund | 181,12 | 182 |
| Evra | 169,72 | 170,66 |
| Dönsk króna | 22,779 | 22,913 |
| Norsk króna | 17,332 | 17,434 |
| Sænsk króna | 15,474 | 15,564 |
| Japanskt jen | 1,3619 | 1,3699 |
| SDR | 187,47 | 188,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 217,6413

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sýslumaður dæmdur í rétti gagnvart undirmanni sem hann taldi brotlegan:

# Mátti áminna yfirlögregluþjón sinn

**DÓMSMÁL** Sýslumaðurinn á Sauðárkróki braut ekki á yfirlöregluþjóni með því að veita honum formlega áminningu fyrir brot í starfi. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur.



RÍKARÐUR MÁSSON

Áminninguna veitti Ríkarður Másson sýslumaður Birni Mikaelssyni yfirlögregluþjóni í desember í fyrra. Björn taldi engan grundvöll fyrir áminningunni. Hún væri mjög íþyngjandi fyrir hann og gæti leitt til þess að hann missti lífsviðurværi sitt.

Héraðsdómur telur hins vegar að fjórir af sex liðum sem sýslumaður taldi upp væru tilefni til áminningar. Björn hafi sagt aðstoðaryfirlögregluþjóni hjá ríkislögreglustjóra að einn þriggja umsækjenda um varðstjórastöðu glímdi við geðræn vandamál, hann hafi í sjóvarpsviðtali beint tilmælum til ökumanna um að aka ekki „mikið yfir þriggja stafa töluna“ þótt hámarkshraði sé 90 kílómetrar á klukkustund og hann hafi dregið úr hömlu að ljúka rannsókn tveggja mála sem vörðuðu líkamsárás og hótun. Þá hafi Björn ekki framfylgt umferðarátaki á fullnægjandi hátt.

Lögmaður Björns mun nú vera að íhuga hvort dómnum verður áfrýjað. Aðeins mun vera um eitt ár þar til Björn fer á eftirlaun. - gar



**BJÖRN MIKAELSSON** Lögmaður yfirlöregluþjónsins á Sauðárkróki er nú að meta hvort áfrýja eigi dómi héraðsdóms.

Framkvæmdir í Eyjum:

## Fjöldi tilboða í knattspyrnuhús

**SVEITARSTJÓRNIR Fjöldi tilboða barst í byggingu knattspyrnuhúss í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórnin ákvað að taka tilboði lægstbjóðanda, Steina og Olla, sem er upp á tæplega 350 milljónir króna að því er segir á eyjafrettir.is. Þar kemur einnig fram að bæjarstjóranum hafi verið falið að semja við verktakann um breytingar á verkáætlun og fyrirkomulagi þannig að í núverandi efnahagsástandi komi ekki til framkvæmda sem bera fyrst og fremst kostnað í erlendri mynt. Einnig að leitast við að efnisval og verkhættir leiði til mannaflsfrekrar framkvæmdar.** - gar



**BAÐENDUR** Vísindamenn bíða þess að endurnar skili sér undan jöklinum.

Vísinda-endur á Grænlandi:

## NASA safnar gúmmíöndum

**GRÆNLAND** Í september sjósetti NASA, geimvísindastofnun Bandaríkjanna, 90 merktar baðendur undir Jakobshavnjökli á Grænlandi í þeim tilgangi að rannsaka farveg bráðnunarvatns um jökulbreiðuna.

„Enn höfum við ekki frétt af þeim,“ sagði Alberto Behar, vélmennasérfræðingur hjá NASA í viðtali við BBC, en hann stendur fyrir rannsókninni. „Ef einhver finnur eina þeirra þá yrði það stór áfangi.“ Áætlað var að endurnar myndu synda um farveg bráðnunarvatnsins undir ísnum og myndu á endanum skila sér út í hafið við vesturströnd Grænlands. Enn hefur þó engin þeirra fundist. - hs

Mannfall í Afganistan:

## Danskir hermenn láta lífið

**AFGANISTAN, AP Þrír danskir hermenn og einn hollenskur létust í aðskildum atvikum í Afganistan á föstudaginn.**

**Dönsku hermennirnir fórust þegar þeir keyrðu yfir sprengju en Hollendingurinn steig á sprengju. Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, segir þetta stærsta einstaka missi Dana í Suður-Afganistan. Um 700 danskir hermenn eru í Afganistan. Frá árinu 2002 hefur 21 danskur hermaður látist í átökum þar. Átján hollenskir hermenn hafa fallið þar frá því í ágúst 2006.** - hs

# Hægir á þorsksölu og aukið birgðahald

**Hægst hefur umtalsvert á eftirspurn eftir þorski á erlendum mörkuðum, að mati stjórnenda sjávarútvegsfyrirtækja. Birgðahald er í auknum mæli í höndum framleiðenda. Verð lækkar. Tekjutapið getur numið 15 milljörðum króna.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Stóru sjávarútvegsfyrirtækin í landinu finna fyrir breytingum á erlendum mörkuðum, sérstaklega í eftirspurn eftir þorski. Verð hefur lækkað í erlendri mynt, jafnvel um allt að þriðjung þótt misjafnt sé eftir mörkuðum og afurðum.

Gróflega áætlað gæti samdráttur á erlendum mörkuðum numið á annan tug milljarða króna í útflutningstekjum á ársgrundvelli. Ef miðað er við 150 milljarða útflutningsverðmæti á ári og samdrátt upp á 20 prósent þýðir það tekjutap upp á 15 milljarða króna. Þá er ekki tekinn með í reikninginn aukinn kostnaður við til dæmis birgðahald.

Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, segir að erfiðara sé að selja fisk og að verðið sé lægra. „Við finnum fyrir þessu. Þetta er búið að vera þungt undanfarnar vikur,“ segir hann og telur að viðskiptavinirnir haldi fastar um budduna.

„Við eigum í sömu erfiðleikum og aðrir en enn þá er engin birgðasöfnun hjá okkur,“ segir Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri hjá Þorbirni í Grindavík. „Verð hefur lækkað í erlendri mynt á flestum mörkuðum. Verðhækkun hefur jafnast út. Þorskverð er nú það sama og haustið 2007,“ segir hann og býst við að verðið lækki áfram.

Gunnar gerir ráð fyrir að kaupendur hafi gengið á birgðirnar upp á síðkastið og segir að þeir kaupi eingöngu inn til nánustu framtíðar og láti sig frekar vanta fisk en að liggja með birgðir. Birgðir lendi á framleiðendum. „Við erum ekki farnir að liggja með birgðir enn þá en upp úr páskum megum við klárlega búast við því,“ segir hann.



**BIRGÐAHALD EYKST** Verð hefur lækkað á ýmsum fisktegundum síðustu vikur, sérstaklega þorski. Samdráttur á erlendum mörkuðum gæti numið á annan tug milljarða króna í útflutningstekjum á ársgrundvelli ef ekki rætist úr. Birgðir safnast upp hjá framleiðendum.



EGGERT GUÐMUNDSSON



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON

Eggerti Guðmundssyni, forstjóra Granda, sýnist eftirspurn og sala ekki hafa minnkað að ráði. Kaupendur haldi að sér höndum í birgðum og taki enga áhættu. „Allir eru á bremsunni og reyna að halda sem minnstar birgðir. Menn eru varkárir og taka ekki afgerandi afstöðu fyrir nýtt ár.“

Eggert segir að birgðir hljóti að safnast upp og kannast við að birgðir hafi heldur verið að aukast hjá Granda. Hann vonast til að úr rætist þegar líður á næsta ár.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, kannast við að hægst hafi um á erlendum mörkuðum en vill ekki segja hversu mikið. Hann gefur ekkert út á aukið birgðahald og segir að ekki verði brugðist við þróuninni með öðrum hætti en að sölumennirnir verði að selja meira.

ghs@frettabladid.is

Sprengiflaugahríð frá Gaza:

## Ísraelar hóta Hamas stríði

**ÍSRAEL, AP** Tugum sprengiflauga var skotið frá Gazasvæðinu að ísraelskum bæjum í gær, og Ísraelsher brást við með loftárás á meintar stöðvar skæruliða Hamas-samtakanna á Gaza.



EHUD OLMERT

Með þessari atburðarás rættist ótti manna um að átök myndu blossa upp á ný eftir að hálfs árs vopnahlé rann út.

Aðeins einn Ísraeli særðist í sprengiflaugahríð helgarinnar, en eftir hana hóta ísraelsk stjórnvöld að grípa til harkalegra hernaðaraðgerða. „Ábyrg ríkisstjórn er ekki ánægð með að fara í stríð, en víkur sér heldur ekki undan því,“ sagði Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, á ríkisstjórnarfundi í gær. - aa

Björgunarsveitir sóttu mann:

## Örmagnaðist á Skarðsheiði

**BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, sótti göngumann á Skarðsheiði á laugardagskvöldið.**

**Maðurinn var á göngu ásamt félaga sínum og urðu þeir viðskila þegar annar þeirra var of þreyttur til að halda göngunni áfram. Félagi mannsins gerði þá björgunarsveitum viðvart. Upp úr klukkan níu um kvöldið barst Landhelgisgæslunni beiðni um aðstoð þyrlunnar við að flytja manninn undir læknishendur. Var hann þá orðinn örmagna og ekki mögulegt að bera hann niður af fjallinu. Þyrlan lenti svo á Reykjavíkurflugvelli laust fyrir ellefu og var maðurinn fluttur með sjúkrabifreið á sjúkrahús til aðhlynningar.** - ovd






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ASAHLÁKA**

Jæja, loksins eru þau komin hlýindin sem spáð hefur verið í tvær vikur eða svo. Það hvessir hressilega, sérstaklega sunnanlands og vestan og um tíma í dag má búast við stormi á þeim slóðum. Annars staðar verður vindur nokkuð hægari. Það er mikil úrkoma í þessu og því má búast við asahláku síðdegis. Ég hvet því fólk að moka snjó frá niðurföllum til að forðast tjón.




**Á MORGUN** 10-20 m/s hvassast NV-til

**AÐFANGADAGUR UM HÁDEGI** Allhvöss sunnanátt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 10° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 10° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 12° |
| New York | -3° |
| Orlando | 17° |
| Osló | 1° |
| París | 9° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Tomman af sjónvarpi frá aðeins 3.157 kr.







**Verð aðeins 99.995 kr.**

Verð áður 119.995 kr.

HD ready HDMI

### Palladine 26" EPT2651M

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1200:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

HD ready HDMI

### Palladine 19" EPT1950M

- Upplausn: 1440 x 900
- Skerpa: 1.000:1
- HDMI tengi / Scart / Component
- Hægt að tengja við 12V
- Svartími undir 4 ms

**Verð aðeins 59.995 kr.**

Verð áður 79.995 kr.




full HD 1080P HDMI digital

### Palladine 42" Full HD EPT4251MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 550 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

**Verð aðeins 259.995 kr.**

Frí veggfesting fylgir




full HD 1080P HDMI digital

### Palladine 37" Full HD EPT3751MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 199.995 kr.**

Verð áður 229.995 kr.




HD ready HDMI digital

### Palladine 32" EPT3251MD

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 149.995 kr.**

Frí veggfesting fylgir

**PALLADINE**

*Eini framleiðandinn sem býður upp á íslenska valmynd*

Hátækni

**Opnunartími fyrir jól:** Sun. 10-20.30 | Mán. 9-22 | Þri. 9-22 | Mið. 9-12
**Endursöluaðilar um land allt.**

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 82207

## KJÖRKASSINN



*Ertu búin(n) að kaupa allar jólagjafirnar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 44,6% |
| NEI | 55,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sammála lækkun launa forseta Íslands?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Árlegur fundur sjávarútvegsráðherra ESB um heildarkvóta næsta fiskveiðiárs:

# Sameinast gegn brottkasti

**BRUSSEL, AP** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna hafa komið sér saman um aðgerðir sem ætlaðar eru til að draga úr brottkasti, í von um að þær gefi fiskistofnum í lögsögu ESB betra tækifæri til að styrkjast og útgerðum og fiskimönnum betri afkomu.

Á árlegum fundi ráðherranna í Brussel fyrir helgi, þar sem heildarkvóti komandi fiskveiðiárs er ákveðinn, var samþykkt að breyta reglum þannig að landa megi undirmálsfiski upp að vissu marki. Tilgangurinn er sá að hindra brottkast og stuðla að því að meðafla og undirmálsfiski sé ekki hent, jafnframt því að heildarsóknin í fiskistofnana minnki.



**KARPAÐ UM KVÓTA** Nokkrir ESB-ráðherranna 27 á fundinum í Brussel á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heildarveiðiheimildirnar úr helstu fiskistofnum sem ráðherrarnir samþykktu kveða á um tuga prósenta niðurskurð frá fyrra ári. Heildarþorskkvótinn var skorinn niður um fjórðung og ýsukvótinn um 42 prósent. Hins vegar var þorskkvótinn á vissum svæðum í Norðursjó aukinn um allt að 30 prósent.

Þá var síldarkvótinn undan Skotlandsströndum skorinn niður um fimmtung (í stað 52 prósenta eins og veiðiráðgjöfin hljóðaði upp á). Bann við ansjósuveiðum í Biskajaflóa var framlengt, enda engin merki um að stofninn sé á batavegi. **- aa**

Bankar sem þiggja aðstoð:

# Stjórnendur fengu milljarða

**BANDARÍKIN, AP** Fjármálastofnanir vestanhafs, sem nú eru að fá gríðarháar fjárhæðir í björgunarstyrki og lán úr vasa skattgreiðenda, greiddu æðstu stjórnendum sínum nærri 1,6 milljarða dala, andvirði um 194 milljarða króna, í laun, kaupauka og önnur hlunnindi á síðasta ári. Þetta leiddi könnun í ljós sem AP-fréttastofan lét gera.

Slík ofurlaun voru jafnvel greidd stjórnendum banka sem skiluðu afleitri afkomu í fyrra, en hún var forboði kreppunnar í ár.

Upphæðin sem 600 stjórnendur þáðu myndi duga fyrir björgunarkostnaðinum sem margir bankanna 116 þiggja nú frá ríkinu. **- aa**

Lettar fá neyðarlán:

# Mun hærra en sambærileg lán

**LETTLAND, AP** **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) tilkynnti á föstudag að veitt yrði 2,4 milljóna dala neyðarlán til Lettlands sem er nýjasta ríkið til að hljóta fjárhagsaðstoð frá því heimskreppan skall á.**

**Evrópusambandið hefur heitið 4,3 milljóna dala láni en efnahagur Lettlands hefur ekki farið varhluta af kreppunni eftir mikla þenslu. Heildarlánið sem Lettar fá er mun hærra en sambærileg lán til annarra landa ef litið er til höfðatölu, en íbúar Lettlands eru um 2,3 milljónir.**

**Aðrir lánveitendur eru samkvæmt AGS: Alþjóðabankinn, Norðurlönd, Tékkland, Pólland og nágrannaríkið Eistland. Lettland er annað ESB-ríkið á eftir Ungverjalandi sem hlýtur slíka aðstoð.**

**- hs**

## DÓMSTÓLAR

### Hótaði og áreitti lögreglu

Ríkissaksóknari hefur ákært tvo menn fyrir áreiti og hótanir gegn lögreglumönnum. Annar hótaði lögreglumanni lífláti. Hinn reyndi að tefja lögreglumann við störf með því að rífa og toga ítrekað í jakka hans.

## NOREGUR

### Atvinnuleysi eykst

Atvinnuleysi hefur aukist um 29 prósent í Noregi. Atvinnuleysið mælist nú 2,0 prósent og þýðir að 50.100 einstaklingar eru skráðir atvinnulausir. Atvinnulausum hefur því fjölgað um 3.300 síðasta mánuðinn.

## VINNUMARKAÐUR

### Alcoa greiðir bónus

Alcoa hefur tilkynnt að starfsmenn Fjarðaáls fái greiddan kaupauka sem nemur mánaðarlaunum að viðbættu 15 prósenta álagi. Kaupaukinn verður greiddur í dag. Áður hafa Ísal og Norðurál greitt aukalegan kaupauka.

# Ríkið taki af skarið um erlendu lánin

**Stjórnvöld þurfa að taka ákvörðun um hvernig leysa eigi úr vanda heimila sem eru skuldsett í erlendri mynt, segir framkvæmdastjóri Þjóðhags. Hann kynnir hugmyndir um teygjulán, þar sem afborganir eru festar við ákveðna krónutölu.**

**FJÁRMÁL** Ríkisbankarnir treysta sér ekki til að taka ákvörðun um hvernig komið skuli til móts við myntkörfuskuldara, þar ríkir algjör ákvörðunarfælni. Því þurfa stjórnvöld að taka af skarið og skera úr um hvernig þetta verði gert. Þetta segir Ragnar Sær Ragnarsson, framkvæmdastjóri Þjóðhags. Hann hefur kynnt hugmyndir um fastar afborganir á erlendum lánum, í félagi við Sverri Geirdal ráðgjafa.



**RAGNAR SÆR RAGNARSSON**

Eftir yfirtöku bankanna beindi ríkið þeim tilmælum til banka að skuldurum yrði boðið upp á frystingu erlendra húsnæðislána í fjóra til sex mánuði. Ragnar telur að þetta hafi verið nauðsynlegt, því annars væru afborganir um tvöfalt hærri en áður.

„En fólk er mjög kvíðið fyrir því sem tekur við þegar frystingu lánanna lýkur. Sumir hafa mælst til þess að erlend lán einstaklinga verði felld niður að einhverju leyti og að skattar verði hækkaðir sem því nemur, en við teljum það ekki ganga upp. Það vantar allt jafnræði í þá hugmynd,“ segir Ragnar.

Hugmynd þeirra Sverris er afar einföld. Hafi skuldari tekið lán sem gerði ráð fyrir um 120.000 króna afborgunum á mánuði, verður sú upphæð hækkuð um næstum 40 prósent og í 168.000 á mánuði, en vegna gengishrunsins gæti greiðslan numið allt að 220.000 krónum að óbreyttu. Með þessu væri hægt að halda láninu í horfinu, það er greiða vextina. Það sem eftir stendur bættist svo fyrir aftan lánið svo það lengdist í því; afborgunum slegið á frest. Nái gengið svo aftur fyrri hæðum nýttist umframgreiðslan til að stytta lánið að nýju.

„Þetta er sáraeinfalt og gæti dugað fyrir um 70 prósent lántakenda. En þetta þarf að vera samræmd ákvörðun. Ríkið þarf að koma að þessu. Auðvitað gæti ríkið komið með einhverja aðra hugmynd og við skorum á stjórnvöld að gera það. Okkar leið er hins vegar mjög auðveld, því þetta er bara kerfisbreyting. Það er ákveðin skuldbinding sem fylgir þessu, en þetta er afar auðvelt í framkvæmd,“ segir Ragnar.

Teygjulánsleiðin komi í veg fyrir sveiflur vegna gengis og tryggi þannig bönkunum reglulegar greiðslur, sem auðveldar þeim að fjármagna sig.

klemens@frettabladid.is

### JAFNGREIÐSLUR AF ERLENDUM LÁNUM




| | Áður | Núna | Eftir teygju |
|---|---|---|---|
| **Greiðsla** | 120.000 | 220.000 | 168.421 |
| **Höfuðstóll** | 20.000.000 | 35.964.912 | 36.016.451 |
| **Lánstími** | 29 ár | 29 ár | 29,08 ár |

Þorgerður segir frestun menntamálanefndar dæmi um aukið mikilvægi Alþingis:

# Kannast ekki við uppreisnina

**FJÖLMIÐLAR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra tekur ekki undir að menntamálanefnd hafi gert uppreisn gegn sér þegar hún frestaði afgreiðslu hluta frumvarps hennar um RÚV.

„Ég tók það fram að ef þingið hefði betri leiðir til að ná þessu markmiði þá væri það þingsins. Frekar en að nálgast þetta svona, að þetta sé uppreisn, tel ég að við séum að fara inn í nýja tíma þar sem löggjafarvaldið skiptir meira máli. [...] Þess vegna styð ég að menn tengi saman auglýsingaumsvif Ríkisútvarpsins og lög um fjölmiðla. Ég held að þetta hafi verið illskásta leiðin í tímapressu fyrir jólin. Menn munu skoða þetta áfram, en ég hef ekki breytt þeirri skoðun minni að hlut Ríkisútvarpsins á að takmarka á þessum markaði,“ segir hún. Allir hafi skoðanir á RÚV og því best að ná sem mestri samstöðu um það.

Menntamálanefnd samþykkti þó að svokallað útvarpsgjald yrði lagt á næstum alla landsmenn, nema til dæmis fjármagnseigendur. Hvers vegna?

„Þessi leið er í samræmi við hvernig er borgað í framkvæmdasjóð aldraðra. Það er álitamál [hverjir eigi að borga þessi gjöld] og hefði mátt athuga það mín vegna, en það var farið í þá fyrirmynd sem var til og ef við ætlum að breyta skattheimtu þurfum við að gera það frá breiðari sjónarhóli en bara frá Ríkisútvarpinu. Þá þurfum við að taka upp alla skattalöggjöf.“ **- kóþ**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra segir að menntamálanefnd hafi ekki gert uppreisn gegn sér vegna frestunar á hluta RÚV-frumvarpsins.






# JÓLAVÖRUTILBOÐ!

# 20-60%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM JÓLAVÖRUM!

**Jólatré**
Virkilega fallegt og þétt jólatré. Fáanlegt í tveimur stærðum.
Hæð: 150 sm.
Áður **7.990,-**
Nú **3.990,-**
Hæð: 180 sm.
Áður **9.990,-**
Nú **5.990,-**

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

HÆÐ 150 SM. ÁÐUR 7.990-
**3.990,-**

**CLAUS jólakappar**
Fallegir hvítir jólakappar með kertamynstri og jólasveini á sleða. Efni: 100% polyester. Kappi 45 sm. áður **399,-** Nú **299,-** Kappi 60 sm. áður **499,-** Nú **399,-**

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

BREIDD 45 SM.
**299,-**

25% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 1.990,-
**1.490,-**

**Jólakirkja**
Falleg jólakirkja með með ljósum sem lýsa út um gluggana.

50% AFSLÁTTUR

1 STK. ÁÐUR 990-
**499,-**

**Sprittkertastjakar**
Sætir jólasveina- og snjókarlakertastjakar undir sprittkerti.

50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 3.990,-
**1.990,-**

**100 ljósa grýlukertasería**
Flott 100 ljósa grýlukertasería. Hægt tengja nokkrar saman.

25% AFSLÁTTUR

**Jólasælgætisskál**
Falleg jólasælgætisskál með ljósum. Ljósin ganga fyrir rafhlöðum.

ÁÐUR 1.990,-
**1.490,-**

60% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 1.990,-
**790,-**

**Jólalest**
Jólalest með LED ljósum. Ljósin ganga fyrir rafhlöðum.

50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 990,-
**499,-**

**Jóladiskar**
Flottir jóladiskar undir smákökurnar eða jólakonfektið. Hægt að fá með jólasveini eða snjókarli.

50% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 1.490,-
**745,-**

**Jólahjarta með LED ljósi**
Fallegt, svart jólahjarta með 10 LED ljósum.

KOMDU Í RÚMFATALAGERINN OG GERÐU GÓÐ KAUP!

50% AFSLÁTTUR

60 LJÓSA ÁÐUR 7.990,-
**3.990,-**

**STARLIGHT jólaseríur**
Glæsilegar 60 ljósa STARLIGHT jólaseríur sem þola vel íslenskar aðstæður. Komdu og gerðu góð kaup!

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

50% AFSLÁTTUR

**GLEÐILEG JÓL náttbuxur**
Mjúkar náttbuxur með jólamynstri og íslenskri áletrun. Barnastærðir: 4-14 ára áður **1.690,-** Nú **990,-**
Fullorðinsstærðir: S - XXL áður**1.990,-** Nú **990,-**

ÁÐUR ALLT AÐ 1.990,-
**990,-**

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Í hvaða borgum verða sendiherrabústaðir seldir, samkvæmt tillögum meirihluta fjárlaganefndar Alþingis?*
2. *Hverju hentu mótmælendur á Austurvelli í Alþingishúsið á laugardaginn?*
3. *Hvað heitir ungi íslenski handknattleiksmaðurinn sem genginn er til liðs við Þýskalandsmeistara Kiel?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Kurr á meðal Akurnesinga vegna hækkunar fargjalda í strætisvagna:

# Fargjöld til Reykjavíkur hækka

**AKRANES** Mikil hækkun verður á fargjöldum í strætisvagna á milli Akraness og Reykjavíkur frá og með 2. janúar næstkomandi. Stakt fargjald hækkar um 200 prósent, úr 280 krónum í 840 krónur. Tímabilskort hækka minna.

Kurr er í Akurnesingum með þessa hækkun og varð hann til þess að Gísli S. Einarsson bæjarstjóri og Karen Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, héldu fund með bæjarbúum um síðustu helgi.

Gísli segir að óhjákvæmilegt hafi verið að hækka fargjöldin. „Leggurinn frá Grundahverfi til Akraness kostar 33 milljónir króna. Nú þurfum við að greiða helminginn af þeirri upphæð, sem er eðlilegt. Það þýðir að við verðum að hækka gjaldskrána sem þessu nemur.“



**AKRANES** Akurnesingar eru margir hverjir óánægðir með mikla hækkun fargjalda í strætisvagna til Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Gísli segir að ferðir á milli Kjalarness og Akraness hafi verið tilraun. Mun meiri aðsókn hafi verið í þær en búist hafi verið við. „Það lá alltaf fyrir að þetta var tilraunaverkefni. Nú greiðir sveitarfélagið niður 1/3 af leiðinni þannig að heildarhækkun verður tvöföld en ekki þreföld.“

Tveggja vikna kort kostar eftir hækkun 7.000 krónur, eins mánaðar kort 11.200, þriggja mánaða 25.400 og níu mánaða 61.000 krónur. „Ferðin kostar þá ekki nema 162 krónur,“ segir Gísli, og vísar til þess að farið sé fram og til baka alla virka daga. **- kóp**

SA-Evrópulönd og ESB:

# Grannadeila tefur viðræður

**BRUSSEL, AP Evrópumálaráðherra Frakka, sem nú gegna formennskunni í Evrópusambandinu, hefur hvatt Króata og Slóvena til að leysa landamæradeilu sína; að öðrum kosti kunni deilan að tefja fyrir inngöngu Króatíu í ESB.**

**Slóvenar beittu neitunarvaldi á ráðherrafundi í Brussel á föstudag gegn því að aðildarviðræðum við Króata yrði hraðað. Framkvæmdastjórn ESB hefur sagt að unnt kunni að vera að ljúka viðræðum við Króata fyrir árslok 2009. Stækkunarmálastjórinn Olli Rehn hefur sagt að Ísland kynni að veita Króatíu harða keppni um að verða 28. ESB-ríkið, sæki það fljótlega um. - aa**








**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Útboð ríkisvíxla sem haldið var í Seðlabanka fyrir helgi gekk vel. Víxlar seldust fyrir yfir 70 milljarða, en þeir eru á gjalddaga skömmu eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ríkisvíxlar runnu út

**Góð þátttaka var í útboði ríkisins á víxlum fyrir helgi. Víxlar seldust fyrir yfir 70 milljarða króna. Fjárfestar vilja festa fé til skamms tíma, segir sérfræðingur. Bréf fyrir yfir 130 milljarða króna falla í gjalddaga á næsta rúma árinu.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ríkinu hlýtur að vera létt fyrst þetta gekk svona vel,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur í Greiningu Glitnis.

Ríkisvíxlar í tveimur flokkum voru seldir á föstudag fyrir yfir 70 milljarða.

Annar flokkurinn er með gjalddaga í janúar og þar seldust bréf fyrir 36,5 milljarða króna. Hinn er á gjalddaga í mars og þar seldist fyrir ríflega 37 milljarða króna.

„Þetta sýnir að menn vilja vera í stuttum pappírum um þessar mundir,“ segir Jón Bjarki.

Hann hafði áður vakið máls á að dræm þátttaka í skuldabréfaútgáfum ríkisins hlyti að vera því áhyggjuefni. Einnig hafði hann bent á að yfir helmingur fjármagnseigendanna væri erlendur.

Skuldabréf fyrir um 100 milljarða króna voru á gjalddaga í mánuðinum. Bréf voru gefin út á móti, en aðeins var tekið tilboðum fyrir um þrjátíu milljarða króna. Við þetta þurfti að greiða út af viðskiptareikningum ríkisins hjá Seðlabankanum og lækkaði staðan þar úr ríflega 163 milljörðum króna í um 100, eftir því sem næst varð komist.

Um helmingur skuldabréfaútgáfunnar sem var á gjalddaga um miðjan mánuðinn var fólginn í lánum til svonefndra aðalmiðlara, en bankarnir þrír sem féllu voru í þeim hópi.

Björgvin Sighvatsson hjá alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands benti á að á bak við verðbréfalánin væru tryggingar. „Sumar af þessum tryggingum eru öruggar, aðrar ekki. Þar sem gömlu bankarnir þrír gátu ekki skilað til baka bréfum sem þeir fengu lánuð í flokknum getur ríkissjóður gengið að tryggingunum sem bankarnir höfðu lagt fram.“

Hann sagðist ekki geta sagt hversu langt tryggingarnar næðu upp í flokkinn en hluti þeirra er í formi óvarinna bankabréfa. Óvissa er um verðmæti þeirra. Fjármálaráðuneyti tjáir sig ekki um heimtur.

Seðlabanki og fjármálaráðuneyti hafa bent á að ríkissjóður eigi háar fjárhæðir í lausu fé og hafi því burði til að mæta stórum gjalddögum skuldabréfa. Bréf fyrir yfir 130 milljarða falla í gjalddaga á næsta rúma árinu, auk víxlanna í janúar og mars.

ingimar@markadurinn.is


Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



TOYS R US

# LOKASPRETTURINN TIL JÓLA

# -25%

# AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRAM Á AÐFANGADAG

KÓPAVOGUR SMÁRATORG 3. SÍMI 550 0800
REYKJAVÍK, KORPUTORG. SÍMI 585 0600
AKUREYRI GLERÁRTORG. SÍMI 461 4500




Evrópusambandið útvíkkar aðildarviðræður við Tyrkland:

# Viðræðum fram haldið

**BRUSSEL, AP** Evrópusambandið hefur samþykkt að bæta tveimur nýjum málefnasviðum við aðildarviðræðurnar við Tyrki.

Franski Evrópumálaráðherrann Bruno Le Maire greindi frá því að banka- og fjölmiðlamál bættust nú við þau tíu svið sem áður höfðu verið hafnar viðræður um. Alls er aðildarviðræðum skipt niður í rúmlega þrjátíu málefnasvið.

Það er ekki hlaupið að því fyrir land eins og Tyrkland að uppfylla aðildarskilyrði ESB, enda er gert ráð fyrir að aðildarviðræðurnar taki minnst fimm ár til viðbótar. Þær hófust árið 2005 en lágu niðri um hríð vegna deilna um Kýpur og mannréttindamál.



**LANGT FERLI** Aðildarviðræður við Tyrki eru sagðar taka minnst fimm ár enn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ali Babacan, Evrópumálaráðherra Tyrklands, skoraði á ESB að hvika ekki frá því markmiði að viðræðunum lykti með fullri aðild Tyrklands að sambandinu. - aa



**HEIMKOMU BEÐIÐ** Nadja Dizdarevic beið á þriðjudaginn heimkomu eiginmanns síns á flugvelli Sarajevóborgar, ásamt börnum þeirra. Eiginmaðurinn, Boudella Al Hajj, var einn þriggja sem látinn var laus úr Guantanámobúðunum í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

# Búa sig undir skjóta lokun

**Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur fengið það verkefni að hraða undirbúningi að lokun Guantánamo-búðanna. Þrír Bosníumenn látnir lausir.**

**BANDARÍKIN, AP** Robert Gates, varnarmálaráðherra í ríkisstjórn George W. Bush, hefur beðið starfsfólk sitt í varnarmálaráðuneytinu um að búa sig betur undir hugsanlega lokun Guantánamo-fangabúðanna á Kúbu.

Gates verður áfram varnarmálaráðherra þegar Obama tekur við í janúar, en Obama hefur sagt að það verði forgangsverkefni sitt að loka þessum illræmdu fangabúðum.

Nú í vikunni var einn fangi látinn laus úr búðunum eftir nærri sex ára vist þar. Mustafa Ait Idr heitir hann, er 38 ára gamall bosnískur ríkisborgari en upprunalega frá Alsír.

Hann segir að sér hafi verið misþyrmt og hann verið niðurlægður meðan á fangavistinni stóð. „Ekkert er verra en það,“ sagði hann í viðtali við sjónvarpsstöðina Hayat eftir að hann kom til Bosníu á þriðjudag, og fullyrti að Guantánamo-búðirnar væru versti staður sem hægt væri að ímynda sér.

Hann segir einn fingra sinna hafa verið brotinn í yfirheyrslum og að fangaverðir hafi lítilsvirt Kóraninn, hina helgu bók múslima, með því að kasta honum inn á salerni, rífa blöð úr honum og setjast á hann.

„Þeir misþyrmdu okkur, ekki vegna þess að við værum hryðjuverkamenn heldur vegna þess að við erum múslimar,“ segir hann.

Ait Idr var handtekinn í Bosníu árið 2001 ásamt tveimur öðrum Bosníumönnum, sem einnig voru fæddir í Alsír. Þeir voru grunaðir um að hafa ætlað að gera sprengjuárás á bandaríska sendiráðið í Sarajevó. Í ársbyrjun 2002 voru þeir fluttir til Guantánamo, en Bandaríkjastjórn segir nú að engar þær sannanir séu fyrir hendi sem myndu duga til að sakfella þá.

Það var Richard J. Leon, héraðsdómari í Bandaríkjunum, sem í nóvember kvað upp þann úrskurð að mennirnir þrír, ásamt tveimur öðrum Alsírmönnum, skyldu látnir lausir. Hann segir að einu vísbendingarnar um tengsl þeirra við hryðjuverkasamtökin Al Kaída komi frá einum heimildarmanni, sem ekki er nafngreindur. Sú heimild geti engan veginn talist trúverðug ein og sér.

„Meira að segja Bandaríkjamennirnir sögðu mér: Við vitum ekki hvers vegna þú ert hérna,“ sagði Ait Idr, og sagðist vonast til þess að Barack Obama léti fljótlega loka þessum fangabúðum.

gudsteinn@frettabladid.is






# Gleðileg jól!







TILBOÐ

**Leiðiskross**



**Litir:**
hvítur
**blár**
og rauður

með ljósi og
gengur
fyrir rafhlöðum

**2950kr**

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**Opnunartími**
**um jólin**
þorláksmessa
opið til 23.00
aðfangadagur
opið til 14.00
lokað jóladag
og annan í jólum
**Opnað aftur**
27. des. kl. 12.00



**SKJALDBORG UM JÓLATRÉ** Grískir óeirðalögreglumenn slá skjaldborg um jólatré í miðborg Aþenu til að varna því að skemmdarvargar í hópi mótmælenda kveiki í því. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bílaframleiðsla vestanhafs:

## Kanadastjórn veitir neyðarlán

**KANADA** Stjórnvöld í Kanada og í Ontario-fylki hafa ákveðið að veita kanadískum dótturfyrirtækjum bandarískra bifreiðaframleiðenda neyðarlán að upphæð fjóra milljarða kanadadala, andvirði yfir 480 milljarða króna.

Tilkynningin kemur í kjölfar loforðs Bandaríkjaforseta, George W. Bush, um að veita 17,4 milljörðum Bandaríkjadala í neyðarlán til General Motors og Chrysler.

Bifvélaiðnaður Kanada skapar um 14 prósent af framleiðslu landsins og 23 prósent af vöruútflutningi. Um 150.000 Kanadamenn hafa atvinnu af iðnaðinum. Fyrirtækin munu fá lánin í þremur greiðslum og mun sú fyrsta verða innt af hendi 29. desember næstkomandi að því gefnu að fyrirtækin samþykki þau skilyrði sem stjórnvöld setja upp. - hs

# Lánshæfi Landsvirkjunar er metið lakara en ríkisins

**Landsvirkjun fær ekki lánafyrirgreiðslu erlendis, segir forstjóri. Lánshæfiseinkunn fyrirtækisins hefur verið lækkuð og er nú metið lakara en ríkisins. Vafi leikur á nýrri langtímafjármögnun fyrirtækisins.**

**ORKUMÁL** Lánshæfismat Landsvirkjunar var fyrir helgi lækkað af Standard & Poor's. Lánshæfi fyrirtækisins er því metið lakara en ríkisins. Lækkunin er ekki talin hafa áhrif á fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir af forsvarsmönnum fyrirtækisins.


**FRIÐRIK SOPHUSSON**

„Það eru alltaf slæmar fréttir að fá slakari lánshæfiseinkunn þótt þetta hafi ekki bein áhrif á okkur á þessum tímapunkti. Landsvirkjun fær ekki bankalán erlendis þessa dagana frekar en nokkur annar, óháð þessari niðurstöðu," segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Spurður hvort matið hafi áhrif á áætlanir um uppbyggingu segir Friðrik að fyrirtækið hafi svigrúm til að ákveða hvenær ráðist sé í framkvæmdir og engar skuldbindingar séu um verkefni. „En við getum borgað af okkar lánum á næstu misserum, svo staða okkar er betri en margra annarra fyrirtækja. Það skiptir mestu."

Matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánshæfismat fyrirtækisins fyrir skuldbindingar í innlendri mynt á fimmtudag. Framtíðarhorfurnar eru sagðar neikvæðar og er lækkunin sögð endurspegla „þá skoðun okkar að eigandi Landsvirkjunar, íslenska lýðveldið, hafi minni getu en áður til að veita fyrirtækinu fjárhagslegan stuðning," eins og segir í tilkynningu.


**FRÁ BÚÐARHÁLSI** Sprengt var fyrir stöðvarhúsi Búðarhálsvirkjunar áður en framkvæmdum var frestað árið 2003.

Lækkuð lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar kemur einkum til vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs, en vegna ríkisábyrgðar breytist mat fyrirtækisins í takt við lánshæfismat íslenska ríkisins.

Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar, segir að lánshæfi fyrirtækisins innanlands sé nú það sama og í erlendri mynt. „Lánsfjárþörf Landsvirkjunar er að langstærstum hluta á erlendum markaði svo það er jákvætt að einkunn á erlendar skuldbindingar lækkar ekki. Ég myndi þess vegna fara varlega í að túlka það sem svo að þetta hefði veruleg áhrif á áætlanir Landsvirkjunar um uppbyggingu." Þessi niðurstaða S&P þýðir að lánshæfi Landsvirkjunar er lægra en ríkisins, að sögn Stefáns.

Fyrirtækið undirbýr nú fjórar virkjanir á Suðurlandi; Búðarhálsvirkjun og þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Takist ekki að tryggja langtíma lánsfjármögnun á næstu mánuðum gætu framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun tafist, en til stóð að hefja framkvæmdir snemma árs 2009. Kostnaður er áætlaður 25 milljarðar króna. svavar@frettabladid.is

Straumur fjárfestingabanki óskar þér
og þínum gleðilegra jóla & farsældar á nýju ári

Um þessi jól styrkir bankinn starfsemi Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða kross Íslands í stað þess að senda jólakort og gefa viðskiptamönnum gjafir. Á árinu sem er að líða hefur Straumur einnig styrkt Háskólann í Reykjavík og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Með þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.



Straumur

# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

## Við bjóðum **6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
**fylgir heilsurúmum frá Svefn og heilsu**
Lök, silkidamask sængurverasett og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**



## PROFLEX

### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 389.900.
Nú á jólatilboði kr. **331.415** stgr.

## S-CAPE
WALLHUGGER



### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.



### Ein besta heilsudýna í heimi

## IQ-CARE



**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

### Amerísku heilsudýnurnar frá

## Chiropractic®

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**

## Svefn & heilsa
★★★★★




**Teppasett 20-50% afsl.**

**Vinsælu sængurverasettin 20% afsl.**

**Húsgögn 20-50% afsl.**

**Heilsukoddar 20% afsl.**

**Nýir leðurgaflar og náttborð 20% afsl.**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

# Gleðileg

## Ferskt með flugi!

Bláber



Blæjuber



Trönuber



Jarðarber



Rifsber



Hindber



Brómber



Kirsuber



***Smjörsprautað kalkúnaskip***
*tilbúið beint í ofninn!*



## Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!



Tamarillo



Passion



Dreka ávöxtur



Guave



Granatepli



Ung kókoshneta



Stjörnuávöxtur



Ferskar fíkjur



Ramboutan



Broddmelóna

O
í kvöld
á morgu



*Hátíðarkaffi - frá Te & kaffi*




*Eðal ísterta - með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni*



*Smákökur - frá Jóa Fel*

Gildir á meðan birgðir endast.




# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**




Trönuberjasósa




Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

PIÐ
til 22:00
n til 23:00

## Villibráð í úrvali!







Créme Brulée

# Gæða hangikjöt

## í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**




**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## „ORÐRÉTT“

### *Kettir og kreppa*

**Það læðist að mér grunur um að kreppan hafi áhrif á aukinn áhuga fólks á köttum.**

SIGRÍÐUR HEIÐBERG Í KATTHOLTI
**Fréttablaðið 21. desember.**

### *Húðflúrið og mamma*

**Mamma hefur reyndar ekki verið neitt sérstaklega hrifin af þessu [húðflúrum] en hún hefur engan atkvæðisrétt í þessum efnum.**

GRÉTAR RAFN STEINSSON KNATTSPYRNUMAÐUR
**Morgunblaðið 21. desember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** NONNI QUEST, EIGANDI HÁRSNYRTISTOFUNNAR KRISTU-QUEST

# *Á bleiku skýi með nýfæddum syni*

„Ég er bara alveg ótrúlega hress. Ég og konan mín eignuðumst okkar fyrsta barn, lítinn strák, fyrir tveimur vikum og ég er enn þá í hálfgerðu móki. Maður svífur um á bleiku skýi,“ segir Nonni Quest, eigandi hársnyrtistofunnar Kristu-Quest í Kringlunni.

Sonur Nonna átti að fæðast á aðfangadag en lá greinilega á að komast í heiminn. Að sögn hins nýbakaða föður er þó ekki að sjá á drengnum að hann hafi fæðst tæpum þremur vikum fyrir tímann. „Þetta er stór og stæðilegur strákur, var 3,6 kíló og 53 sentimetrar og með hárgreiðsluna hans pabba síns þegar hann fæddist. Mikið hár og allt út í loftið. Ef hann hefði beðið einni viku lengur hefði hann örugglega líka fæðst með hökutopp,“ segir Nonni og skellir upp úr. Hann segir þó líkindi erfingjans við föður sinn enda þar. „Hann er mun fegurri en pabbi hans, sem betur fer. Fegurðina fær hann frá mömmu sinni.“



Nonni segir verkefnin á hársnyrtistofunni, sem hann rekur ásamt konu sinni, hafa hlaðist upp meðan fæðing sonar þeirra og umstangið í kringum hana fór fram. „Núna verð ég að standa vaktina fram að jólum. Það er ekki jafn mikið að gera í ár og var í fyrra, en síðustu jól voru líka algjör undantekning í þessum efnum.“ Nonni segir allt krepputal verða afstætt þegar lífsreynsla á borð við fæðingu frumburðarins er yfirstaðin. „Heilsa okkar nánustu skiptir öllu máli. Ég held að við ættum að reyna að hverfa aftur til sjöunda áratugarins í hugsun. Peace, love and happiness hefur sjaldan átt betur við en nú.“

## RJÓMAÍS
### SVALANDI GÓÐGÆTI



- Sagan segir að rjómaís hafi upphaflega verið fundinn upp af Kínverjum og Marco Polo hafi síðan flutt hugmyndina til Ítalíu. Kínverski ísinn samanstóð af snjó og sírópi.
- Árið 1775 kom fram einföld tækni sem gerði fólki kleift að frysta vökva. Frakkar voru fyrstir til að nýta sér tæknina og má því í raun segja að þeir hafi fundið upp rjómaísinn.
- Fyrsta fjöldaframleidda ísvélin til heimabrúks var framleidd í Bandaríkjunum stuttu síðar
- Ísgerð Mjólkursamsölunnar, síðar nefnd Emmessís hf., var stofnuð árið 1960. Níu árum síðar var fjölskyldufyrirtækið Kjörís stofnað í Hveragerði.

## SJÓNARHÓLL
### SKERT FJÁRFRAMLÖG TIL HÍ



**VIÐAR EGGERTSSON**
leikstjóri.

### *Gefa á fólki færi á að verða betra*

„Nú streymir fólk út á göturnar með uppsagnarbréf í höndunum. Það er mikilvægt að fólk brotni ekki niður og hverfi í híði sitt í myrkvuðum stofum heimila. Við erum öll ábyrg fyrir líðan þeirra og þetta má ekki gerast. Við eigum núna að efla menntastofnanir, opna skólastofur Háskóla Íslands sem og annarra menntastofnana. Gefa fólki tækifæri á að verða enn betra. Gefa fólki tækifæri á að finna nýtt og betra líf. Nú eigum við að virkja mannauðinn og hjálpa honum að eflast í nýjum átökum við nýja sýn. Ríkið stendur sig hörmulega og er að fremja hryðjuverk á íbúum landsins. Fyrst hendir það fólki út úr stofnunum sínum á götuna og setur það á atvinnuleysisbætur frá sjálfu sér! Neitar fólki um að vinna fyrir þeim launum (bótum) og til að bæta gráu ofan á svart, þá lokar það menntastofnunum sínum fyrir þessu sama fólki! Þjóðin á að setja hryðjuverkalög á svona ráðamenn.“

# Mótmælt á Þorláksmessu

**Á morgun, Þorláksmessu, eru 40 ár liðin frá því til átaka kom milli lögreglu og mótmælenda, sem mótmæla vildu aðför gegn réttinum til mótmæla tveimur dögum fyrr. Ganga átti til sendiráðs Bandaríkjanna og mótmæla þar stríðinu í Víetnam.**





**SVEINN RÚNAR HAUKSSON** Segir tök lögreglu á mótmælum nú ólíkt mildari en fyrir fjörutíu árum síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ ARNÞÓR



**ÆSKULÐÝÐSHREYFINGIN MÓTMÆLIR** Fjöldi mótmælafunda var haldinn 1968, meðal annars til að mótmæla NATÓ-fundi í háskólanum, kjaraskerðingu og atvinnuleysi og innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

„Þorláksmessufundurinn var haldinn til að árétta mannréttindi,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, sem var meðal frummælenda á mótmælafundi í Tjarnarbúð 21. desember 1968. „Fyrri fundurinn var haldinn til að mótmæla Víetnam-stríðinu. Ég tók því þannig að það væri líka verið að mótmæla NATÓ og veru hersins hér á landi,“ segir Sveinn Rúnar. Á fundinum var einnig bandarískur nemi sem hélt ræðu gegn stríðinu í Víetnam en það var Æskulýðshreyfingin og Félag róttækra stúdenta sem stóðu fyrir mótmælafundinum.

Þegar fundinum lauk átti svo að ganga fylktu liði að bandaríska sendiráðinu. „Þegar við komum af fundinum, þá var strax byrjað að handtaka fólk. Það var ekki einu sinni byrjað að stilla sér upp í neinar göngur við Tjarnarbúð. Það hófust bara strax handtökur og stimpingar. Ætli 15-20 hafi ekki verið handteknir, en öllum var svo sleppt fljótt. Handtökunum var frekar ætlað að trufla mótmælagönguna,“ segir Sveinn Rúnar.

„Slegizt í miðbænum“ sagði fyrirsögn í Alþýðublaðinu í frétt af átökunum. Ragnar Stefánsson, þá formaður Æskulýðsfylkingarinnar, og Sigurður A. Magnússon, þá ritstjóri, voru meðal þeirra sem handteknir voru og slasaðist Birna Þórðardóttir þegar hún fékk mótmælaskilti sem hún bar í höfuðið.

Sveinn Rúnar segir að á þessum tíma hafi verið uppi stefna sem var mótuð af NATÓ og lögreglustjórum NATÓ-ríkjanna um að taka hart á mótmælum. Það hafi til dæmis sýnt sig í mótmælunum í París. „Það eru ólíkt mildari tök á mótmælum nú en voru í þá daga,“ segir Sveinn Rúnar. „Það er erfitt að skilja núna af hverju fólki leyfðist ekki að fara í mótmælagöngu gegn Víetnam-stríðinu og að beit væri bareflum til að stöðva fólk í að tjá sín mótmæli.“

Vegna þess hvernig lögregla brást við væntanlegri mótmælagöngu frá Tjarnarbúð hinn 21. desember var kallað til annarra mótmæla í Sigtúni á Þorláksmessu 1968. „Það átti ekki að láta bjóða sér að mótmælagöngur væru bannaðar,“ segir Sveinn Rúnar. Mun fleiri mættu í Sigtún en á fundinn tveimur dögum fyrr, enda síðari fundurinn haldinn með stuðningi verkalýðshreyfingarinnar. „Gengið var frá Austurvelli og átti að fara upp Bankastræti, en gangan var stöðvuð við horn Lækjargötu og Austurstrætis.“

Samkvæmt Þjóðviljanum gekk fólk með kröfuspjöld sem á stóð meðal annars: „Atvinna fyrir alla“ , „Þökk fyrir jólagjafirnar, Bjarni“, „Hverjir halda næstu jól í Breiðholti?“ og „Ríkisstjórnin segi af sér“. „Það var ekki ólíkt ástand í samfélaginu þá og núna, nema það var miklu meira atvinnuleysi, kjaraskerðing og gengisfelling en nú er orðið,“ segir Sveinn Rúnar.

Hann segist sjá fyrir sér möguleikann á að lögreglan bregðist við nú, eins og þá „en það er eitthvað sem lögreglumennirnir sjálfir bera ekki ábyrgð á. Stefnan er ákveðin af yfirvöldum.“ Honum hafi þó fundist lögreglan í Reykjavík hafa komið vel fram miðað við aðstæður. „Það sama á við um mótmælendur, sem hafa haldið sig við hefðir friðsamlegra mótmæla. Það er mjög mikið atriði að fólks sé ekki að meiða hvað annað. En þetta getur breyst, þessar aðgerðir geta harðnað.“

Sveinn Rúnar segir réttinn til að mótmæla mikilvægan, sem og málfrelsið og fundarfrelsið. „Það var það sem átökin í kringum Þorláksmessu 1968 snerust um, að árétta þessi mannréttindi. Nú fjörutíu árum síðar erum við einmitt að minnast þess að fjörutíu ár eru liðin frá því að mannréttindayfirlýsingin var samþykkt.“

svanborg@frettabladid.is



# nettó

Allt í matinn á einum stað

*...gott að grípa í*




**LA BOTTEGA**
MOZZARELLA & PESTO
SPECIALE
PEPPERONI CLASSICO, 385g

**299** kr/pk.

## ÍTALSKT & FLJÓTLEGT




**SOLOS**
MARGHERITA, 2 Í PAKKA
PEPPERONI, 2 Í PAKKA

**199** kr/pk.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 22. - 24. DESEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
Kíktu á tilboðin á www.netto.is

KEA
*Klikkar ekki!*

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Nú tekur við jóla- og áramótahald og áhyggjum af framtíðinni vonandi sem víðast slegið á frest.

# Óþol gæti aukist að hátíðahaldi loknu

**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SRIFAR**

Furðu vekur að fjögur af fimm stærstu sveitarfélögum landsins skuli kjósa að láta kröfur sínar á hendur einstaklingum í hendurnar á innheimtufyrirtækjum á borð við Intrum eða Momentum.

Frá þessu greindi í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær. Einungis Hafnarfjörður tekur annan pól í hæðina. Þar á bæ hafa menn komist að því að hagkvæmara sé að sveitarfélagið annist innheimtuna sjálft. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri lýsti í fréttinni jafnframt öðrum sjónarmiðum sem hljóta að vega jafnþungt í það minnsta og hagkvæmnissjónarmiðin. Hann bendir á að hjá sveitarfélögunum sé að ræða alls kyns viðkvæma innheimtu, svo sem vegna félagsíbúða, skólamáltíða og annars. „Þetta er vandmeðfarið og við viljum stýra því hvernig meðferð hvert mál fær,“ segir hann og bendir á að taka kunni tillit til sérstakra aðstæðna og þá henti ekki að búa til fjarlægð milli sveitarfélagsins og skuldarans með því að fyrirtæki úti í bæ hafi milligöngu um innheimtuna.

Viðhorfi Hafnarfjarðarbæjar ber að fagna, enda lýsir það ábyrgri og mannlegri stjórnsýslu. Nú sem aldrei fyrr ríður á að ekki sé farið offari í innheimtu skulda fólks og þar ættu opinberar stofnanir að fara á undan með góðu fordæmi, í stað þess að ganga á undan í hugsunarlausri og harðneskjulegri innheimtu.

Auðvitað á fólk að standa skil á sínu og greiða til samfélagsins eftir settum reglum. Sveitarfélög hafa hins vegar alla burði til að annast sín innheimtumál sjálf og eiga ekki að þurfa að nýta sér innheimtuþjónustu úti í bæ. Nægir aðrir eru til þess. Opinberar skuldir eiga ekki að fara í sama ferli og kröfur vídeóleigna sem nota milligöngufyrirtæki til að hrella meinta skuldara.

Á næstu vikum rennur út uppsagnarfrestur hjá fjölda fólks og um leið hætt við frekari vandkvæðum fyrirtækja sem hér berjast við að halda sjó í vaxtapíningu og óvissu um framtíð gjaldmiðilsins. Því er fyrirséð að æ fleiri lendi í því að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og um leið fari óánægja mjög vaxandi í samfélaginu og óþol yfir getuleysi stjórnvalda til að marka skýra stefnu til framtíðar. Í slíku árferði þarf ekki mikinn neista til að friðsamleg mótmæli vindi upp á sig.

Þrír mánuðir eru liðnir frá hruni bankakerfisins og tími kominn til að mörkuð verði leiðin út úr þeim vandræðum sem þjóðin hefur ratað í. Þar hlýtur að vera líklegust til að afla þjóðinni trausts á ný að taka upp aukið samstarf við aðrar Evrópuþjóðir og sækja þangað bæði umgjörð og bakland handa íslenskum iðnaði að starfa í. Í þessum efnum eigum við að líta til reynslu nágrannaþjóða okkar og læra af reynslu þeirra og kannski ekki síður mistökum.

Á morgun er Þorláksmessa og við tekur jóla- og áramótahald með góðum fríum sem fólk nær vonandi að nýta sér til að safna kröftum fyrir baráttuna sem í hönd fer. Á fyrstu vikum næsta árs fer svo fyrir alvöru að reyna á langlundargeðið í bið eftir svörum og stefnu til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þorláksmessuskatan

Ef eitthvað er hefur áhugi Íslendinga á þjóðlegum siðum vaxið í fjármálaþrengingum undanfarinna vikna. Sala á íslenskri framleiðslu og hönnun hefur sótt mjög í sig veðrið og íslenskar bækur seljast nú sem aldrei fyrr. Þá hefur áhugi á íslenskum matarhefðum glæðst að nýju. Síðastliðið haust þótti það beinlínis svalt að taka slátur og jólasmákökubakstur þykir ekki lengur merki um að fólk hafi ekkert betra að gera fyrir jólin. Því verður spennandi að sjá hvort einhver met verði slegin í skötuáti landsmanna á morgun, Þorláksmessu.



### Bjartari tíð

Vetrarsólstöður voru í gær, 21. desember. Nánar tiltekið fór daginn að lengja klukkan 12.04 í hádeginu í gær. Í dag njóta flestir Íslendingar því dagsbirtunnar hátt í mínútu lengur en í gær. Það er ágætt, svona mitt í öllu svartnættinu, að ofurskuldir, bankahrunið, vaxtahækkanir, fjármálakreppan, Icesave-reikningar, og hvað þetta kallast nú allt saman geti ekki haft áhrif á hækkandi sól. Að minnsta kosti ekki enn þá.



### Flokkar án fata

Þingmenn stefna á að komast í jólafrí í dag eða á morgun. Eins og svo oft áður fyrir þinghlé hafa fundir Alþingis þessa vikuna staðið lengur en jafnan gerist. Þá fundaði Alþingi á laugardaginn þegar nokkur galsi hljóp í þingmenn sem fóru meðal annars, mitt í umræðum um eftirlaun, að tala um nærföt og meint nærfataleysi. Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, sagði Samfylkinguna hafa skilið Sjálfstæðisflokkinn eftir á nærbrókinni. Síðar tók hún svo enn dýpra í árinni þegar hún sagði Samfylkinguna rassskella samstarfsflokkinn á beran bossann.

**olav@frettabladid.is**

# Frumglæði ljóssins



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Jólin

Ég lenti í rökræðum um daginn við yngri dóttur mína um það hvort jólasveinarnir „væru til“. Við vorum að koma af fjölskyldutónleikum Sinfóníunnar og ég sveif enn á þeim vængjum sem Barbara trúður hafði smíðað handa okkur og vildi endilega halda fram þessari firru. Ein sönnunin hjá mér var sú sem ég hef stundum notað til að sanna tilvist Guðs: það er alltaf verið að tala um þá – og þar með eru þeir til sem slíkir.

**Hið sama gildir um Guð**

Þó að Guð væri ekki nema hugmynd, táknmynd, líking – þá er Guð að minnsta kosti til sem slíkur. Og þar með orðinn einhvers konar afl í lífi okkar. Margt fólk telur hann vera virkt afl í lífi sínu – nokkurs konar „raun-Guð“ á þönum við að uppfylla þarfir – og margir eru líka hinir sem telja hann óvirkan, ekki beinlínis til en samt einhvern veginn „til“.

**Guð**

Samt til. Einhvern veginn. Hvernig? Er hann í mannsmynd eða steinn? Er hann fjall, fugl eða hestur? Er hann ósýnilegt afl eða sýnilegur? Er hann í auga barnsins, niði lækjarins, snjókorninu sem bráðnar? Er hann í gaddavírnum amma?

Í augum sumra er Guð önuglynd og afskiptasöm karlvera en öðrum er Guð frjósöm gyðja sköpunar og eyðingar.

Guð sumra er síreiður smámunapési og umhverfist ef glittir í kvenveru undan svörtum kufli eða samkynja fella hugi saman eða ruglast á áttinni til Mekka.

Guð annarra er síblíður. Skilur allt, þekkir allt, umber allt – en gerir ekkert. Guð enn annarra er margskiptur: samfélag sundurleitra goðmagna sem togast á um afdrif mannanna, snatta þeim til og frá eða bjarga þeim úr bráðum háska...

Mennirnir hafa sem sé löngum haft ríka þörf fyrir að trúa því að til sé vitund í alheiminum. Okkur finnst eins og bak við blómið sem sprettur, strauma hafsins og það hvernig kattarrófan hlykkjast hljóti að vera ráðagerð, jafnvel handleiðsla og gott ef ekki hreinlega kærleikur. Þessi þörf fyrir tilbeiðslu æðri afla, átrúnað á eitthvað sem ofar er talið mannlegum skilningi – þetta er innbyggð tilfinning fyrir samhengi tilverunnar og stað sínum í alheiminum.

Um hríð hefur Markaðurinn skipað sess Guðs hér á landi og svokölluð lögmál hans verið talin algild. Hann er meira að segja þríeinn: Eignarétturinn, hagvöxturinn og neyslan. Auglýsingatímarnir eru bænastundirnar. Textasmiðirnir og kvikmyndagerðarmennirnir eru Hallgrímur Pétursson og Michelangelo okkar daga. Boðorðin: eyddu, neyttu, kauptu...

**Frelsi mannanna**

Mér fyndist gott ef fólk gæti séð Guð út um gluggann. Ég held að farsælla sé fyrir fólk að sjá Guð – til dæmis í stokkum og steinum – en að tileinka sér trú á hann í framandi veruleika. Trúarþörf fólks ætti að finna sér farveg sem er í áreynslulausu samræmi við náttúru og landkosti þar sem það býr svo að það sýni náttúrunni og umhverfinu þá virðingu sem er nauðsynleg forsenda lífsins á jörðinni, byggi hús sín í sátt við form náttúrunnar, yrki jörðina af hófsemd, veiði skynsamlega, deili gæðum hennar réttlátlega.

Mér hefur aldrei gengið vel að lifa mig inn í ævintýrin frá miðausturlöndum um Abraham og Söru og allt það eyðimerkurfólk á úlföldum. Ég get með engu móti skilið hvers vegna menn um allar jarðir telja sig þurfa að snúa í átt til Mekku eða líta svo á að Jerúsalemborg sé á þeirra vegum og jafnvel þeim til ráðstöfunar fremur en fólkinu sem þar býr eins og ógurlegustu trúfíflin telja. Ég klökkna hins vegar gagnvart voldugum fossi eða eyrarrós á blásnum mel. Þá finn ég ómræðilegt afl einhvers staðar innst í sjálfum mér, og þá finnst mér jafnvel að ég kunni að vera skapaður af sama efni og þessi undur og að ef ég vandi mig við líf mitt eigi ég hugsanlega kost á því að verða einhvers konar jafnoki eyrarrósarinnar á melnum. Þrátt fyrir allt.

Og svo koma jól. Mitt í kvíðanum og reiðinni sem gagntekið hefur okkur hér við ysta haf vegna þess hve vondir menn hafa sólundað fé og orðspori þjóðarinnar erum við minnt á undrið mesta og besta: sólin rís. Í dag gerist kraftaverkið – sólin rís. Ljósið kemur, þar með sitt frumglæði. Og þjóðin sem meinvill í myrkrum markaðstrúarinnar lá finnur á ný frelsisins lind og tekst á við verkefnin sem dagurinn færir henni. Gleðileg jól.

# Krakkar sem kvíða jólunum

**UMRÆÐAN**

Kolbrún Baldursdóttir skrifar um jól í skugga alkóhólisma



**KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR**

Margir fullorðnir muna vel eftir þeirri notalegu tilfinningu þegar þeir voru börn að hlakka til jólanna. Ákveðinn hópur barna hlakkar hins vegar ekki til jólanna heldur kvíðir þeim; það eru börn þeirra foreldra sem eiga við alvarleg vandamál að stríða, til dæmis áfengisvandamál. Í aðdraganda jóla og á jólunum sjálfum líður barni alkóhólistans oft illa. Ástand foreldris sem á við drykkjuvanda að stríða og aðstæður sem það skapar veldur því að dýrðarljómi hátíðarinnar fær á sig gráan blæ og tilhlökkunin verður kvíðablandin.

Sum þessara barna hafa lifað mörg jól þar sem drykkja foreldris hefur sett svartan blett á hátíðina og óttast að ástandið verði eins um þessi jól. Mörgum börnum alkóhólista hefur verið kennt með beinum eða óbeinum hætti að um þetta megi ekki tala. Í sumum fjölskyldum þar sem alkóhólisminn kraumar er lögð áhersla á að allt líti vel út á yfirborðinu.

Þess á milli sem kvíðahnúturinn herpist við tilhugsunina um hvort mamma eða pabbi verði drukkin um jólin, reyna börnin að gleyma sér og taka þátt í jólastemningunni. Óhjákvæmilega bera þau heimilislíf sitt saman við heimilislíf t.d. vina sinna þar sem sambærilegur vandi er ekki til staðar. Þau horfa á fölskvalausa gleði og tilhlökkun hjá þeim og óska þess að þau geti líka hlakkað áhyggjulaus til jólanna. Við svo óhagstæðan samanburð upplifa börn alkóhólistans eigin örlög enn bitrari. Tilfinning á borð við skömm, vanmátt og vonleysi grípur um sig og þau spyrja sig hvort þau beri jafnvel ábyrgð á ástandinu.

Ég bið foreldra sem kunna að eiga við áfengisvanda að stríða og foreldra sem eiga maka sem eru alkóhólistar að setja sig í spor barna og ímynda sér hvernig það er að vera barn sem finnur til kvíða í stað tilhlökkunar þegar jólin nálgast. Sé vandinn einvörðungu hjá öðru foreldrinu er ábyrgð þess foreldris sem ekki drekkur mikil. Það er einmitt á valdi þess foreldris að skapa börnum sínum öruggar aðstæður þar sem þau geta átt áhyggjulausa tilveru hvort heldur um jól eða á öðrum tímum. Minningar um jól, hvort heldur góðar eða slæmar, eru minningar sem lifa.

*Höfundur er sálfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# JÓLATILBOÐ

20% AFSLÁTTUR af öllum sængurfatnaði til jóla

**JÓLATILBOÐ**
Sængurver frá
**4.240 kr.**



**BESTU KAUPIN!**
**KAUFFMANN**
600 g dúnsæng (140x200)
Verð 37.300 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**29.840 kr.**
**7.460 kr. AFSLÁTTUR!**

**AVERY**
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**99.500 kr.**
**= 55.500 kr. AFSLÁTTUR!**

# REKKJUNNAR

## HINN FULLKOMNI SVEFN

Þegar ná á fullkomnum svefni þarf að huga vel að koddanum. Rekkjan býður eitt mesta úrval landsins af vönduðum heilsukoddum sem styðja vel við höfuð, háls og herðar. Hjá okkur færðu heilsukodda úr hágæðalatexi, þrýstijöfnunarsvampi og dún svo að eitt-hvað sé talið. Erum einnig með hinn margrómaða „3 in 1" heilsukodda, dúnkodda sem fylltur er með latexi, þrýstijöfnunarsvampi eða hvoru tveggja.

**MELODY (2 in 1)**
Heilsukoddi. Latex og þrýstijöfnunarsvampur
Verð 14.900 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**11.920 kr.**

**RENEWAL LOW**
Heilsukoddi
Verð 13.900 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**11.120 kr.**

Latex-svampurinn er 100% náttúrulegur. Hann er gerður úr trjákvoðu gúmmítrésins og þykir sérstaklega góður fyrir þá sem eru með rykofnæmi eða astma því að latexið inniheldur náttúrulegar varnir gegn rykmaurum og bakteríum. Lagast fullkomlega að herðum, hálsi og höfði.

20% AFSLÁTTUR

**3 in 1**
Heilsukoddi
Verð 14.900 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**11.920 kr.**

**MICRO GEL**
Heilsukoddi
Verð 10.900 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**8.720 kr.**

**RESTORA HIGH**
Heilsukoddi
100% Talalay-latex
Verð 13.900 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**11.120 kr.**

**SPRING MAX**
Heilsukoddi
Verð 7.900 kr.
**JÓLATILBOÐ**
**5.900 kr.**

Búðu til þinn eiginn heilsukodda, „3 in 1" dúnkodda sem hægt er að fylla með Latexi- eða þrýstijöfnunarsvampi eða báðum efnum. Auðvelt er að taka svampinn úr og setja í að vild og fá þannig kodda sem hentar þér fullkomlega.

Streytulosandi þrýstijöfnunarsvampur (Memory Foam) sem aðlagast líkamanum og veittir réttan stuðning við háls, herðar og höfuð.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



ÞÚ FINNUR JÓLA
ÚRVAL FALLEGRAR
Tefal
POTTAR OG PÖNNUR FRÁ Tefal
Pottþétt gæði - enda líklega mest seldu pottar og pönnur landsins um árabil.
Tefal
PÖNNUKÖKUPANNAN FRÁ Tefal
Náðu meistaratöktum í pönnukökugerð um hátíðarnar. Þú býrð að því alla ævi!
(Þessi er líka fyrir spanhellur)
VERÐ KR. 6.950,-
Tefal
JAMIE OLIVER PROFESSIONAL SERIES FRÁ Tefal
Pottar og pönnur sem slegið hafa í gegn um allan heim.
NUDDSESSAN LJÚFA FRÁ Nordica
Nú er landanum nauðsynlegra en oft áður að setjast niður og finna stress og þreytu líða úr kroppnum með því að setjast á Nudd-Sessuna góðu. Handhægar stillingar.
VERÐ KR. 39.900,-
OBH NORDICA
SO 960.27
Solis
NAGLA-SNYRTISETT FRÁ Solis
VERÐ KR. 12.990,-
Frábær vara - gott verð!
NAGLA-SNYRTISETT FRÁ Solis
VERÐ KR. 9.490,-
SO 960.36
ZWILLING
ELDHÚSHNÍFAR AF BESTU GERÐ FRÁ Zwilling
Matgæðingar og atvinnukokkar sækjast í þessa hnífa.
Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE
ÚRVALS LEIRVARA FRÁ Emile Henry
Þú býrð vel með Emile Henry. Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.
AT-3030
AEG
BRAUÐRIST FRÁ AEG
VERÐ KR. 4.990,-
KF-3030
KAFFIVÉL FRÁ AEG
VERÐ KR. 4.790,-
OBH NORDICA
Ómissandi tæki í öll alvöru eldhús.
NOR-9850
ELDHÚSVOG FRÁ Nordica
VERÐ KR. 8.995,-
NOR-2232
BRAUÐRIST FRÁ Nordica
VERÐ KR. 5.590,-
HNÍFABRÝNI FRÁ Nordica
VERÐ KR. 9.900,-
HÁGÆÐA HEIMILISTÆKI
FRÁBÆRT MÍNÚTUGLRILL FRÁ Rommelsbacher
Þýsk gæði
VERÐ KR. 19.900,-
BÖKUNARVÖRURNAR FRÁ SiliconZone
Allt verður skemmtilegra og þægilegra.
(Fæst aðeins í ORMSSON Smáralind)
brabantia
solid company
STRAUBORÐ FRÁ Brabantia
Fallegt og vel hönnuð strauborð.
VERÐ KR. 10.900,-
Tefal
ÚRVALS STRAUJÁRN FRÁ Tefal
„Það er unun að strauja með Tefal!"
VERÐ FRÁ KR. 5.490,-
AEG
DRAUMARYKSUGAN FRÁ AEG
Þær gerast ekki betri .!!
VERÐ FRÁ KR. 21.900,-
AEG
SKAFT-RYKSUGAN SNJALLA
· Snúrulaus hleðsluryksuga með skafti eða handryksuga
· 9,6 V
· Pokalaus -Auðvelt að tæma
· Tvær hraðastillingar
· Rafdrifinn bursti/sópur tveir aukaburstar fylgja
· Hleðslustandur fylgir
VERÐ KR. 26.900,-
NJÓTIÐ VÖRUÚRVALSINS Í VERSLUNUM ORMSSON OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT
ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900


GJÖFINA Í ORMSSON
GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI
Mikið úrval Wii-aukahluta!
QONIX
CRD-7777
ÚTVARPSVEKJARI FRÁ Qonix
FM/AM · Vekur með útvarpi eða hringingu, tveir vekjaratímar, innbyggður hitamælir.
VERÐ KR. 4.450,-
GOTT ÚTVARPSTÆKI FRÁ Qonix
VERÐ KR. 10.900,-
OLYMPUS
OLYMPUS-DPCI
SJÓNAUKI FRÁ Olympus
Skarpur og þægilegur í öll ferðalög – líka í leikhúsið og á völlinn.
VERÐ KR. 6.490,-
VERÐLÆKKUN!
Nintendo
DS -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.
VERÐ KR. 27.900,-
Wii
Nintendo
Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!
VERÐ KR. 49.900,-
SANGEAN
SANGEAN-RCR-5
ÚTVARPSVEKJARI FRÁ Sangean
FM/AM · Vekjaraklukka með tveim mismunandi vekjaratímum · 10 stöðva minni
VERÐ KR. 8.900,-
SANGEAN
SANGEAN-WR-2
ÚTVARP FRÁ Sangean
FM/AM · Innbyggt loftnet - hægt að tengja aukaloftnet · Magnari: 3,7W RMS · Aux inngangur · Tengi fyrir heyrnartól · Fjarstýring
VERÐ KR. 29.900,-
OLYMPUS
OLYMPUS FE-360
FRÁBÆR STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ Olympus
8 milljón pixlar • 3x aðráttarlinsa (36-108mm) • Stór 2,5" LCD skjár • 19 handhægar tökustillingar • Videoupptaka með hljóði • Nærmyndataka (macro) niður að 5cm • Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja • Fæst í 3 litum: silfur, svört og blá
VERÐ KR. 26.900 KR.
OLYMPUS
OLYMPUS MJU-1010
STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ Olympus
10.1 milljón pixlar • 7x aðdráttarlinsa (37-260) • Stór 2,7" LCD skjár • Veðurvarin • Videoupptaka með hjóði • Hristivörn • Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
Ný hágæða myndavél–kynnið ykkur nánar!
VERÐ KR. 44.900 KR.
SHARP
SHARP XLUH25H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA FRÁ Sharp
· USB afspilun · Hljóðstyrkur 2 X 10W RMS · Spilar MP3/ WMA / CD -R/RW · Tvískiptir hátalarar
VERÐ KR. 27.900,-
SAMSUNG
SAMSUNG LE40A557P2
40" SJÓNVARP FRÁ Samsung
Full HD (1920:1080 · Mikil og góð litaskerpa (40.000:1) Movie plus (engin draugur og mýkri mynd) Clear panel skjár (betri mynd og skarpari litir)
VERÐ KR. 269.900,-
SHARP
SHARP LC-32D44SBK
32" SJÓNVARP FRÁ Sharp
HD ready · 1366 x 768 upplausn (16:9) · Skerpa: 1500:1 (10.000:1 Dynamic) · Svartími: 6 ms · Birta: 450 cd/m2 · Sjónsvið: 176°/176° · DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort · 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, 3,5mm Jack-hljóð
VERÐ KR. 169.900,-
ÍSLANDSVINUR Í 35 ÁR
Pioneer
PIONEER DV-310
DVD SPILARI FRÁ Pioneer
Fjölkerfa DVD spilari með DivX · Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska · Spilar MP3 og WMA tónlist · Sýnir JPEG myndir, MPEG · Spilar bæði PAL og NTSC · Tenglar: 1xUSB að framan, 1xEuro-SCART (RGB), 1xComponent out, Digital coaxial hljóð út. Fáanlegur svartur og silfurlitaður
VERÐ KR. 16.900,-
HÁGÆÐA SJÓNVÖRP OG HLJÓMTÆKI
HÖFUÐTÓL FRÁ Pioneer
Tíðnisvið: 5–25,000 Hz
VERÐ KR. 6.990,-
VANDAÐUR STJÖRNUSJÓNAUKI
AstroMaster-70AZ
Heillandi heimur opnast þér.
TILBOÐSERÐ KR. 18.900,-
CELESTRON
OPNUNARTÍMAR Í LÁGMÚLA 8 og SÍÐUMÚLA 9:
Laugardag 20. desember frá kl. 11-18
Sunnudag 21. desember frá kl. 13-18
OPNUNARTÍMAR Í SMÁRALIND:
Opið til kl. 22 - alla daga til jóla
NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR Í SÍÐUMÚLA 9
KÍKIÐ INN – Kynnið ykkur verð og gæði!
ORMSSON
ÖLL VERÐ MEÐ FYRIRVARA UM GENGISBREYTINGAR KRÓNUNNAR

# Þrautavarabrautin

**UMRÆÐAN**

Þórlindur Kjartansson skrifar um gjaldeyrismál



ÞÓRLINDUR KJARTANSSON

Ungir sjálfstæðismenn hafa lengi talað fyrir því að breytingar verði gerðar á peningamálum þjóðarinnar með það að markmiði að tryggja Íslendingum aðgang að mynt sem er gjaldgeng í alþjóðlegum viðskiptum. Við teljum að sem mest frelsi í notkun gjaldmiðla sé heppilegasta fyrirkomulagið en nánast öruggt má telja að slík lausn sé ekki samrýmanleg núverandi fyrirkomulagi peningamála á Íslandi. Þess vegna er líklegast best að ríkið taki upp annan gjaldmiðil en leyfi um leið fyrirtækjum að nota hvern þann gjaldmiðil sem þau kjósa.

Upptaka evru á grundvelli inngöngu í Evrópusambandið mun taka mjög langan tíma. Auk þess er alls óvíst að aðildarumsókn yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Af þeim sökum er mikilvægt að taka gjaldmiðlamálin til sérstakrar skoðunar og leysa þau en setja ekki allt traust á eina leið, sem er bæði löng og óviss. Ef Íslendingar ákveða að ganga inn í Evrópusambandið og taka upp evru á þeim grunni, er líklegt að það gengi hraðar fyrir sig ef við hefðum áður tekið upp alþjóðlega gjaldgenga mynt. Aðildarsinnar ættu því að hafa upptöku annars gjaldmiðils að keppikefli.

Helsta gagnrýnin á einhliða upptöku annars gjaldmiðils felst í því að þar með væri enginn lánveitandi til þrautavara fyrir bankakerfið. Þessi rök eru mjög í takt við viðtekna venju í hagfræði en í reynd þarf ekki að leita lengra en í okkar eigin barm til þess að sjá að þessi kenning er ekki nein heilög ritning. Seðlabanki Íslands var sannarlega lánveitandi til þrautavara fyrir íslenska bankakerfið en vandinn var sá að hann gat ekki sinnt því hlutverki þegar erlendir bankar byrjuðu að skella hurðum á þá íslensku. Ástæðan er sú að Seðlabankinn gat ekki veitt lán nema í mynt sem fær þekkja og enn færri nota.

Hugmyndin á bak við þrautavaralán er sú að bankar séu svo mikilvægir að ríkisvaldið þurfi að tryggja að þeir fari ekki á hausinn og muni því dæla í þá lánsfé nánast takmarkalaust. Þannig gætu bankarnir alltaf staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum og lánardrottnum. Ef bankarnir geta á endanum ekki borgað þá má segja að það hafi einfaldlega verið prentaðir peningar fyrir öllum skuldbindingunum. Enginn tapar innistæðum sínum og óþægindin í hagkerfinu eru lágmörkuð. Peningaprentunin hefur hins vegar þau áhrif að verðlag hækkar og þannig endar reikningurinn hjá almenningi þrátt fyrir allt í formi hærra vöruverðs.

Þrautavaralán til banka hafa í þessari kreppu víðast tekið á sig aðra mynd. Hún er að ríkisstjórnir hafa sett hlutafé inn í bankana og ætlast til þess að það dugi til þess að koma þeim yfir erfiðasta hjallann í fjármálakreppunni. Peningurinn til þess er vitaskuld skattfé sem er tekið að láni frá almenningi en ríkið vonast til þess að fá til baka. Ef það gerist ekki þá þurfa skattgreiðendur að bera skaðann í formi hærri skattheimtu.

Báðar þessar leiðir fela því í sér hættu á auknum útgjöldum sem lenda á almenningi, en með einhliða upptöku annarrar myntar er lokað fyrir aðra leið stjórnvalda til þess að vera lánveitandi til þrautavara fyrir bankakerfið. Íslenska ríkið gæti auðvitað ekki prentað annan gjaldmiðil. Hin leiðin, að ríkið taki lán til þess að sinna sama hlutverki, ætti ekki að vera ófær. Eini munurinn væri sá að í staðinn fyrir að ríkið tæki beint lán hjá skattgreiðendum þá tekur ríkið lán frá útlöndum.

Til þess að slík lausn sé trúverðug þurfa því að vera fyrir hendi samningar við erlend ríki eða banka. Einhvers konar samvinna þarf að vera fyrir hendi þannig að íslenska ríkið hefði aðgang að lánum í viðkomandi mynt til þess að verja fjármálakerfið ef á þyrfti að halda. Slíkt fyrirkomulag er í reynd ekki ólíkt því að prenta peninga til þess að mæta áföllum í bankakerfinu. Sé þetta mögulegt er ekkert því til fyrirstöðu að taka upp aðra mynt á Íslandi innan mjög skamms tíma. Ríkisstjórnin ætti að kappkosta að hefja slíka vinnu til þess að koma þjóðinni sem allra fyrst út úr því ástandi sem nú ríkir. Það er ekki fullnægjandi að treysta einvörðungu á ESB aðild sem lausn á gjaldmiðlamálum þjóðarinnar og efnahagskrísunni.

*Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.*


## Tilkynning um innlausn hlutabréfa í Icelandic Group hf.

Eignarhaldsfélagið IG ehf. hefur eignast meira en 9/10 hluta af hlutafé í Icelandic Group hf. Í 24. og 25. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er heimild fyrir hluthafa sem á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni, að fara fram á að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn á hlutum sínum. Eignarhaldsfélagið IG ehf. og stjórn Icelandic Group hf. hafa komist að samkomulagi um að sá réttur verði nýttur.

Samkvæmt hlutafélagalögum skal tilkynning um innlausn birt með sama hætti og aðalfundarboð. Kveða samþykktir félagsins á um að það skuli gert með auglýsingu í dagblaði eða á annan sannanlegan hátt.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins IG ehf. hefur ákveðið að innlausnarverð taki mið af nafnvirði hlutafjár og miðast innlausnarverðið því við kaupgengið 1,0 kr. Með vísan til þess að eigið fé Icelandic Group hf. samkvæmt 9 mánaða uppgjöri 2008 var neikvætt um 23.952 þús.EUR telja stjórn Eignarhaldsfélagsins IG ehf. og stjórn Icelandic Group hf. innlausnarverðið vera hluthöfum hagstætt.

Hlutafjáreign hluthafa tekur mið af stöðu þeirra eftir að hlutafé Icelandic Group hf. var lækkað til jöfnunar taps líkt og samþykkt var á hluthafafundi félagsins þann 11. nóvember 2008.

Hluthafar eru hér með hvattir til að samþykkja innlausnina og framselja hlutabréf sín í Icelandic Group hf. til Eignarhaldsfélagsins IG ehf. hið fyrsta og eigi síðar en innan fjögurra vikna, þ.e. fyrir 19. janúar 2009. Innlausnarverðið verður greitt til hluthafa að loknum framangreindum fresti.

Þeir hluthafar sem ekki samþykkja innlausnina með rafrænum hætti á vefslóð NBI hf. (hér eftir nefndur Landsbankinn), www.landsbanki.is fyrir 19. janúar 2009 fá söluandvirði hluta sinna greitt á á geymslureikning á nafn rétthafa. Frá þeim tíma telst Eignarhaldsfélagið IG ehf. réttur eigandi hlutabréfanna og hlutabréf fyrri eiganda ógild, sbr. 25. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hlutafélagalög mæla svo fyrir um að vakin skuli athygli á því að vilji hluthafar sem sæta þurfa innlausn ekki sætta sig við skilmála innlausnarinnar og matsgrundvöll innlausnarverðsins megi hluthafar skjóta því til ákvörðunar matsmanna sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi Icelandic Group hf. Ef ákvörðun matsmanna leiðir til hærra innlausnarverðs en boðið er, gildir það fyrir alla sem sæta verða innlausninni. Kostnaður við ákvörðun verðsins greiðir sá sem innlausnarinnar krefst nema dómstóll telji, vegna sérstakra ástæðna, að viðkomandi minnihluti hluthafa skuli að nokkru eða öllu leyti greiða kostnaðinn.

Hluthafar geta framselt hluti sína í Icelandic Group hf. á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Hluthöfum er bent á að hafa samband við Fjármálaráðgjafa Landsbankans í síma 410 4040 ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík, 22. desember 2008,
Eignarhaldsfélagið IG ehf.

ICELANDIC GROUP


# Íslendingar eftirbátar í móðurmálskennslu

**UMRÆÐAN**

Sigurður Konráðsson skrifar um móðurmálskennslu



SIGURÐUR KONRÁÐSSON

Ádegi íslenskrar tungu 16. nóvember sl. voru tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu afhentar menntamálaráðherra. Tillögurnar komu í hendur ráðherra í bók sem nefnist Íslenska til alls. Þar kemur meðal annars fram að við Íslendingar erum eftirbátar annarra þjóða í móðurmálskennslu og munar þar miklu. Tekið er dæmi af kennslu í móðurmáli á Íslandi, í Danmörku og Noregi. Fram kemur að í grunnskólum er móðurmálskennsla 28,7% af kennslutíma í Danmörku, 23,0% í Noregi en 16,1% á Íslandi. Í skýrslunni er bent á að danskir nemendur fá 78% meiri móðurmálskennslu en íslenskir nemendur. Hvernig stendur á þessu?

Spyrja má hvort kennsla í móðurmáli í skóla skipti nokkru máli. Er ekki nóg að íslenskukennsla sé um sjöundi hluti náms sem fer fram í grunnskólum? Þessu mætti svara með því að vísa til alþjóðlegra kannana á læsi almennt og einnig árangri í öðrum greinum. Í ljós hefur komið að lesskilningur íslenskra barna og unglinga er minni en gengur og gerist. Nægir þar að vísa í Pisarannsókn frá árinu 2006. Einnig hafa íslenskir nemendur ekki náð viðunandi árangri í ýmsum öðrum greinum, t.d. náttúrufræði, sögu og stærðfræði, en rannsóknir sýna að til þess að ná árangri í námi almennt eru lesskilningur og þekking á móðurmáli nauðsynleg. Það er því óhætt að draga þá ályktun að það skipti máli að leggja áherslu á móðurmál og móðurmálskennslu.

Móðurmálskennsla er afar vandasöm. Því er mikilvægt að móðurmálskennarar hafi mikla þekkingu á öllum þáttum íslensks máls, jafnt málfræði sem bókmenntum, rituðu máli og töluðu, lestrarfræðum og skilningi svo fátt eitt sé nefnt. Kaldlynt fólk gæti bent á að kennaranemum nú um stundir virðist ekki ætlaður mikill tími til þess að búa sig undir kennslu í móðurmáli. Flestir grunnskólakennarar ljúka prófi frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri. Í kennaranámi í Háskóla Íslands er nú svo komið að varla er hægt að segja að nokkuð sé eftir af skyldunámi í íslensku. Í Háskólanum á Akureyri er ástandið ekki jafn slæmt en langt frá því að vera viðunandi. Kaldlyndi hins kaldlynda gæti því falist í því að ástæðulaust sé að búa kennaranema undir kennslu sem sé á undanhaldi í grunnskólum.

Menntamálráðherra hefur fjöregg þjóðarinnar í hendi sér. Hann getur séð til þess að kennsla í íslensku verði aukin verulega í grunnskólum. Það er í sjálfu sér einföld ákvörðun. Hann getur fylgt eftir tillögu til þingsályktunar um íslenska málstefnu sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Með samþykkt hennar verður unnt að koma íslensku máli á þann stað í menntun þjóðarinnar sem hæfir og að nemendur geti notið sín til fullnustu.

*Höfundur er prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.*




Hlutfall (af hundraði) móðurmálskennslu af heildarkennslustundafjölda í grunnskólum á Íslandi, í Noregi og Danmörku.

# Hvítabirnir

**UMRÆÐAN**

Birgir Guðjónsson skrifar um umhverfismál og orðstír

Skipulagða skilgreiningu og verndun dýrategunda í útrýmingarhættu má rekja til CITES samningsins frá 1973, sem Ísland er aðili að (þegar hentar). Verndun slíkra dýrategunda leiðir oft til viðbragða og reglna sem geta eingöngu verið táknræn og öfgafull eða jafnvel brosleg en varðað miklu um ímynd og orðstír. Þannig hefur notkun og flutningur t.d. fílabeins og horna nashyrninga verið bönnuð og refsiverð jafnvel þó dýrin séu sjálfdauð. Dýrustu flyglar með áslátttarnótum úr fílabeini hafa þannig verið gerðir upptækir við flutning milli landa. Notkun fjaðra fugla í útrýmingarhættu er bönnuð í tískuheiminum og jafnvel við gerð laxafluga!

Verndun hvítabjarna er vart forgangsmál þessa dagana á Íslandi, en dráp tveggja dýra á tveimur vikum, s.l. sumar, hlaut ekki sérstaklega hagstæða umfjöllun um víðan heim. Eftir mikla nefndarfundi að því er virðist eingöngu með jábræðrum, þar sem áhugamenn voru ekki kallaðir til, er það niðurstaða umhverfisráðuneytis að hvítabirni sem hingað koma skuli fella án nokkurrar viðleitni til bjargar. Ísland skapar sér þannig enn eina sérstöðuna.

Vinnubrögð ráðuneytisins eru ekki boðleg. Nú þegar litið er á Íslendinga sem fjársvikamenn og terrorista á alþjóðavettvangi hefði önnur landkynning verið æskileg.

Því er ekki nóg að drepa á einu og einu dýri á nokkurra ára fresti mun ekki skipta sköpum um útrýmingu. Meginrök ráðuneytis að engin hætta sé varðandi stofnstærð stenst ekki og stangast illilega á við skoðanir annarra jafnvel ráðuneytisins sjálfs. Á vefsíðu Umhverfisstofnunar um kynningu á CITES samningnum um villt dýr í útrýmingarhættu er mynd af hvítabirni og hans getið í viðauka reglugerðar.

Bandaríkjamenn undir forystu Bush forseta, sem ekki er þekktur sem ákafur umhverfissinni, settu hvítabirni á válista yfir dýr í útrýmingarhættu, 14. maí á þessu ári. Jafnvel við olíuleit og boranir í Alaska sem forsetanum eru mikið hjartans mál eru mikil takmörk sett fyrir því hvenær megi fella birni sem nálgast leitarstaði. Ríkisstjórn Alaska reyndi að fá þessum ákvæðum breytt en því var hafnað.

Bush forseti Bandaríkjanna leyfir því jafnvel ekki ríkisstjóra Alaska, hinni veiðiglöðu Söru Palin, varaforsetaefni og átrúnaðargoði Repúblikanaflokksins að skjóta hvítabirni í eigin ríki. Hún verður að koma til Íslands til þess, en húðina fær hún ekki flytja inn til Bandaríkjanna. Hún gæti gefið hana umhverfisráðuneytinu.

*Höfundur er læknir.*



Okkar mest seldu bækur á hálfvirði
sparaðu 50%
Aðeins 940kr. áður 1.880 kr.
sparaðu 50%
Aðeins 2.995kr. áður 5.990 kr.
sparaðu 50%
Aðeins 1.495kr. áður 2.990 kr.
sparaðu 50%
Aðeins 1.995kr. áður 3.990 kr.
Meistari ævintýrsins
sparaðu 50%
Aðeins 2.440kr. áður 4.880 kr.
ÉG
sparaðu 50%
Aðeins 2.345kr. áður 4.690 kr.
INGÓLFUR MARGEIRSSON
SÆMI ROKK
sparaðu 50%
Aðeins 2.440kr. áður 4.880 kr.
sparaðu 50%
Aðeins 1.880kr. áður 3.760 kr.
CONN IGGULDEN
HAL IGGULDEN
Stórhættulega Strákabókin
sparaðu 50%
Aðeins 2.345kr. áður 4.690 kr.
HTHT
Office1
Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður
Tilboðin gilda frá 21.12.08 til og með 24.12.08. Til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar nýti sér tilboðin til innkaupa fyrir eigin verslanir má hver og einn viðskiptavinur aðeins versla þrjár bækur af einstaka titli.




# Glansmyndin fölnar

**UMRÆÐAN**
Haraldur Benedikts-son skrifar um ESB


HARALDUR BENEDIKTSSON

Glansmyndin var fögur enda vildu allir vera með útrásarvíkingunum í liði. Fáir höfðu manndóm í sér til að vara okkur við og við vitum hvernig fór. Bankahrunið virðist hafa komið ráðamönnum verulega á óvart og kannski trúðu þeir því innst inni að ástandið gæti aldrei orðið eins alvarlegt og raun ber vitni.

Nú sjá margar fjölskyldur fram á verulega fjárhagserfiðleika. Viðbrögð margra stjórnmálamanna í þessari grafalvarlegu stöðu eru að segja sig til sveitar suður í Brussel. Nú fellur hver flokkurinn á fætur öðrum á jörðina og kallar eftir lausn undan því að bera ábyrgð og stjórna landinu. Fólk sem nú er að missa heimili sín hefur hins vegar engan áhuga á tæknilegum útfærslum og hraða aðildarviðræðna við ESB. Það vill að stjórnmálamenn komi með tillögur um það hvernig Íslendingar eigi að þreyja þorrann og góuna.

## Erfið staða bænda

Skuldastaða bænda er lík og hjá þorra þjóðarinnar, mjög erfið. Lausleg áætlun gerir ráð fyrir að um 80 – 100 bú í landinu séu í þann veginn að verða, eða séu þegar orðin gjaldþrota. Stjórnvöld senda bændum nú kaldar kveðjur með því að ógilda ákvæði búvörusamninga, sem eru grundvöllurinn að rekstri þeirra margra, með því að standa ekki við ákvæði um verðtryggingu. Rétt er að árétta að búvörusamningarnir fela líka í sér skyldu bænda til að framleiða matvöru og nýta þá auðlind þjóðarinnar sem landið er. Landbúnaðarráðherra sýndi í haust áhuga á lausn mála í viðræðum við nýja ríkisbanka, nú þarf að gera enn betur svo ekki fari illa.

Bændur framleiða bróðurpartinn af innlendum matvælum, ýmist innan eða utan búvörusamninga. Bændur skapa því verðmæti og fjölda starfa við úrvinnslu afurða, þeir halda byggð í sveitum og mörgum þéttbýlisstöðum um allt land. Margir þeirra vita ekki nú hvernig þeir geta rekið bú sín, því tæpast geta bændur velt hækkunarþörf sinni á almenning sem á nóg með sig og verðbólga næstu mánuðina getur riðið mörgum bændum að fullu.

*Þjóðin þarf allt annað á þessari aðventu en innihaldslaust einhliða tal um aðild að ESB. Það eru brýnni mál sem stjórnmálamenn þurfa að gefa fólki svör við og þau verða vonandi rædd á aukaflokksþingum og landsfundum flokkanna eftir hátíðarnar.*

Vissulega er fjárlagagerð erfið um þessar mundir en bændur hafa sannarlega tekið á sig byrðar á liðnum mánuðum. Afurðaverð hefur lækkað um tugi prósenta að raunvirði á undanförnum árum. Áburður hækkaði um 80% síðasta vor. Kostnaður bænda hefur því hækkað um tugi prósenta sl. 12 mánuði og þeir hafa ekkert til að skera niður í rekstri sínum.

## Matvælaöryggi

Mikið hefur verið rætt um matvælaöryggi þjóðarinnar að undanförnu. Á fyrstu dögum bankakreppunnar fengum við bændur margar fyrirspurnir um hvað væri til af mat í landinu. Ástandið var í raun og veru þannig að ekki var sjálfgefið að hér væri til matur. Þá prísuðu margir sig sæla fyrir að hér væri stundaður kraftmikill landbúnaður. Raunalegt er að horfa síðan til þess hve fáir skilja í raun hvað matvælaöryggi þýðir. Stjórnmálamenn verða margir feimnir þegar það ber á góma. Þeim hefur líka verið sagt, af ofurfrjálshyggjumönnum, að matvælaöryggi væri orð sem bændur hefðu búið til, til að vernda kerfið sitt. Matvælaöryggi er hins vegar hornsteinn hvers samfélags. Það samfélag, sem er algjörlega háð öðrum um mat, er ekki burðugt. Matvælaöryggi er tryggt með sterkum innviðum þjóðar, bændum sem kunna og geta framleitt matvæli og fólki sem kann og getur breytt afurðum þeirra í matvöru. Búvörusamningarnir snúast einmitt um þetta.

Þjóðin þarf allt annað á þessari aðventu en innihaldslaust einhliða tal um aðild að ESB. Það eru brýnni mál sem stjórnmálamenn þurfa að gefa fólki svör við og þau verða vonandi rædd á aukaflokksþingum og landsfundum flokkanna eftir hátíðarnar. Hvað tekur við eftir „frystingartímabil“ lána og hvernig hyggjast stjórnvöld mæta auknu atvinnuleysi í landinu? Bændur og heimili landsins kalla á raunverulegar lausnir en ekki vangaveltur um hvernig, eða á hvaða hraða, á að koma auðlindum þjóðarinnar undir stjórn og yfirráð ESB.

*Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.*





**TÓNLEIKAR** verða haldnir í Neskirkju í kvöld klukkan 20 í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu Giacomo Puccini. Fram koma söngvararnir Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jóhann Friðgeir Valdimarsson, ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara. Sendiráð Ítalíu á Íslandi býður Íslendingum ókeypis aðgang að tónleikunum.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447


**Íslenskt barnaefni á DVD**

**Fæst í öllum betri verslunum**




**Íslenskar þjóðsögur og ævintýri**

Loksins eru þjóðargersemar okkar Íslendinga komnar út á DVD mynddiski. Hér er að finna fjöldann allan af þjóðsögum og ævintýrum, þar á meðal Bakkabræður, Gilitrutt og 18 barna faðir í Álfheimum.

Einvala lið leikara er að finna á disknum og má þar nefna Örn Árnason, Árna Tryggvason, Ragnheiði Steindórsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Þröst Leó Gunnarsson svo einhverjir séu nefndir.

**Móðurfélagið ehf.**
**Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.**










**Ryksuga** - rauð
VS 01E1800, 3 l poki, 1800 W.
**Jólaverð: 15.900 kr. stgr.**

**Ryksuga** - blá
VS 06G1802, 4 l poki, 1800 W.
**Jólaverð: 19.900 kr. stgr.**

ATARNA

**SIEMENS**

Siemens ryksugur á jólaverði.

Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




Arianne Gahwiller með undurfagran jólapíramída frá Austur-Þýskalandi. Á borðinu eru jólasveinavíkingar eftir ungan son hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jólapíramídi að austan

**Hverju landi fylgja fallegir jólasiðir og sérkennilegt jólaskraut. Íslendingar búa við það ríkidæmi að eiga að vinum og samferðamönnum fólk frá öðrum löndum sem sýnir þeim inn í töfraheim sinna jóla.**

„Þessi jólapíramídi er frá Erzgebirge, sem er svæði í fyrrum Austur-Þýskalandi, nálægt Dresden. Handverkið er aldagamalt og unnið úr skógi á svæðinu sem var mjög fátækt bændasamfélag þar sem fólk dundaði sér við tréútskurð á veturna,“ segir Arianne Gahwiller, kennari við Öskjuhlíðarskóla. Arianne er frá Sviss og hefur búið hér ásamt íslenskum eiginmanni og börnum í áratug.

„Jólapíramídar eru vel þekktir í Mið-Evrópulöndum og í dag seldir um allan heim, en ég fékk hann frá föður mínum sem eignaðist vin í samstarfsmanni sínum frá Erzgebirge og hlaut frá honum píramídann að gjöf. Þeir eru til í stærri útgáfum og stundum málaðir og gylltir, en pabba fannst hann fallegastur úr viði, eins og mér sjálfri,“ segir Arianne sem nýtur þess að kveikja á þessu fádæma fallega jólaskrauti alla aðventuna og fram yfir jól.

„Yfirleitt er jólapíramídi eingöngu notaður sem jólaskraut, enda skreyttur með Maríu, Jósef og Jesúbarninu, vitringunum þremur og englakór. Ylur kertaljóssins sér um að knýja áfram spaða sem snýr þá öllu í fallegum takti. Jólapíramídinn er því miðpunktur hátíðaborðsins á aðventunni og um jólin, þegar við röðum mat og drykk í kring, en sumir nota hann einnig sem stofustáss,“ segir Arianne sem upphaflega kom til Íslands sem ferðamaður þegar hún stundaði göngur um íslenskt hálendi.

„Ég hreifst strax af íslenskri náttúru og þótt Sviss sé geysilega fagurt líka er það svo smátt að maður mætir of mörgum á ferðum sínum. Ég var svo farin að koma svo oft til Íslands að skynsamlegast var að vera um kyrrt,“ segir Arianne hláturmild.

„Ég blanda saman íslensku og svissnesku jólahaldi, en held fast í svissneskar hefðir eins og St. Nikulás sem kemur með smágjafir til barnanna þann 6. desember og skreyti heimilið aðeins með heimagerðu skrauti. Ég vil ekki sjá jólaskraut úr plasti, en kýs fagra og persónulega muni úr við, pappír og ull.“

*thordis@frettabladid.is*


**Opið laugardaga til jóla kl. 11-16**

Eirberg






Lyftu þér upp um jólin

Rafknúnir hægindastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp.

• Fást með tveimur mótorum • Einfaldar stillingar • Falleg hönnun • Fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

**JÓLAROKK** er yfirskrift tónleika sem verða haldnir í Íslensku óperunni sunnudagskvöldið 28. desember. Fjöldi íslenskra hljómsveita kemur fram.




## Hlý jólagjöf



Jakkar og stuttkápur

kr. 14990

*margar gerðir*
*Stærðir 36-48*

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201


# Persónulegar jólakúlur

**Þórey Ólafsdóttir hefur gert sér það að hefð á jólum að gefa persónulegar jólakúlur í gjafir. Tiltækið hefur undið upp á sig og nú hittist vinkvennahópurinn og föndrar saman jólakúlur á aðventunni.**

Þórey Ólafsdóttir segist fastheldin á hefðir um jólin. Hún er mikið fyrir að gefa jólagjafir sem gleðja og handa fólki sem á allt, útbýr hún jólakúlur með myndum af börnunum sínum.

„Ég byrjaði fyrir fimm árum á því að líma myndir af börnunum inn í jólakúlur. Það er gaman að gefa fólki eins og ömmum og öfum sem eiga allt, eitthvað sem gleður. Ég hef gert milli fjörutíu og fimmtíu kúlur gegnum árin,“ segir Þórey. „Ég byrjaði ein að föndra þetta en svo voru þær bara svo rosalega hrifnar, ömmurnar og vinkonurnar líka. Ég fór að hjálpa einni og einni að gera kúlur og það vatt upp á sig. Nú hittumst við fimmtán og föndrum, eldum eittthvað gott og fáum okkur rauðvín með.“



Kúlurnar sem eru úr plexígleri, kaupir Þórey meðal annars í Föndru og Garðheimum í mismunandi stærðum. Hún segir einfalt að útbúa skemmtilegt skraut með ljósmyndum og gervisnjó inn í kúlurnar. Þórey stundar nám í viðskiptafræði og lögfræði við Háskólann í Reykjavík svo tíminn er af skornum skammti. Hún reynir þó að hafa það notalegt á aðventunni.



Þórey Ólafsdóttir er handlagin þegar kemur að jólagjöfunum og útbýr skemmtilegar gjafir handa öfum og ömmum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég var voða dugleg í höndunum í gamla daga en nú læt ég jólakúlurnar duga. Við bökum samt alltaf mikið fyrir jólin og ég er mjög fastheldin á hefðir. Ég hef borðað rjúpur á aðfangadagskvöld síðan ég man eftir mér og það eru ekki jólin nema því sé haldið við. Fjölskyldan hittist öll á jólunum og ég á þrjú börn. Thelmu Lind 3 ára, Arnar Má 7 ára og Andra Má 8 ára. Þau eru hæstánægð að enda í jólakúlunum ár eftir ár.“

*heida@frettabladid.is*


## Jólatilboð í GÁP

fullt hús af hörðum **pökkum**



Infiniti Fjölþjálfi ST950
79.990
~~98.900~~



52.990
~~65.900~~
Mongoose Tyax Comp Disk 26”



9.799
~~13.990~~
Mongoose Twinkle 12” barnahjól 2-4ára



Sigma Púlsmælir Onyx Classic
6.399
~~7.990~~

### Afgreiðslutími um jólin

| | | |
|---|---|---|
| Laugardagur | 20.des | 11-18 |
| Sunnudagur | 21.des | 12-16 |
| Mánudagur | 22.des | 10-20 |
| Þorláksmessa | 23.des | 11-20 |
| Aðfangadagur | 24.des | 9-12 |
| Jóladagur | 25.des | Lokað |
| 2.Jóladagur | 26.des | Lokað |
| Laugardagur | 27.des | Lokað |
| Sunnudagur | 28.des | Lokað |
| Mánudagur | 29.des | Lokað |
| Þriðjudagur | 30.des | 10-18 |
| Gamlársdagur | 31.des | 9-12 |
| Nýársdagur | 01.jan | Lokað |
| Föstudagur | 02.jan | Lokað |
| Laugardagur | 03.jan | 11-15 |

GAP
WWW.GAP.IS
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-15

30% afsláttur
af Burton snjóbrettafatnaði
BURTON



Lotta Skotta er skemmtileg barnabók með boðskap.

# Tvær í jólapakkann

**Bækurnar Malli montrass og Lotta Skotta eftir Elínu Elísabetu Jóhannsdóttur eru spaugilegar bækur fyrir krakka með alvöru skilaboðum.**




Malli montrass á montprik sem hefur þau áhrif að fólk fer að monta sig hvað í kapp við annað. Smám saman átta sögupersónurnar sig þó á því að skemmtilegra er að vera vingjarnlegur en montinn. Lotta Skotta finnur tvær frekjudósir sem hún setur í töskuna sína. Hún verður í framhaldinu ægilega frek við foreldra sína en þau taka fljótlega til sinna ráða.

Bækurnar eru ætlaðar aldrinum 3 til 10 ára og hjálpa krökkum að breyta viðhorfum sínum til hegðunar en geta einnig verið foreldrum holl lesning.

Skálholtsútgáfan gefur bækurnar út en þær kosta 1.690 krónur og fást meðal annars í Kirkjuhúsinu og í helstu bókabúðum. *- rat*












**JÓLIN** koma alveg þótt ekki sé búið að þrífa hvert skúmaskot. Ef allir í fjölskyldunni eru útkeyrðir er kannski ráð að slaka aðeins á hreinlætiskröfunum, deyfa lýsinguna og njóta hátíðanna.




HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


# Jólasveinninn fastráðinn

**Hjúkrunarheimilið Eir í Grafarvogi er eitt af stærri heimilum landsins með um 173 íbúa. Þar eins og annars staðar er jólaundirbúningur í algleymingi og meira að segja rauðklæddur karl á vappi.**

„Hér er allt gert til að skapa jólastemningu, bæði með skreytingum og viðburðum,“ segir Birna Svavarsdóttir, hjúkrunarforstjóri á Eir, sem tekur á móti Fréttablaðsfólki af mikilli vinsemd er það bankar á dyr. Sem dæmi um jólaundirbúning nefnir hún að tryggja verði að allir dúkar séu stífstraujaðir svo hátíðarborðið verði sem glæsilegast. „Á aðfangadagskvöld sitja allir saman við skreytt langborð og það er einstakt að vera hér þá,“ segir hún sannfærandi.



Birna Svavarsdóttir er bæði hjúkrunarforstjóri og húsfreyja á Eir.

Það sem við augum blasir nú þegar gengið er um sali eru jólastjörnur, skreytingar og jólatré hvarvetna. „Við reynum að hafa heimilið eins aðlaðandi og unnt er,“ segir Birna þegar dáðst er að fegurðinni.

Á þessum árstíma sést jólasveinn stundum á tali við heimilisfólkið. „Hann er sko fastráðinn hér,“ segir Birna og upplýsir að rafvirkinn hverfi alltaf af vinnustofu sinni þegar sveinki sé á ferð. Ljósið sem kviknar á stafnum hans þegar hann pikkar í gólfið og slokknar þegar hann blæs á það bendir til að samhengi sé á milli.

*gun@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vel fer á með sveinka og forstjóranum á Eir, Sigurði Helga Guðmundssyni.



Rósa Daney Williamsdóttir frá Ólafsfirði er búin að skreyta herbergið sitt hátt og lágt. Hún tók líka vel á móti sveinka.


Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.





Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is





JÓLAGJÖFIN Í ÁR
ÍSLENSK HÖNNUN
ALVÖRU GÖNGUSKÓR





STÆRÐIR: 36-47
STÆRÐIR: 36-47
STÆRÐIR: 36-47

Fæst í eftirtöldum verslunum:

- Intersport
- Steinar Waage
- Clarks búðin - Laugavegi
- Skóbúð - Selfoss
- Tangó - Höfn
- Lækurinn - Neskaupsstað
- Kaupfélag Héraðsbúa - Egilsstöðum
- Kaupfélag Skagfirðinga - Sauðárkróki
- Skóbúð Húsavíkur
- Skóhúsið - Akureyri
- Verslunin Nína - Akranesi
- Hafnarbúðin - Ísafirði
- Skóbúðin - Keflavík

ASKJA

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

**- FARTÖLVA -**
**HP fartölva hvarf af heimili við Framnesveg. Vegna persónulegt gildis eru fudalaun í boði. Þeir sem hafa einhverjar upplýsingar vinsamlega hafið samband í s. 696 9825.**

### Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Skötuveisla

Cafe Catalina Cafe Catalina Cafe Catalina

**Skötuveisla í Catalinu**

Skötuveisla verður í veitingahúsinu Catalinu, Hamraborg 11 í Kópavogi, á Þorláksmessu þriðjudaginn 23. desember 2008. Opnar kl. 11:00.

**Hlaðborð þar sem í boði verður**

*Vestfirsk skata, skötustappa, saltfiskur, plokkfiskur, rúgbrauð, smjör, hnoðmör, hamsatólg, kartöflur og rófur. Yfirkokkur verður Hendrik Tausen*

Allir velkomnir - Sími: 554-2166

### Tilkynningar

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum -
**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um sameiginlegt mat**

Skipulagsstofnun hefur, á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b., tekið ákvörðun, þann 18. desember 2008, um að umhverfisáhrif eftirtalinna framkvæmda skuli ekki meta sameiginlega með umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.

**Rannsóknaboranir í Gjástykki í Þingeyjarsveit.**

**Rannsóknaboranir á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit.**

**Rannsóknaboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 20. janúar 2009.

**Skipulagsstofnun**



## Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

### Þjónusta

## *Jólagladningur*

## Fótsnyrting með lökkun verð: 4.500.-

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

**3010HW MARGMIÐLUNARSPILARI**
Taktu upp uppáhalds efnið þitt með IcyBox M-3010HW Fullkomin HD margmiðlunarspilari með Time shift upptökumöguleika, kortalesara, USB Uplink og þráðlausu neti. Keyrir skrár af heimaneti. HDMI og SPDIF tengi
**44.990**

**ICYBOX 303 SPILARI**
Flottur margmiðlunarspilari sem spilar alla helstu staðla
**19.990**

**640GB MYBOOK**
MyBook er flottur utanáliggjandi flakkari með 640GB hörðum disk
**22.990**

**OPIÐ LENGUR FRAM AÐ JÓLUM**
22.DES FRÁ 09:00 TIL 22:00
23.DES FRÁ 09:00 TIL 23:00

**2.5" ABIGS 260X SPILARI**
2.5" HD margmiðlunarspilari, MKV, H.264. FM sendir, HDMI & Composite
**39.990**

**250GB PASSPORT**
Glæsilegur lítill flakkari frá WD með 250GB hörðum disk fæst í hvítu, svörtu og bleiku, USB
**19.990**

**LOGITECH LS1 MÚS**
Stílhrein og flott laser mús með mjúku þægilegu gripi, USB 2.0
**5.990**

**HP DESKJET D4360**
4800x1200dpi. Prentar allt að 30 bls svörtu og 23 bls í lit á mín
**14.990**

**OLYMPUS FE20**
8.0MP upplausn, 3x Optical Zoom, 36-108mm, hristivörn, 2.5" LCD skjár
**22.990**

**19" PHILIPS 190CW9FB SKJÁR**
19" Philips er glæsilegur breiðtjaldsskjár með 1440x900 í upplausn, 12000:1 í Dynamic skerpu og 2ms viðbragðstíma
**32.990**

**LOGITECH PC 860**
Logitech PC 860 heyrnartól með hljóðnema og hljóðstilli á snúru
**3.490**

**LOGITECH RUMBLEPAD II**
Rumblepad II, PC stýripinni í PlayStation stíl, flott jólagjöf fyrir leikjaspilarann
**7.990**

**LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI**
PC - PS3 - PS2 - PSP - XBOX

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

**JOE STRUMMER LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2002.**



*„Maður lærir mest á því að kenna sjálfum sér um. Það lærist ekkert ef maður kennir öðrum um því þá er sökin ekki lengur manns eigin, heldur annars. Öll þessi ábyrgð er streituvaldandi. Ég reyni að takast á við hana með því að gefa henni ekki gaum.“*

***Joe Strummer var söngvari og gítarleikari The Clash, sem ásamt Sex Pistols var ráðandi á bresku pönksenunni. Seinna sneri hann sér að kvikmyndaleik, með góðum árangri. Hann lést af hjartaáfalli fimmtugur að aldri.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 22. DESEMBER 1989

## *Nicolae Ceausescu steypt af stóli*



Nicolae Ceausescu, forseta Rúmeníu, var steypt af stóli eftir 24 ára valdatíð á þessum degi árið 1989.

Nokkrum dögum áður höfðu hermenn skotið á mannfjölda í bænum Timisoara þegar yfirvöld ætluðu að handtaka erkiklerkinn Laszlo Tokes. Fjöldi saklausra borgara féll í skotárásinni og óljós orðrómur um fjöldamorð yfirvalda á þúsundum landsmanna barst um heimsbyggðina. Eftir það breiddust út mótmælaaðgerðir til annarra bæja með þeim afleiðingum að forsetinn boðaði til útifundar 21. desember í miðborg Búkarest til að róa landsmenn og sýna heimsbyggðinni hversu dáður hann var. Mikill mannfjöldi beið ávarps Ceausescus og konu hans Elenu, sem búið höfðu við kúgun í áratugi. Saman réðust herlið og almenningur í forsetahöllina til að handtaka Ceausescu, en á ögurstundu flúði hann burt í þyrlu af þaki forsetahallarinnar. Á jóladag náðust forsetahjónin og voru tekin af lífi eftir stutt sýndarréttarhöld.

en öfugt við þær móttökur sem forsetinn átti von á hrópaði lýðurinn: „Niður með Ceausescu.“ Þetta varð upphaf að byltingu í Rúmeníu og samstundis voru sjónvarps- og útvarpsútsendingar frá viðburðinum rofnar.

Eftir að herinn hafði komið Ceausescu í skjól hófst mikil skothríð á almenning. Daginn eftir ákvað rúmenski herinn að snúa baki við forseta sínum og ganga til liðs við mótmælendur.

### MERKISATBURÐIR

- **1897** Stundaklukka sett upp í turni Dómkirkjunnar í Reykjavík.
- **1919** Dómar kveðnir upp í Landsyfirrétti í síðasta sinn.
- **1963** Opinberu 30 daga sorgartímabili í Bandaríkjunum, vegna morðsins á John F. Kennedy, lýkur.
- **1968** Julie Nixon giftist Dwight David Eisenhower.
- **1984** Lag Madonnu, Like a Virgin, fer rakleiðis í fyrsta sæti vinsældalista.
- **1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík staðfest í stað samþykktar sem gilt hafði í meira en hálfa öld.
- **1990** Lech Walesa settur í embætti forseta Póllands.
- **1994** Ríkisstjórn Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, segir af sér.



VMA hlaut tveggja milljóna króna styrk frá LÍÚ.

## LÍÚ styrkir VMA

Verkmenntaskólinn á Akureyri hlaut tveggja milljóna styrk frá LÍÚ. Hann á að styrkja vélstjórnarbraut VMA, eina skólans utan höfuðborgarsvæðisins sem útskrifar 4. stigs vélstjóra.

Afhendingin fór fram við brautskráningarathöfn VMA fyrir helgi. Hjalti Jón Sveinsson skólameistari VMA ræddi þá um mikilvægi þess að skólinn sé í góðu sambandi við atvinnulíf á svæðinu og tilgangur hans sé ekki síst að styrkja það með því að mennta fólk til að taka þátt í því.

Kristján Vilhelmsson, framkvæmdastjóri hjá Samherja, afhenti styrkinn og ræddi um upphaf Útvegsmannafélags Norðurlands sem er 100 ára á árinu og vitnaði í fundargerð frá þeim tíma þar sem komið er inn á hagsmunamál útgerðarinnar. „Í fyrsta lagi vantar tilfinnanlega menn sem geta gert við bátavélar og var fyrirliggjandi tilboð frá Jóni Sigurðsyni á Hellulandi sem bauðst til að taka að sér verkið ef hann fengi 600 krónur í fastakaup og 50 aura á tímann þegar hann væri að starfi. Fundurinn samþykkti að taka þátt í kostnaði við að koma verkstæði á fót, staðsettu í Hrísey.“ Svo sagði: „Einnig er áríðandi að stjórnendur hreyfivéla læri að nota þær og hirða.“ Fyrir afhendinguna sagði Kristján að útvegsmenn vissu og skildu að kennsla í fræðunum væri jafn brýn og fyrir öld þegar framansagður texti var skrifaður.

Sjá www.liu.is.



Stjórnarkonur í kvennadeildinni og starfsfólk fæðingardeildar Landspítalans.

## Kvennadeild RKÍ gefur ómtæki

Fæðingardeild Landspítala Íslands áskotnaðist ómtæki nýlega ásamt fylgihlutum eins og prentara. Það var Kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands sem kom færandi hendi og afhenti tækið sem er það lítið um sig að auðvelt er að flytja það milli herbergja.

Tækið notast við ýmsar aðstæður á fæðingardeildinni til dæmis við tvíburafæðingar, við að kanna legu fósturs, staðsetningu fylgju og fleira. Myndgæði eru mikil og tækið hentar vel fyrir starfsemina. Það leysir af hólmi eldra tæki sem gefið var fyrir um átta árum.

www.andlat.is

Andlát.is er vefur til að aðstoða fólk þegar andlát ber að höndum og vettvangur til að koma á framfæri tilkynningum, minningargreinum og kveðjum.



**INN UM LÚGUNA** Guðni Gíslason ritstjóri skrifar greinar, tekur myndir, selur auglýsingar og brýtur um bæjarblað Hafnfirðinga, en ber það aldrei út sjálfur, þótt hann smeygi jólablaðinu inn um lúguna hér. Hann segir menn alltaf eiga eftir að njóta þess að fá blaðið heim til að lesa í ró og næði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJARÐARPÓSTURINN Í HAFNARFIRÐI:** FAGNAR ALDARFJÓRÐUNGS AFMÆLI

# Málpípa allra Hafnfirðinga

„Ég man þegar ég tók við Fjarðarpóstinum, með innan við viku fyrirvara, að ég settist inn í bíl og keyrði í ofboði um bæinn í leit að einhverju fréttnæmu til að fylla heilt blað. Síðan hefur ekki verið skortur á fréttaefni í Firðinum og reyndar svo mikið að gerast að ég hef ekki getað sinnt nema broti af því,“ segir Guðni Gíslason, ritstjóri Fjarðarpóstsins, sem nýverið stóð á aldarfjórðungs tímamótum, en fyrsta tölublaðið kom út 29. dag septembermánaðar árið 1983.

„Mér bauðst að taka við blaðinu árið 2001 en neitaði í fyrstu þar sem mér þótti starfið of bindandi. Eftir nánari umhugsun ákvað ég að slá til og hef síðan skrifað 345 blöð, eða 48 blöð á ári,“ segir Guðni sem var ritstjóri Skátablaðsins áratuginn áður en hann tók við Fjarðarpóstinum og hefur með einum eða öðrum hætti vasast í útgáfu frá unglingsaldri.

„Það er óskaplega gaman að vinna að Fjarðarpóstinum en stundum spyr maður sjálfan sig hvað maður sé að gera í þessu. Starfið ýtir undir forvitni og með myndavél og penna að vopni kemst maður alls staðar inn til að svala henni,“ segir Guðni sem flutti til Hafnarfjarðar á fimmta ári og þekkir lungann af bæjarbúum og bæinn sinn vel.

„Metnaður fyrir hönd bæjarfélagsins rekur mig áfram og ég kaupi ekki að blaðamenn séu hlutlausir, þótt ég reyni vitaskuld að segja hlutlaust frá því sem ég sé og heyri í bænum, þrátt fyrir sterkar skoðanir,“ segir Guðni, sem í upphafi tók ákvörðun um að skrifa ekki leiðara en fann í fyrsta blaðinu engan stað betri fyrir þakkir til fyrrum ritstjóra.

„Ég setti þá mynd í leiðarann til að menn gætu séð hvernig ég liti út og bar á henni hatt sem fljótlega varð einkenni mitt. Ég hef nú gengið með sixpensara í nokkra mánuði en reglulega velt því fyrir mér að taka upp hattinn, en miðað við hvað gerst hefur með ritstjóra með hatta yrði sennilega óvinsælt að taka upp hattinn á ný,“ segir Guðni og skellir upp úr.

Fjarðarpóstinum er dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði og á Álftanesi, auk þess sem lesa má blaðið á www.fjardarposturinn.is.

„Framtíðin er björt, þótt trúlega verði timburmenn í vor. Hingað til hefur gengið vel og burtséð frá efnahagsástandinu og framtíð fréttamiðla á netinu held ég að nostalgían liggi einmitt í því að fá Fjarðarpóstinn inn um lúguna til að blaða í í rólegheitum heima. Fjarðarpósturinn er málpípa bæjarbúa og lesinn spjaldanna á milli hér heima og víða um heim af Hafnfirðingum. Bæjarblað er feikna sterkur miðill fyrir bæjarbúa, því í því stendur það sem þeim er ætlað. Og menn sem efast hafa um mikinn lestur Fjarðarpóstsins og fengið birta mynd af sér á tímamótum hafa orðið undrandi á þeim miklu viðbrögðum sem þeir hafa fengið eftir að hafa sést í blaðinu,“ segir Guðni um Fjarðarpóstinn sem í gegnum tíðina hefur haft mismunandi áherslur, en er ekkert óviðkomandi.

„Það er stundum sagt að Hafnfirðingar séu sér þjóðflokkur og þannig viljum við hafa það. Að segja frá ómerkilegum hlutum á landsvísu en hampa því sem við höfum. Hér ríkir mikill bæjarbragur, þótt pólitíska lífið hafi verið þunglamalegt undanfarið. Fólk hefur skoðanir, vill koma þeim á framfæri og þannig er umræða lífleg um bæinn, hvort sem það er á kaffistofum eða í túnfætinum. Við látum svo Hafnarfjarðarbrandarana öðrum eftir að hlæja að, en gerum vitaskuld grín að sjálfum okkur líka.“

thordis@frettabladid.is






# Pistasíulamb
## í hungangssinnepshjúpi

**Fyrir 6 manns**

1 stk lambalæri
6 bökunarkartöflur
3 stk steinseljurætur
6 gulrætur
100 g pistasíuhnetur
100 g hunang
100 g grófkorna sinnep
2,5 dl rjómi
30 g þurrkaðir villisveppir
8 flúðasveppir
1 Skarlottlaukur
2 hvítlauksgeirar
½ búnt steinselja
1 flaska rauðbeðusafi
2 glös rauðvín
1 stk kanilstöng
lambakraftur
ferskt íslenskt tímían og rósmarín

Gulrætur og steinseljurætur skrældar og skornar gróft niður. Því næst eru þær forsoðnar í u.þ.b. 4-5 mín. Setjið þær síðan í eldfast mót og leggið til hliðar. Skerið lykilbeinið í lærinu frá við hækilinn. Hrærið saman gróft sinnep og hunang, smyrjið yfir lambalærið ásamt salti og pipar. Gætið þess að nota bara helminginn af hunangsblöndunni í fyrsta skiptið. Leggið lambalærið ofan á grænmetið í eldfasta mótinu og steikið í ofni við 160° (miðað við 45 mín. á kíló). Hafið lok á mótinu síðasta korterið. Takið lokið af og smyrjið afganginum af hunangsblöndunni yfir lambið og stráið síðan söxuðum pistasíunum yfir. Hækkið þá ofninn í 175°. Skrælið kartöflurnar, brytjið þær niður og sjóðið í 3-5 mín. Leggið villisveppina í bleyti í vatn. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og látið krauma á pönnu. Skerið flúðasveppina og bætið á pönnuna, því næst kartöflunum og villisveppunum. Hellið svo rjómanum út á og setjið allt í eldfast mót. Bakið þetta í ofni í 30 - 45 mín. um leið og lambið.

### Sósa

Sjóðið rauðbeðusafann og rauðvínið niður um 2/3. Bætið vatni og lambakrafti út í. Þegar lambið er fulleldað er öllum safanum úr steikarmótinu, hellt saman við sósuna og beðið eftir suðu.

Lambakjöt

## Friðgeir Ingi
Yfirkokkur á Hótel Holti

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJÖT.IS

# Áramóta annáll Markaðarins

Kemur út 30. desember




## Meðal efnis í blaðinu:

- Innlendur og erlendur viðskiptaannáll.
- Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.

## Auglýsendur athugið!

Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma.

Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: orn@frettabladid.is, sími: 512 5448.

FRÉTTABLAÐIÐ




# Jólasveinninn og Jesús

NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson



Fréttavefur RÚV greindi frá því í gær að sjötíu prósent Breta telji að Lúkas guðspjallamaður hafi ýkt stórlega eða jafnvel logið þegar hann skrifaði söguna um fæðingu Jesú Krists. Við fréttina er svo bætt að breskir klerkar séu í öngum sínum yfir þessu tíðindum. Þeir benda á að fólk reki hálfgert trúboð fyrir jólasveininn en sé nokk sama um barnið í Betlehem. Bretar séu því farnir að halda jól til að fagna komu jólasveinsins, Jesús er aukaleikari í veislunni.

Þetta hefur allt sínar skýringar. Jesús hefur til að mynda aldrei fengið neitt barn til að fara sofa snemma. Foreldrar, úttaugaðir af jólaösinni, þrá ekkert heitar en smá frí á kvöldin. Smá stund til að geta notið kyrrðar og róar og fá tækifæri til að velta því fyrir sér hvort VISA-heimildin sé nokkuð horfin. Og þegar smáfólkið kemur, segist ekki geta sofið fyrir spennu þá dettur engu foreldri til hugar að segja: „Jú, þú verður að fara sofa því annars kemur Jesúbarnið ekki.“ Nei, barnið veit sem er, að Jesúbarnið kemur ekki með neina alvöru-gjöf. Svo stendur líka í guðspjalli Lúkasar að það hafi í raun komið fyrir 2008 árum og þar stendur ekkert um að það eigi alltaf að koma á jólunum.

Jólasveinninn gerir það. Og gerir það með stæl; á fljúgandi snjósleða. Og þess vegna er miklu auðveldara að sannfæra barnið um að leggjast á koddann og loka augunum því annars þjóti jóli bara framhjá. Svo er sagan um fljúgandi hreindýr, gjafaverksmiðju og góðlegan karl líka miklu trúverðugri en sögurnar af eilífu lífi, fyrirgefningu syndanna og upprisu holdsins. Slíku er heldur ekki hægt að pakka inn í gjafapappír og setja undir jólatréð.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




NÓATÚN
20 ÁR Á TOPPNUM!
Í 20 ár hefur Húsavíkur hangikjötið
verið vinsælasta hangikjötið í Nóatúni.
Njóttu aðeins þess besta um jólin!
1. sæti
Margverðlaunað hangikjöt
HÚSAVÍKUR KJÖT
NORÐLENSKA
Allar verslanir opnar til kl. 21 fram að jólum*
*Selfoss til kl. 22

**!** **Kl. 20**
*Fjórða Tómasarmessan í Breiðholtskirkju í Mjódd á þessu hausti verður sunnudagskvöldið 28. desember kl. 20. Er þetta jafnframt í annað sinn sem haldin er sérstök „jóla-Tómasarmessa“ og verður af því tilefni frumfluttur nýr jólasálmur eftir Pál Magnússon. Tómasarmessan hefur unnið sér fastan sess í kirkjulífi borgarinnar, en slík messa hefur verið haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd síðasta sunnudag í mánuði, frá hausti til vors, síðustu ellefu árin og er sami háttur hafður á í vetur*

# menning
menning@frettabladid.is

# Björk og Jón Gnarr í Norræna

Jóladagatal Norræna hússins býður upp á tvo landskunna listamenn síðustu dagana fyrir jól, en allan þennan mánuð hafa ýmsir troðið þar upp og hefur ekki verið tilkynnt hvaða gestir verða á ferðinni þar til nú. Dagatalið fer þannig fram að á hverjum degi kl. 12.34 eru ýmsir listamenn með uppákomu í 15-20 mínútur. Eins og vera ber í jóladagatali veit maður ekki fyrirfram hvað er bakvið hvern glugga, en víst er að listamennirnir sem taka þátt í dagatalinu eru meðal þeirra fremstu á Íslandi.

Í dag og á morgun er von á tveimur góðum gestum. Lífskúnstnerinn og leikarinn Jón Gnarr verður annan daginn en hinn gerist sá fáheyrði atburður að Björk Guðmundsdóttir verður andlit dagatalsins. Það er sagt búið að kíkja en ekki fást menn til að greina hvort þeirra verður á ferðinni í dag eða á morgun. Það er því best að mæta báða dagana.


**MENNING** Björk Guðmundsdóttir treður upp í jóladagatali Norræna hússins í dag eða á morgun.

**> Ekki missa af…**

Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú fyrir jólin og verða síðustu tónleikarnir í þessari röð í kvöld í Dómkirkjunni. Á efnisskránni í ár eru hinn þekkti Óbókvartett og Kvintettar fyrir klarinettu, bassetthorn og strengi. Að venju lýkur tónleikunum á því að Camerarctica leikur jólasálminn góða, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“, sem er úr Töfraflautunni eftir Mozart. Hefjast þeir kl. 21.

# Leiðrétting

Ranghermt var í ritdómi um skáldsögu Steinars Braga hér á síðunni fyrir fáum dögum að sagan væri gefin út af Nykri. Forlagið Nyhil gefur skáldsögu Steinars út. Eru viðkomandi beðnir afsökunar á þessum mistökum.

Skáldsaga Steinars hefur hlotið mikla athygli og vakið umtal sem mun aukast eftir hátíðir þá fleiri hafa lesið hana. Nýhil er félagsskapur ungra höfunda og hefur staðið fyrir kraftmikilli útgáfu á margs konar textum síðari misseri.


**BÓKMENNTIR** Steinar Bragi rithöfundur.







# Loftkastalinn opnaður á ný

**Nýtt atvinnuleikhús hefur göngu sína í Reykjavík í vor: Bjarni Haukur Þórsson leikhúsmaður hefur náð samkomulagi við eigendur Loftkastalans við Seljaveg um leigu á leikhúsaðstöðu þar og hyggst reka þar alþýðuleikhús og stefnir á fyrstu frumsýningu í vor.**

„Þetta verður engin leigubúlla, þetta verður atvinnuleikhús með alvörunöfnum,“ segir Bjarni Haukur. Thorson productions - Íslenska leikhúsgrúppan mun standa fyrir rekstri í húsinu sem hefur verið ónotað um nokkurt skeið: „Nú eru þarna komnir inn iðnaðarmenn og byrjað að taka til. Húsið verður tekið algerlega í gegn, byrjað á anddyrinu og farið svo inn úr.“

Húsnæðið er mörgum leikhúsgestinum kunnugt. Í gamla vélasal vélsmiðjunnar Héðins sá leikhúsáhugafólk möguleika á lausn á leikhúsi svo snemma sem 1986 en þá var verið að rýma húsið. Það var leikflokkur Guðjóns Pedersen og Hafliða Arngrímssonar sem settist loks þar að og hélt þar úti starfsemi um nokkurra ára skeið. Eftir sýningar á Hárinu í Gamla bíói sumarið 1994 tók Flugfélagið Loftur við húsinu, kallaði það Loftkastalann og hóf þar rekstur, en að því stóðu Baltasar Kormákur, Hallur Helgason og Ingvar Þórðarson. Var húsið mikilvirk viðbót við rekstur atvinnuleikhúsa í Reykjavík á þessum tíma og nutu margar sýningar á þeirra vegum verulegra vinsælda. Þar áttu aðrir leikhópar innkomu. Eftir að þeir hurfu frá rekstrinum var húsið áfram í notkun þar til ljóst var að eigendur hygðust rífa alla blokkina og byggja þar stórt íbúðarhús. Með sviptingum á fjármálamarkaði hefur þeim áformum verið slegið á frest.


**LEIKLIST** Bjarni Haukur opnar Loftkastalann á ný til leiksýninga.

Bjarni er ekki tilbúinn á þessu stigi að greina frá verkefnum en er þegar búinn að tryggja sér verk til sýninga, söngleiki, gamanleiki og verk fyrir alla fjölskylduna. Hann stefnir að þrem til fjórum verkefnum á ári og verður húsið falt til tónleikahalds og annars samkomuhalds. Salurinn tekur rúmlega 400 gesti í sæti og er því sambærilegur að stærð og stórir salir Borgarleikhúss, Þjóðleikhúss og Austurbæjarbíós. Mikill skortur hefur verið á leiksýningaraðstöðu í Reykjavík undanfarin misseri. Tjarnarbær er enn í endurbyggingu, Austurbæjarbíó lokað og er því Loftkastalinn kærkomin viðbót í leikhúsflóru höfuðborgarsvæðisins.

Bjarni Haukur segir verkefnið stórt og hann vænti ekki framlags til reksturs hússins. „Yfirbygging verður í lágmarki, þetta verður sjálfbært atvinnuleikhús.“

pbb@frettabladid.is

# Til minningar um Puccini

Í kvöld verður þess minnst að 150 ár eru liðin frá fæðingu Giacomo Puccini, eins dáðasta og vinsælasta óperuhöfundar allra tíma. Það er sendiráð Ítala hér á landi sem stendur fyrir tónleikunum og er aðgangur ókeypis en tónleikarnir verða í Neskirkju og hefjast kl. 20.

Á tónleikunum ætla hinir vinsælu söngvarar Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jóhann Friðgeir Valdimarsson ásamt Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara, að flytja nokkrar af frægustu aríum tónskáldsins. Af nógu er að taka því fáar aríur - og dúettar - úr verkasafni óperunnar hafa notið jafn mikillar hylli og þær eftir Puccini. Margar þeirra nálgast það að vera popplög ef litið er til vinsælda.

Nokkrar af helstu óperum hans hafa verið fluttar hér á landi: La Boheme fyrst í Þjóðleikhúsinu af Félagi óperusöngvar á miðjum sjötta áratugnum og aftur 1981. Þá setti Óperustúdíóið verkið upp 1992 í Borgarleikhúsinu. Íslenska óperan hefur sinnt verkum hans vel: Tosca í tvígang, í nóvember 1989 og febrúar 2005, Madama Butterfly í nóvember 1995 og mars 2003, en Þjóðleikhúsið hafði sett hana fyrst upp 1965. La Bohème í febrúar 2001 og Suor Angelica og Gianni Schicchi voru flutt í Óperustúdíói Íslensku óperunnar í mars 2007. Áður hafði Systir Angelica verið flutt á vegum Emelíu 1990.

Giacomo Puccini fæddist þann 22. desember árið 1858 inn í mikla tónlistarfjölskyldu. Hann var af tónskáldum komin í karllegg í fjórða lið. Allir fæddust þeir í borginni Lucca í Toskana-héraðinu á Ítalíu. Puccini var fimmti í röð sjö systkina og var aðeins fimm ára þegar faðir hans lést. Hann var settur til tónlistarmennta kornungur, tíu ára var hann drengjasópran við San Martino og San Michele kirkjurnar og fjórtán ára var hann farinn að starfa í íhlaupum sem kirkjuorganisti í nágrenni Lucca. Um svipað leyti fór Puccini einnig að fikta við tónsmíðar og eru flest verkanna fyrir orgel og bera með sér að vera æskuverk. Árið 1874 innritaðist Puccini í tónlistarkonservatorium í Lucca og kynntist þá verkum Verdis, kynnti sér bygginu Rigletto, Il Trovatore og La Traviata í þaula. Undir áhrifum frá þessum verkum Verdis samdi Puccini hljómsveitarverkið Preludo Sinfoico árið 1976. Það var sýning á Aidu í Pisa árið 1876.


**TÓNLIST** Sigrún Hjálmtýsdóttir tekst á við þekktar aríur Puccini í kvöld í Neskirkju

Það var fyrst með annarri óperu sinni að hann vakti athygli: Manon Lescaut sem frumflutt var árið 1893. Ólíkt því sem að gerðist með Edgar, ætlaði nú allt um koll að keyra. Hvívetna fékk verkið glimrandi viðtökur. Á eftir fylgdu svo La Bohéme (1896) Tosca (1900) og Madame Butterfly (fyrst frumflutt 1904 en er til í þremur öðrum endurskoðuðum útgáfum). Á eftir þessum þremur gimsteinum óperubókmenntana komu svo La fanciulla del West (1910), La Rondine (1917) og Il Trittico (1918) sem samanstendur af þrem einþáttungsóperum og að lokum Turandot sem að Puccini entist ekki aldur til þess að ljúka við, en hann lést 29. nóvember 1924, heldur var hún fyrst frumflutt tveim árum síðar í fullgerði útgáfu Franco Alafno og stýrði Arturo Toscanini frumflutningi.



Gjafir sem gagn er að
Silit
Áhöld, pottar, pönnur
og fylgihlutir í eldhúsið
- úrvalið er á ef.is
KitchenAid
Keramík steytill til að mylja hráefni.
VERÐ 1.690
Sker epli í báta og skilur frá kjarna.
VERÐ 2.950
Hvítlaukspressa með uppdraganlegu sigti.
VERÐ 3.690
Saeco
Frábær jólatilboð á betri kaffivélum
Saeco Incanto Deluxe
Sjálfvirk 1200 w kaffivél með Digital skjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 300g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.
HÁTÍÐARVERÐ
79.990
FULLT VERÐ 139.900
SEVERIN
Gæði á góðu verði
Sjálfvirk 600w brauðbakstursvél. 12 stillingar fyrir brauð-, botna- og kökugerð. Viðloðunarfrí form. Stáláferð.
VERÐ 19.990
Öflug 600w safapressa.
VERÐ 13.990
8 bolla kaffikanna sem sýður vatnið.
VERÐ 15.900
Saeco Talea Touch
Sjálfvirk 1300 w kaffivél með Digital snertiskjá og SBS kerfi, 2 kötlum úr ryðfríu stáli, keramík kvörn, 250g baunahólfi ofl. Tekur einnig malað kaffi.
HÁTÍÐARVERÐ
89.990
FULLT VERÐ 159.900
MEÐ SNERTISKJÁ
KitchenAid
Gjöf til framtíðar
KitchenAid 5KIT780EWH
Hágæða brauðrist með tímastilli.
VERÐ 37.900
KitchenAid 5KSB52EWH
500w blandari með 5 hröðum, stórum stálhníf og glerkönnu.
VERÐ 29.900
KitchenAid 5KFPM770H
650 W matvinnsluvél með fjölnota blaði úr stáli, deigblaði, eggjaþeytara ofl.
VERÐ 47.900
TOSHIBA
Hágæða LCD sjónvörp í öllum stærðum
Panasonic NNE205
19 lítra 800w örbylgjuofn með afþýðingu.
VERÐ 14.990
Panasonic
Örbylgjuofnar í úrvali
Matreiðslubók á íslensku með 150 uppskriftum fylgir
GRÆNMETISKVÖRN
FYLGIR TILBOÐI
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR
TILBOÐSVERÐ
69.920
FULLT VERÐ 87.500
KitchenAid KSM150 Hvít
DENON
Hljómtæki og heimabíó í miklu úrvali
WilliamBounds
Hágæða pipar- og saltkvarnir
- margar gerðir
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opið til kl. 22 í kvöld í öl
25% AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
1424 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR.
20% AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT ÚRBEINAÐ
HANGILÆRI 2398 kr./kg.
MERKT VERÐ 2998 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1798 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR.
298
BÓNUS FROSOÐNAR
KARTÖFLUR
900 gr 298 kr.
595
EMMES JÓLAÍS 1,5 litrar 595 kr.
259
KF SYKURGLJÁI FYRIR
KARTÖFLUR 550g 259 kr.
KF HAMBORGARHRYGGS
GLJÁI 320g 259 kr.
30% AFSLÁTTUR
NF REYKTUR LAX 1259 kr./kg.
598
BÓNUS ÍSTERTA 8 MANNA 598 kr.
359
KF WALDORFSALAT 350g 359 kr.
KF ÁVAXTASALAT 280g 359 kr.
30% AFSLÁTTUR
NF GRAFINN LAX 1259 kr./kg.
259
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR
1 ltr. 259 kr.
30% AFSLÁTTUR
UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
559 kr. MERKT VERÐ 798 KR./KG.
129 kr. stk
NÝBAKAÐ BAGUETTE
ALLA DAGA Í BÓNUS
ALLIR BESTU MOLARNIR
Í EINUM KASSA.
1598
NÓA KONFEKT 650 GR
1598 kr.
298
498
TE & KAFFI JÓLAKAFFIÐ
400 gr 498 kr.
DILETTOKAFFI 400g 298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: MÁNUDAGUR FRÁ 12.00 TIL 22.00



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
llum verslunum Bónus
HAMBORGAR-
HRYGGUR
30%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN
30%
AFSLÁTTUR
MEÐ BEINI 1329 kr./kg.
MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
ÚRBEINAÐUR 1749 kr./kg.
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.
498
ALI GRÍSABÓGUR FERSKUR 498kr./kg.
698
ALI GRÍSABÓGUR REYKTUR 698kr./kg.
598
ÍSLANDSGRÍS GRÍSARIFJASTEIK M/PURU
598 kr./kg.
NÝTT Í BÓNUS
KALKÚNABRINGA
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSGRÍS HAMBORGARHRYGGUR
1329 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
2498
K.B. FROSIN KALKÚNABRINGA
2498 kr./kg.
2498
USA KALKÚNABRINGA
ELDUÐ 2498 kr./kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: MÁNUDAGUR FRÁ 12.00 TIL 22.00

> VORKENNIR BRITNEY

Harry Potter-leikkonan Emma Watson vorkennir ofurstjörnum á borð við Britney Spears og Lindsay Lohan vegna þess að þær fá aldrei tækifæri til að lifa venjulegu lífi eins og hún. „Líf mitt er venjulegra en fólk heldur. Ég myndi aldrei vilja vera svo fræg að ég gæti ekki lifað eðlilegu lífi. Ég get ekki ímyndað mér einmanalegra líf, að geta ekki verið hluti af hinum raunverulega heimi og að vera fastur í hótelherbergjum og bílum," sagði Watson.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# De Niro-veggspjald gagnrýnt

Siðanefnd samtaka auglýsenda í Bretlandi hefur úrskurðað að staðsetning kvikmyndaplakats nýjustu kvikmyndar Roberts De Niro og Al Pacino, Righteous Kill, hafi verið óviðeigandi á sínum tíma. Plakatinu var komið fyrir á Stockwell-lestastöðinni á meðan rannsókn fór fram á máli Jean Charles de Menezes sem myrtur var af breskum lögregluþjónum skömmu eftir hryðjuverkaárásirnar í London í júlí.

Það sem fór mest fyrir brjóstið á samtökum auglýsenda var textabrotið: „There's nothing wrong with a little shooting as long as the right people get shot," sem myndi útleggjast á íslensku: „Það er ekkert að því að skjóta einhvern, svo lengi sem það er réttur maður sem verður fyrir skotinu." Í úrskurðinum kemur fram að hvergi er hvatt til ofbeldis á plakatinu en að aðstandendur myndarinnar hefðu mátt gera sér grein fyrir því að staðsetningin gæti orkað tvímælis í ljósi atburðanna. Hins vegar væri engin ástæða til þess að gera neitt frekar í málinu.

Tvær aðrar kvikmyndir voru teknar fyrir hjá siðanefndinni. Annars vegar glæpamyndin Rock N Rolla en plakat þeirrar myndar þótti hefja byssueign upp til skýjanna og hins vegar myndbrot úr kvikmyndinni Bangkok Dangerous með Nicolas Cage en það þótti of ofbeldisfullt til að vera sýnt fyrir klukkan níu á kvöldin. Siðanefndin hafnaði fyrri kröfunni en féllst á þá seinni og verður því myndbrot Bangkok Dangerous sýnt seinna á kvöldin í bresku sjónvarpi.



**ORKAÐI TVÍMÆLIS** Staðsetning plakatsins úr kvikmyndinni Righteous Kill þótti orka tvímælis en það var sett upp á þeim stað þar sem Jean Charles de Menezes var drepinn 2005.



**ORÐIN FRAKKAR** Angelina Jolie og Brad Pitt hafa komið sér fyrir í notalegu húsi í Frakklandi og ætla sér að hafa þar aðsetur um ókomna tíð. NORDICPHOTOS/GETTY

## Flytja til Frakklands

Brad Pitt, Angelina Jolie og börnin þeirra sex hafa ákveðið að setjast að í Frakklandi, Þetta staðfestir Pitt í samtali við tímaritið Hello. Hann viðurkennir að þessi þeytingur sem kvikmyndastjörnur þurfi sífellt að vera á hafi ekki farið vel í börnin og að nú þurfi þau einhvern fastan samastað. „Þau hafa farið heimshornanna á milli og verið á stöðugum flækingi undanfarið ár. Þetta gengur ekki lengur og við viljum búa þeim alvöru heimili."

Pitt segist vera mikill aðdáandi Frakklands og kunni vel við sig meðal Fransmanna. „Það er virkilega gott að búa hérna, krakkarnir okkar geta hlaupið frjálsir um og okkur semur vel við þorpsbúa," segir Pitt en hvergi í fréttinni kemur fram hvar hús þeirra hjóna er. Brad Pitt er um þessar mundir að leika í nýjustu kvikmynd Quentin Tarantino, Inglorious Bastards, en tökur á henni fara fram í Þýskalandi. Hann á því auðveldara með að skreppa í helgarferðir heim til Frakklands en kannski að fljúga alla leið til L.A.






# Milljarðamæringi hent út vegna íslensks plötusnúðs

**Íslenski plötusnúðurinn AC Bananas, betur þekktur sem Erling Egilsson úr Steed Lord, kom heldur betur við sögu í hálfgerðum hópslagsmálum sem brutust út á þotuliðsstaðnum Bungalow 8 í London.**

Joseph Corre, einum þekktasta mannréttindafrömuði Bretlands, var hent út af skemmtistaðnum Bungalow 8 í London á föstudagskvöldið. Ástæða þess var að hann heimtaði að önnur gerð af tónlist yrði spiluð. Plötusnúðurinn sem var ábyrgur fyrir tónlistarvalinu var Erling Egilsson, AC Bananas úr hljómsveitinni Steed Lord. Frá þessu er greint í breska blaðinu Daily Mail. Málið þykir mikið hneyksli enda ekki á hverjum degi sem kemur til ryskinga milli dyravarða og milljarðamæringa á svona stað. Umræddur maður, Joseph Corre, er sonur tískudrottningarinnar Vivianne Westwood. Corre auðgaðist mjög þegar hann seldi undirfatalínu sína fyrir 60 milljónir punda eða tíu milljarða íslenskra króna.

Corre mætti á staðinn með svipaðan hatt og Malcolm McDowell skreytti sig með í Clockwork Orange. Hann hafði fengið sér aðeins í tána og sat með félögum sínum á efri hæð staðarins. Corre var ekki par sáttur við tónlistina sem Elli bauð upp á. Aðrir gestir kvörtuðu ekki og virtust skemmta sér konunglega. Corre áleit sig sjálfskipaðan tónlistarstjóra og fannst besta ráðið til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri að öskra á Erling. Vildi Corre fá að heyra rokk og ról að sögn Daily Mail. Þetta fór heldur illa ofan í aðra gesti staðarins og báðu dyraverðir Corre um að lækka róminn eða fara. Hann hlýddi engum fyrirskipunum og tók að öskra enn hærra. Í kjölfarið var ákveðið að henda honum út og kom til nokkurra slagsmála þar sem Corre virtist hafa verið kýldur, beint á nefið.



**STJÖRNUVINUR** Joseph Corre er vinur fólks úr efstu stéttum bresk þjóðlífs. Hans besta vinkona er Kate Moss. NORDICPHOTOS/GETTY

Drykkklanga stund tók að koma Corre útaf staðnum, alblóðugum, en málið þykir mikið hneyksli meðal þotuliðsins í Bretlandi enda ekki á hverjum degi sem einhverjum er hent út af Bungalow 8. „Þetta gerist aldrei, Bungalow er staður fyrir stjörnur í hæsta gæðaflokki," sagði einn fastagestur við Daily Mail. Corre þekkir nóg af slíku fólki en hann er besti vinur Kate Moss og sir Eltons John. Hann er einhver öflugasti mannréttindafrömuður Breta og berst fyrir lokun Guantanamo-fangelsisins á Kúbu. Af Erling er það hins vegar að segja að hann hélt bara áfram og lék fyrir gesti langt fram á nótt.

freyrgigja@frettabladid.is



**TÓNLISTIN RÓT ALLS** Tónlistin sem Erling lék fyrir gesti á Bungalow 8 mæltist vel fyrir hjá öllum nema einum; honum var líka hent út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fékk stóra köku í afmælisgjöf

Leikkonan Katie Holmes varð þrítug síðastliðinn fimmtudag. Hátíðarhöld voru þó af skornum skammti vegna þátttöku hennar í leikritinu All My Sons í New York-borg.

Eiginmaður hennar, Tom Cruise, var einnig fjarverandi vegna frumsýningar á nýjustu mynd sinni Valkyrie, sem gerist í síðari heimsstyrjöldinni. Honum tókst engu síður að koma henni á óvart með því að senda henni risastóra afmælisköku sem var afhjúpuð eftir uppklappið í lok sýningarinnar. Með kökunni fylgdu skilaboð sem mótleikari Katie, John Lithgow, las upp fyrir áhorfendur. „Tom Cruise, góðvinur okkar, aðdáandi leikritsins og eiginmaður Katie, gat ekki verið hérna í kvöld," sagði Lithgow. „Hann er mjög svekktur yfir því að hafa ekki komist en vildi að fólk fyndi fyrir nærveru hans. Hann býður því ykkur öllum að halda upp á afmæli Katie."

Hún var vitaskuld hæstánægð með uppátækið og þakkaði áhorfendunum sem sungu fyrir hana afmælissönginn: „Takk fyrir að hafa komið á sýninguna. Það var virkilega gaman að hafa ykkur," sagði Katie, hrærð yfir hlýhug þeirra.



**TOMKAT** Tom Cruise sendi eiginkonunni risastóra köku í tilefni af þrítugsafmæli hennar. NORDICPHOTOS/GETTY



GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
tasco
Tasco 168RB
FERÐASJÓNAUKI með 10x stækkun og 25mm glerjum.
VERÐ 3.990
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
Dantax RR303SV
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi ofl.
VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ
TOSHIBA
MEÐ HDMI TENGINGU FYRIR FLATSKJÁI
Toshiba SD470
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með HDMI, Progressive scan, Video uppskölun í 1080p, DTS og Dolby Digital hljóðkerfi, PAL & NTSC, Scart, Component & Composite út, Digital Coaxial og G/D út ofl.
DVD VIDEO
VERÐ 16.990
FRÁBÆRT VERÐ
SanDisk
Hæð: 5.5
Breidd: 3.4
Dýpt: 1.6sm
SanDisk CLIP4GBSIL
Agnarsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, útvarp með minnum, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.
VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
Dantax CasinoPortable
FM FERÐAÚTVARP með innb. hleðslurafhlöðu, skvettuhelt, Aux inngangi og heyrnartólstengi.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
Lenco AUDIO-VIDEO
Lenco DF711W
7" LCD STAFRÆNN MYNDARAMMI með 480x234 upplausn, USB tengi og SD, MMC, MS og XD kortalesara.
VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL
JBL REF610BK
Þráðlaus HEYRNARTÓL með BlueTooth. Sendir fyrir iPod fylgir. Gengur einnig fyrir MP3, tölvur ofl. Stýra má iPod með á tökkum á tólunum. Næmni: 96dB. Tíðnisvið: 10Hz til 20kHz. 32 Ohm. Hleðslutæki og taska fylgir.
TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
JBL
JBL ONSTAGE MICRO
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3, CD ofl.
2 LITIR HVÍTT SVART
NÝTT FYRIR iPOD
Ath. iPod fylgir ekki.
VERÐ 21.990
FRÁBÆRT VERÐ
United DVP7046
Fjölkerfa FERÐA DVD SPILARI með 7" LCD breiðskjá, Dolby Digital, AV út og heyrnartólstengi. Hleðslurafhlaða, spennubreytir, taska og bílhleðslutæki fylgir.
UNITED
VERÐ 21.990
FRÁBÆRT VERÐ
OLYMPUS
Olympus FE360
Digital MYNDAVÉL með 8 milljón punkta uppl., 3x Optical og 4x/12x Digital Zoom, 6,3 - 18,9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Face Detection, Brightcapture Technology, Digital Image Stabilisation, Hreyfimyndatöku, USB 2.0 ofl. Tekur xD eða microSD kort.
VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ
22" DVD VIDEO MEÐ DVD SPILARA
United TVD8822
22" LCD SJÓNVARP með innbyggðum DVD spilara, 1680x1050 punkta upplausn, stereó hljóðkerfi, Scart, RCA, SVHS, VGA tengi og textavarpi.
VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips MC147
Hljómgóð 2x2w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic
Panasonic SCPT160
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 330w RMS magnara, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive Scan, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), USB, Scart, Component tengi ofl.
DVD VIDEO
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
enox.
ALVÖRU HEIMABÍÓHLJÓMUR
Enox CINEMABOX5
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, Progressive Scan, Dolby Digital, útvarpi með minnum, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, USB, SD kortalesari, Aux in ofl. 1 hátalari og 2 Tower bassabox.
DVD VIDEO
VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ
MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON
VEGGFESTINGAR
FYRIR ALLAR GERÐIR SJÓNVARPSTÆKJA, LCD, PLASMA OG MYNDVARPA
vogel's
BETRI KAUP
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Búum til klámmynd

Zack and Miri Make a Porno kemur úr smiðju Kevins Smith, sem hefur áður glatt áhorfendur með myndum á borð við Clerks, Chasing Amy, Dogma og nú síðast, Clerks II. Myndir Smiths einkennast af groddahúmor af bestu gerð, og tekst Smith að koma ótrúlegustu hlutum fyrir í samtölum án þess að skemma flæði þeirra. Zack and Miri… er engin undantekning þar á. Persónur myndarinnar, atburðarásin og samtöl eru afar vel heppnuð og í heildina séð er handritið býsna vel skrifað.

Seth Rogen hefur skapað sér nafn í gamanmyndabransanum á skömmum tíma með góðri frammistöðu þrátt fyrir að leika í raun oft sömu hressu og kærulausu týpuna. Rogen leikur Zack sem fær vinkonu sína, Miru, til þess að fremja með sér ódýra klámmynd til að eiga fyrir reikningunum. Elizabeth Banks leikur vinkonu hans. Fastagestur mynda Smiths, Jason Mewes (þekktur sem Jay úr tvíeykinu Jay og Silent Bob) fer með góða rullu ásamt Craig Robinson úr The Office-þáttunum.

Zack and Miri Make a Porno er með grófari gamanmyndum sem maður hefur séð á hvíta tjaldinu. Þrátt fyrir að vera eins dónaleg og sóðaleg og hugsast getur tapar Smith aldrei þessum sjarma sem einkennir handrit hans. Þeir sem leita eftir léttum groddahúmor ættu að finna margt og mikið við sitt hæfi.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**Zack and Miri Make a Porno**

Leikstjóri: Kevin Smith. Aðalhlutverk: Seth Rogen og Elizabeth Banks.

★★★★

Dónaleg og sóðaleg gamanmynd. Alveg frábær.

# Fengu bætur

Bresku grínistarnir Matt Lucas og David Walliams hafa unnið skaðabótamál sem þeir höfðuðu gegn breska tímaritinu The Daily Star Sunday. Í frétt þess frá því í september voru þeir sakaðir um að hafa misboðið samtökum samkynhneigðra í þætti sínum Little Britain USA.

Við réttarhöldin kom fram að samtökin sem um ræddi eru ekki til og var fréttin því algjör uppspuni frá rótum. „Ásakanirnar voru mjög særandi vegna þess að Walliams og Lucas töldu að rangt hefði verið greint frá sambandi þeirra við stóran aðdáendahóp sinn, hóp samkynhneigðra,“ sagði lögfræðingur þeirra.



**LITTLE BRITAIN** Bresku grínistarnir í Little Britain hafa unnið skaðabótamál sem þeir höfðuðu gegn Daily Star Sunday.








**VINSÆLL** Þorgrímur Þráinsson fékk góðar móttökur á Skagaströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Þorgrímur Þráinsson í guðatölu á Skagaströnd

**Þorgrímur Þráinsson las upp úr nýrri bók sinni á Skagaströnd á dögunum. Óhætt er að segja að hann hafi fengið höfðinglegar móttökur.**

„Auðvitað er ótrúlega gaman að fara svona norður yfir heiðar og gleðja heilt bæjarfélag,“ segir Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur með meiru. Hann endurnýjaði kynnin við Höfðahrepp á Skagaströnd á dögunum og las upp úr bók sinni, Þriðji ísbjörninn, fyrir krakkana í Höfðaskóla.

Tilefnið var ærið enda höfðu nokkur félög í bænum ásamt sveitarfélaginu sjálfu ákveðið að gefa nemendunum bókina hans. Ekki að ástæðulausu enda skrifaði Þorgrímur bókina í kjölfar þess að tveir ísbirnir gengu á land í nærsveitum Skagastrandar. „Þetta var mjög skemmtilegt og krakkarnir voru ekkert sparir á spurningarnar,“ bætir Þorgrímur við.

Adolf Berndsen, oddviti Höfðahrepps, segir að Þorgrímur hafi sett mjög skemmtilegan svip á bæjarlífið þegar hann dvaldist þar í sumar á listamiðstöðinni Nesi og skrifaði þar kvikmyndahandrit. „Já, hann setti mjög sterkan svip á samfélagið og blandaðist mjög vel inn í samfélagið, sat oft drykklangar stundir á kaffihúsum bæjarins og ræddi um landsins gagn og nauðsynjar við íbúana. Fólk hreifst mjög af þeim drifkrafti sem einkennir hann,“ segir Adolf og ljóst að Þorgrímur er nánast kominn í guðatölu meðal Skagstrendinga.

Adolf segist hafa hrifist af því þegar hann jafnhenti heilli barnabók á örskammri stundu þegar ísbjarnarævintýrið gekk yfir. Sveitarfélagið, í samstarfi við þau félög sem keyptu bókina, hyggst nýta sér þann ferska andvara sem Þorgrímur kom með til bæjarins og ætlar að efna til smásagnakeppni strax í byrjun nýs árs.

freyrgigja@frettabladid.is

# Slakar hvergi á

Simon Cowell ætlar ekki að draga úr svívirðingum sínum og gagnrýni í Idolinu á næsta ári þrátt fyrir sviplegt sjálfsmorð Paulu Goodspeed sem hafði setið um Paulu Abdul í sautján ár. Goodspeed tók eigið líf fyrir framan hús Abdul fyrr á þessu ári og hafði þrívegis mætt í áheyrnarprufur fyrir Idolið með engum árangri.

Cowell tók hana á beinið í öll skiptin en dómarinn er sannfærður um að framkoma hans hafi haft lítið að gera með sjálfsmorð Goodspeed. „Ég er ekki viss um að það hefði breytt einhverju ef ég hefði tekið á henni með einhverjum silkihönskum,“ segir Cowell. Hann viðurkennir þó að sjálfsmorðið hafi haft mikil áhrif á dómnefndina. Og að þau séu miður sín yfir þessum skelfilegu örlögum. Hann bætir því þó við að Idolkeppnin sé sjónvarpsþáttur, þar ráði ríkjum ákveðinn húmor og að enginn hafi haft hugmynd um hversu veik Goodspeed var í raun og veru. „Ég sé mest eftir því að við komum ekki auga á þetta fyrr. Ef þessi vitneskja hefði legið fyrir þá hefðum við getað gripið inn í og komið henni til hjálpar,“ segir Cowell. „Ég hef velt þessu mikið fyrir mér og komist að þeirri niðurstöðu að það var ekkert sem við gátum gert.“ - fgg



**VERÐUR ÁFRAM GAGNRÝNIN** Simon Cowell ætlar ekkert að slaka á klónni þrátt fyrir svipleg fráfall Paulu Goodspeed sem framdi sjálfsmorð fyrir framan hús Paulu Abdul.




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6 - 8 - 10:20 DIGITAL | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 DIGTAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 síð sýn | L |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
| TWILIGHT | kl. 6D - 8D - 10:30D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30D | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| BODY OF LIES | kl. 10:20 | 16 |
| TRAITOR | kl. 8 síð sýn | 12 |
| TWILIGHT | kl. 8 síð sýn | 12 |
| PRIDE AND GLORY síð sýn | kl. 10:20 | 16 |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| ZACK AND MIRI... | kl. 8 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6* | 12 |

*Síðustu sýningar

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 – ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |




# Kjötborg í valdar verslanir

Verðlaunamyndin Kjötborg er komin út á DVD. Hún verður þó ekki til sölu í hefðbundnum verslunum heldur í völdum búðum. Þeirra á meðal eru herrafataverslun Kormáks og Skjaldar, Skaftfell á Seyðisfirði, Brynja og Ranimosk á Laugaveginum og svona mætti lengi telja; allt verslanir sem ekki eru hluti af stórum verslanakeðjum. Enda segir Hulda að þeir bræður séu síðasta vígi smákaupsverslunar á Íslandi. „Og þeir berjast fyrir að halda henni á lífi með kímnigáfuna og kærleikann að vopni,“ bætir Hulda við.

Kjötborg er um þá bræður Gunnar og Kristján sem reka verslunina Kjötborg við Ásvallagötu í Reykjavík. Þær Hulda Rós Guðnadóttir og Helga Rakel Rafnsdóttir ákváðu að festa daglegt líf þeirra á filmu og afraksturinn varð heimildarmyndin Kjötborg. Myndin hefur sópað að sér verðlaunum á Íslandi, hlaut meðal annars aðalverðlaunin á Skjaldborgarhátíðinni sem er haldin á Patreksfirði. Þá var hún valin besta heimildarmyndin á hinum árlegu Eddu-verðlaunum. - fgg



**KJÖTBORG Á DVD** DVD-diskurinn um Kjötborg verður til sölu í völdum verslunum. Hér eru kvikmyndagerðarkonurnar Hulda Rós og Helga Rakel með Gunnari og Kristjáni Jónssonum í Kjötborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Reisir Eiffelturn Suðurnesja

**Guðmundur Rúnar Lúðvíksson varð þekktur á níunda áratugnum fyrir lög á borð við Súrmjólk í hádeginu. Nú er hann með nýtt verkefni á teikniborðinu sem á eftir að vekja mikla athygli.**



**AFKASTAMIKILL** Guðmundur Rúnar Lúðvíksson er með skemmtilegt verkefni í bígerð. MYND/SPESSI

Listamaðurinn Guðmundur Rúnar Lúðvíksson hefur fengið styrk upp á hálfa milljón frá Menningarráði Suðurnesja til að reisa verk sitt, Norðurljósaturnana, á Reykjanesi. „Þetta verður Eiffelturn Suðurnesja!“ segir Guðmundur. „Verkið verður átta metra hátt. Staðsetningin hefur ekki verið ákveðin enn þá, en ég er með nokkra heppilega staði í huga.“

Hugmynd Guðmundar er margslungin. Í gegnum fjögur málmrör verður hægt að horfa til himins óháð ljósi í kring. Rörin nýtast einnig sem hljóðlistaverk því öll umhverfishljóð magnast inni í þeim og þegar sungið er inni í þeim fást út mögnuð hljóð. Guðmundur vonast til að tenórarnir fjórir syngi inni í rörunum við vígslu verksins. „Ég vona að það verði nú bara sem fyrst,“ segir listamaðurinn. „Ég er búinn að finna út hvers lags málm ég nota, en það á eftir að útfæra ákveðna verkfræði varðandi verkið. Þetta er aðeins flóknara en að stilla gítar.“

Guðmundur er afkastamikill og fæst við ýmiss konar listræn verkefni auk turnasmíði, málar og teiknar, skrifar bækur og hefur samið ótal lög á ferlinum, meðal annars eitís-smellina „Háseta vantar á bát“ og „Súrmjólk í hádeginu“. Fjöldi plötutitla liggur eftir hann og nýjasti diskurinn heitir Dinglað upp á fólkið, sem hann gaf út í byrjun desember í takmörkuðu upplagi. Guðmundur vann ansi sár út í ráðamenn í Keflavík fyrr á árinu þegar gengið var framhjá lagi sem hann sendi í Ljósanæturlagasamkeppnina, en segist nú búinn að sættast við bæinn. „Ég er hér í góðu yfirlæti en maður verður nú bara að fá að hafa skoðanir. Á sínum tíma var ég ósáttur við framkvæmdina á keppninni, en það er svo sem ekkert nýtt að framkvæmdir við lagakeppnir séu skrítnar. Einu sinni sendi ég til dæmis tóma spólu í Eurovision og fékk til baka bréf frá Hrafni Gunnlaugssyni, sem ég á enn þá. Þar stóð að lagið væri gott, en því miður bærist það ekki í úrslit. Ég ætti þó endilega að halda áfram að fást við tónlist!“ drgunni@frettabladid.is



**BÆJARPRÝÐI** Líkan af Norðurljósaturnum Guðmundar Rúnars Lúðvíkssonar, sem rísa mun á Suðurnesjum.

# Lifandi latinpopp

Tómas R. Einarsson hefur gert það gott undanfarin ár með latindjass plötunum sínum Kúbanska, Havana og Romm Tomm Tomm. Á Trúnó heldur hann sig á svipuðum slóðum, en tekur annan pól í hæðina. Tónlistin er latin og djassskotið popp, en nú eru þetta tólf sönglög, níu þeirra gerð við ljóð þekktra höfunda (Ingibjörg Haraldsdóttir, Steinn Steinarr, Vilborg Dagbjartsdóttir, Laxness o.fl.) og þrjú þeirra við texta eftir Tómas sjálfan. Lögin eru eftir Tómas, en til að syngja þau fékk hann Ragnheiði Gröndal og Mugison. Ragnheiður syngur tíu af lögunum, Mugison eitt og eitt syngja þau saman.

Þetta er ágætlega heppnuð plata. Textarnir eru að sjálfsögðu góðir og lögin eru þeim alveg samboðin. Það sem gerir útslagið er hins vegar flutningurinn. Söngur Ragnheiðar nýtur sín vel á plötunni og hljómsveitin er skipuð eintómum snillingum. Bassaleikur Tómasar, píanó- og orgeltilþrif Davíðs Þórs Jónssonar, saxófóninnkomur Óskars Guðjónssonar og slagverksleikur Matthíasar Hemstock standa vel fyrir sínu og gítarleikur Ómars er sem fyrr í sérflokki. Flutningurinn er mjög lifandi og dýnamískur, en það er kannski mikilvægasta atriðið í tónlist af þessu tagi. Söngur Mugisons er alveg í lagi líka, en fellur samt svolítið í skuggann. Lögin eru flest hæggeng, en leikar æsast inn á milli, sérstaklega í lögunum Náungar mínir og Klof vega menn sem eru bæði mjög flott og alveg í góðu lagi að brjóta notalegheitin upp með smá látum.

Á heildina litið er Trúnó gæðagripur sem ætti að geta höfðað til breiðs hóps latin- og poppaðdáenda.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**

Trúnó

Tómas R. Einarsson

★★★★

Á Trúnó hefur Tómas R. gert djass- og latin-skotin popplög við ljóð nokkurra þekktra höfunda. Flott plata borin uppi af góðum söng og lifandi hljóðfæraleik.


GLÆSILEG NÝ
JÓLATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS
BÆKLINGUR
NÝR GLÆSILEGUR 4 BLS
BÆKLINGUR STÚTFULLUR
AF JÓLATILBOÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
LACIE
500GB
GLÆSILEGUR
LACIE FLAKKARI
19.900
HVERGI BETRA VERÐ
20"
SAMSUNG WIDE-
SCREEN SKJÁR
29.900
MESTA
ÚRVAL
LANDSINS
AF CREATIVE
A300
2.1 CREATIVE
HLJÓÐKERFI
4.990
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > Birgir Leifur fékk 2.200 evrur

Birgir Leifur Hafþórsson endaði í 65. sæti á opna suður-afríska meistaramótinu sem lauk á Pearl Valley vellinum í Höfðaborg í gær. Birgir Leifur lék lokahringinn á 73 höggum eða einu höggi yfir pari. Birgir Leifur lék hringina fjóra á tveimur höggum yfir pari og fékk 2.200 evrur í verðlaunafé sem gera um 375 þúsund íslenskar krónur. Birgir Leifur var 16 höggum á eftir suður-afríska golfaranum Richard Sterne sem tryggði sér sigur á mótinu. Hann var með 13 fugla á 72 holum, 11 skolla og tvo skramba en 46 holur lék hann á pari.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HEIÐAR HELGUSON:** BÚINN AÐ SKORA ÞRJÚ MÖRK Í SÍÐUSTU TVEIMUR LEIKJUM MEÐ QPR

# *Þeir eru ekki farnir að syngja til mín enn þá*

Heiðar Helguson er búinn að finna skotskóna sína með enska 1. deildarliðinu Queens Park Rangers og er búinn að skora þrjú mörk í síðustu tveimur leikjum með QPR.
„Ég hef alltaf skorað þar sem ég hef spilað og sá enga ástæðu fyrir því að það ætti að vera eitthvað öðruvísi hjá QPR,“ sagði Heiðar sem lofaði því á heimasíðu félagsins að mörkin myndu koma eftir að hann hafði ekki skoraði í fyrstu leikjum sínum. Heiðar stóð heldur betur við það, skoraði 1 mark um síðustu helgi og svo tvö mörk í 3-2 sigri á Preston á laugardaginn.
„Ég var ekki búinn að spila mikið undanfarna átján mánuði og það tók mann smá tíma að koma sér af stað en ef að maður ætlaði að vera mjög harður við sjálfan sig þá átti ég nú að vera búinn skora svona tvö mörk til viðbótar,“ segir Heiðar í léttum tón. Heiðar segist hafa fengið möguleika á að innsigla þrennuna en varnarmaður náði að pota boltanum frá honum þegar hann var að sleppa í gegn. „Ég er mjög ánægður með þennan leik sérstaklega af því að við náðum að skora sigurmarkið í lokin,“ segir Heiðar sem segir stigin hafa ekki komið í hús við takt við frammistöðu liðsins. „Það hefði verið mjög leiðinlegt að klára ekki þennan leik ekki síst þar sem við áttum líka að ná í fleiri stig í síðustu þremur leikjum á undan.“
Heiðar segir að liðið þurfi að fara vinna nokkra leiki í röð ef það ætli sér hærra í töflunni. „Ég held að við getum ekki náð efstu tveimur sætunum en það yrðu mikil vonbrigði ef við kæmumst ekki í úrslitakeppnina í vor,“ segir Heiðar sem finnur sig vel með sínu nýja liði.
„Leikstíll liðsins hentar mér mjög vel og liðið er að reyna að spila fótbolta. Eins og er þá erum við tveir frammi þannig að þetta er mjög fínt,“ segir Heiðar sem með sama áframhaldi ætti að gera orðið mikil hetja hjá stuðningsmönnum QPR sem taka mikinn þátt í leiknum á Loftus Road. „Ég held ekki að þeir hafi verið farnir að syngja til mín. Þetta var skemmtilegur leikur og það var mikið að gerast í honum þannig að það var mikill æsingur á pöllunum. Það er mjög gaman að spila fyrir þessa stuðningsmenn,“ sagði Heiðar að lokum.





**SIGURMARKINU FAGNAÐ** Barcelona er í góðum málum. NORDICPHOTOS/AFP

Barcelona vann Villarreal:

## Enginn Eiður

**FÓTBOLTI** Barcelona hélt áfram sigurgöngu sinni í spænsku úrvalsdeildinni þegar liðið vann 2-1 sigur á Villarreal á útivelli.

Sigurinn færði liðinu tíu stiga forskot á toppnum en liðið hefur nú á skömmum tíma unnið öll fjögur liðin sem standa næst þeim í töflunni. Barcelona er nú með 41 stig og 48 mörk út úr fyrstu 16 leikjum tímabilsins.

Barcelona lenti undir í leiknum en Seydou Keita jafnaði leikinn skömmu síðar og það var síðan Frakkinn Thierry Henry sem skoraði sigurmarkið með viðstöðulausu skoti eftir fyrirgjöf Xavi.

Eiður Smári Guðjohnsen missti sæti sitt í byrjunarliðinu til Sergi Busquets og sat á bekknum allan leikinn. **- óój**




Til leigu
iðnaðarhúsnæði
Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.
Upplýsingar í síma 480-0000


# Verður rosalegt ævintýri fyrir þær

**Ásthildur Helgadóttir, sem átti frábær ár í Svíþjóð, segir að íslensku landsliðskonurnar sem eru á leið til Svíþjóðar þurfi fyrst og fremst að aðlagast æfingaálaginu og ekki gleyma að hvíla sig vel á milli æfinga.**

**FÓTBOLTI** Ásthildur Helgadóttir ruddi brautina fyrir íslenskar knattspyrnukonur þegar hún spilaði stórt hlutverk hjá sænska liðinu Malmö frá 2003 til 2007. Áhuginn á íslenskum leikmönnum í Svíþjóð hefur verið mikill síðan og í vetur hafa sex leikmenn og einn þjálfari bæst í hóp þeirra tveggja sem hafa spilað í deildinni síðasta sumar. Ásthildur fagnar þessari þróun og bíður eins og aðrir spennt eftir því hvaða áhrif þetta mun hafa á íslenska landsliðið sem tekur þátt í sínu fyrsta stórmóti í Finnlandi í ágúst.

„Það er mjög gaman að þær séu allar að fara út. Ég reyndi að predika þetta þegar ég fór út á sínum tíma og sagði þeim þá hvað það væri rosalega mikill munur á að spila heima og þarna úti. Með fullri virðingu fyrir deildinni hérna heima þá er þetta bara tvennt ólíkt. Þarna er miklu meira æft og það skiptir svo miklu máli að fá að spila einn hörkuleik í viku,“ segir Ásthildur.

### Er að hjálpa Malmö

Ásthildur skoraði 46 mörk í 56 deildarleikjum fyrir eitt af bestu liðunum í Svíþjóð sem er frábær árangur.

„Ég bætti mig mjög mikið og það var rosalega gaman hvað gekk vel hjá mér. Ég þótti vera með bestu mönnum í þessari deild sem var frábært. Það skiptir miklu máli að íslenskir leikmenn hafa gott orð á sér og það er rosalega mikið hringt í mig og spurt um leikmenn. Ég er að hjálpa Malmö í að finna leikmenn og er að vinna fyrir þá hérna á Íslandi. Þeir eru mjög áhugsamir um íslensku stelpurnar,“ segir Ásthildur.

Ásthildur segir það enn skemmtilegra að leikmennirnir séu að dreifa sér niður á liðin.

„Það er mjög gaman að sjá þær dreifa sér á svona mörg lið og þetta verður rosalegt ævintýri fyrir þær. Það er miklu meira æft þarna, það kemur fleira fólk á leikina og svo fá þær að spila við hverjar aðrar þarna líka. Þær geta líka skipst á ráðum og það er bara styrkur að þær séu svona margar að fara út,“ segir Ásthildur og hún segir metnaðinn í að standa sig vel á EM í Svíþjóð örugglega vera kveikjuna af því af hverju svo margar landsliðskonur stukku nú á tilboð frá Svíþjóð.

### Vilja vera í toppformi á EM

„Það var búið að vera markmiðið hjá landsliðinu í mörg ár að komast á þetta stórmót og síðan þegar við náum því þá vilja allir standa sig sem best á því og vera í toppformi. Þá er næsta skref að fara í betri deild og betra lið þar sem eru stífar æfingar, meiri samkeppni og maður þarf að leggja harðar að sér,“ segir Ásthildur sem er samt viss um að með því að fara út og komast í svona góða deild þá gæti það hjálpað stelpunum við að lengja sinn feril.

Ásthildur veit hins vegar manna best að það bíður stelpnanna krefjandi undirbúningstímabil.

„Ég þekki það frá Malmö sem er eitt af topp þremur liðum í deildinni að þar eru miklar kröfur á æfingunum og hátt tempó. Það er æft átta sinnum í viku. Það sem þær þurfa fyrst og fremst að aðlagast er æfingaálagið og að maður þarf bara að hvíla sig á milli æfinga. Það þarf líka að hugsa um svefn og mataræði og því meira sem þær komast inn í þá rútínu því betra. Hvað fótboltann varðar þá eru leikmenn í sænsku deildinni með betri tæknilegan grunn og það er rosalega mikið um sendinga- og tækniæfingar. Ég myndi halda að allar þessar stelpur myndu bæta sig í því sem er mjög gott,“ segir Ásthildur.

### Ætlar að mæa til Finnlands

Ásthildur átti mikinn þátt í að breyta hugarfari landsliðsins á sínum tíma og fá leikmenn liðsins til að stefna hærra og setja þá pressu á að komast inn á stórmót. „Þetta er mjög spennandi og það var rosalega mikilvægt skref fyrir kvennaboltann hér á Íslandi að ná þessum áfanga að komast inn á stórmót. Það eru mjög margir sem eiga þátt í þessu og þetta hefur verið í rauninni tíu ára þróun. Þetta er frábær áfangi og ég ætla að mæta til Finnlands, það er engin spurning,“ segir Ásthildur og bætir við.

„Vonandi verða allar heilar og að spila með sínum liðum því þá verðum við í góðum málum í Finnlandi,“ sagði Ásthildur að lokum. **ooj@frettabladid.is**




Boltinn er hjá okkur!

Arsenal Bolton
9.-11. janúar
Verð á mann í tvíbýli:
78.900 kr.
Innifalið: : Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði.

Arsenal Fulham
Hópferð ARSENAL klúbbsins
27. feb. - 1. mars
Verð á mann í tvíbýli:
75.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn, gisting í tvær nætur með morgunverði.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


## ÍSLENSKAR LANDSLIÐSKONUR Í SÆNSKU KNATTSPYRNUNNI SUMARIÐ 2009

**Linköpings FC**
Margrét Lára Viðarsdóttir* — 22 ára sóknarmaður

**Djurgården**
Guðbjörg Gunnarsdóttir* — 23 ára markvörður

**Kristianstads DFF**
Erla Steina Arnardóttir — 25 ára miðjumaður
Hólmfríður Magnúsdóttir* — 24 ára miðju-/sóknarmaður
Guðný Björk Óðinsdóttir* — 20 ára varnar-/miðjumaður
Elísabet Gunnarsdóttir* — 32 ára þjálfari

**Tyresö FF í B-deild**
Ásta Árnadóttir* — 25 ára varnarmaður

**LdB FC Malmö**
Dóra Stefánsdóttir — 23 ára miðjumaður

**KIF Örebro DFF**
Edda Garðarsdóttir* — 29 ára miðjumaður
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir* — 26 ára varnarmaður

***Ný í Svíþjóð 2009**

**Þóra Björg Helgadóttir** er einnig að leita sér að liði og gæti hugsanlega bæst í hópinn áður en tímabilið byrjar í apríl.




# HÁTÍÐ Í BÆ

Njóttu alls þess besta um hátíðarnar og bjóddu upp á

nýja og girnilega **hátíðarskyrtertu frá Mjólku**.

MJÓLKA

www.mjolka.is



**FYRSTA DÝFINGAMÓTIÐ** Hér eru keppendur, dómarar og aðstandendur á Jólamóti Hins íslenska dýfingafélags, fyrsta dýfingamótinu sem fram fer á Íslandi. Gunnar Sigurðsson tryggði sér sigur í karlaflokki á undan þeim Þorvarði Goða Valdimarssyni og Antoni Heiðari Þórólfssyni. Hjá konum vann Jóhanna Rakel Jónasdóttir en næstar henni voru þær Valgerður Sigfinnsdóttir og Sara Glóð Jónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Skötuveisla í veitingahúsi í dag og á Þorláksmessu frá 10-22 opið allan daginn



Opið í verslun 08-18:30

Gallerý fiskur

Gleðileg jól

www.galleryfiskur.is

Nethyl 2, 110 Reykjavík. S: 587-2882



GÍTARINN HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Opið: Mán-Föst: 10-18 Lau: 11-16 Sun: 12-16



Rafmagnsgítartilboð

Rafmagnsgítar • 10 W Magnari • Poki • Ól • Stilliflauta • Snúra • Gítarneglur • Auka Strengjasett • E-Media diskur með kennslu, stillitæki, taktmæli, upptökutæki o.fl.

Verð kr: 29.900,-

Stórhöfða • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn @gitarinn.is


# Enn eitt jafntefli Liverpool

**Liverpool gerði fjórða jafnteflið í síðustu fimm leikjum og Chelsea getur því komist á toppinn í kvöld. West Brom og Newcastle trygðu sér bæði sigur í lokin.**

**FÓTBOLTI** Liverpool-menn gerðu enn eitt jafnteflið þegar þeir heimsóttu Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær. Arsenal-menn komust í 1-0 en léku síðustu 28 mínútur leiksins manni færri eftir að Emmanuel Adebayor var rekinn útaf. Gestirnir tóku ekki mikla áhættu í að nýta sér liðsmuninn, Arsenal hélt út leikinn manni færri og það var eins og bæði lið væru sátt með að skipta með sér stigunum.

Liverpool hefur ekki tapað í síðustu sjö leikjum en hefur engu síður þurft að horfa á eftir átta dýrmætum stigum í baráttunni um toppsætið við Chelsea þökk sé fjórum jafnteflum í síðustu fimm leikjum. Liverpool er nú tveimur stigum á undan Chelsea sem mætir Everton í kvöld.

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, lá heima fyrir framan sjónvarpið þar sem hann var að jafna sig eftir nýrnasteinaaðgerð. Það mátti þó oft sjá aðstoðarmenn Liverpool vera í símasambandi við stjórnann og reyna að koma skilaboðum hans áleiðis.



**RAUÐA SPJALDIÐ Á LOFT** Emmanuel Adebayor skilur ekkert í því að Howard Webb sýni honum rauða spjaldið. NORDICPHOTOS/GETTY

### Bergkamp-stíll á marki Van Persie

Robin Van Persie kom Arsenal yfir með frábærri afgreiðslu eftir að hafa fengið langa sendingu frá Samir Nasri. Van Persie tók boltann og lagði hann fyrir sig að hætti landa síns Dennis Bergkamp og skoraði síðan með föstu hægri fótar skoti.

Arsenal virtist því vera á leiðinni að vinna þiðja stórliðið í röð eftir sigra á Chelsea og Man United en rétt fyrir hálfleik tókst Liverpool að jafna. Robbie Keane nýtti sér sofandahátt í Arsenalvörninni rétt fyrir hálfleik þegar hann jafnaði með þrumuskoti eftir að löng hreinsun frá Daniel Agger datt inn fyrir vörnina og breyttist í frábæra stungusendingu.

Van Persie hrósaði félögum sínum Alex Song og Denilson fyrir vinnusemi á miðjunni og sagði sterkan karakter liðsins hafi skilaði þeim í gegnum þennan erfiða leik. „Við ætluðum að vinna þennan leik en úr því sem komið var þá erum við ekkert svo óánægðir með þessi úrslit," sagði Van Persie sem var spurður út í markið sitt.

„Það var gaman að skora því ég var ekki búinn að skora í nokkurn tíma. Ég skoraði líka með hægri," sagði Hollendingurinn.

Rauða spjaldið var ekki eina áfallið sem Arsenal varð fyrir í leiknum því í hálfleik haltraði fyrirliðinn Cesc Fabregas útaf meiddur á hné.

### Þetta var röng ákvörðun

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, kvartaði yfir rauða spjaldinu hans Adebayor . „Þetta var röng ákvörðun. Það væri gott að fá svona rauð spjöld þegar liðin eru að sparka okkur útaf vellinum. Ef þetta var rautt þá átti Keane að fá einnig rautt fyrir tæklingu sína á Clichy í fyrri hálfleik," sagði Wenger og bætti við. „Ég er stoltur af liðsandanum og þann styrk sem mínir menn sýndu með því að klára þennan leik," sagði Frakkinn.

Sammy Lee var skráður sem stjórnandi Liverpool-liðsins í þessum leik en hann viðurkenndi að það hafi verið Benitez sem hafi í raun stjórnað liðinu.

### Stjórnaði liðinu af sjúkrabeðinu

„Hann nýtti sér nútímatæknina og var með fulla stjórn á liðinu í þessum leik. Það sýnir ennfremur hversu mikil atvinnumaður hann er. Hann var ánægður með leikmennina og úrslitin og vonandi fáum við hann aftur á hliðarlínuna sem fyrst. Við söknum hans þegar hann er í burtu," sagði Lee eftir leik.

Ástandið versnar enn hjá Mark Hughes og lærisveinum í Manchester City og í gær varð liðið það fyrsta síðan 4. október til að tapa fyrir botnliðinu West Brom. Tékkinn Roman Bednar skoraði sigurmark West Brom í uppbótartíma en City-liðið hafði þá jafnað leikinn með laglegri hælspyrnu Felipe Caicedo sex mínútum áður. City hefur þar með aðeins unnið 1 af síðustu 9 leikjum og er komið niður í fallsæti aðeins tveimur stigum á undan West Brom sem er á botninum.

„Menn hafa verið að tala um mína framtíð hjá félaginu síðan nýju eigendurnir komu og það er því ekkert nýtt fyrir mér. Ég hef fulla trú á því að fá pening til að kaupa menn í janúar því eigendurnir gera sér grein fyrir því að það tekur tíma að setja saman lið," sagði Hughes en það er samt erfitt að sjá Sheikinn sætta sig mikið lengur við hvert tapið á fætur öðru.

Varamaðurinn Damien Duff tryggði Newcastle 2-1 sigur á Tottenham í uppbótartíma aðeins tveimur mínútum eftir að hann hafði komið inn á sem varamaður. Duff fékk þá sendingu frá Mark Viduka sem hafi einnig komið inn á sem varamaður. Þetta annar sigur Newcastle í röð sem er fyrir vikið komið upp í 12. sæti deildarinnar.

ooj@frettabladid.is

Þriðji stóri titillinn á árinu 2008 hjá ensku meisturunum í Manchester United:

# Glæsilegt sigurmark Rooney

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney tryggði Manchhester United heimsmeistaratitil félagsliða þegar hann skoraði stórglæsilegt sigurmark í 1-0 sigri liðsins á Liga De Quito frá Ekvador. Þetta er fyrsti sigurinn hjá ensku liði síðan keppnin tók núverandi mynd.

Það leit ekki alltof vel út fyrir ensku meistarana þegar Nemanja Vidic var rekinn út af í byrjun seinni hálfleiks en heimsklassataktar frá þeim Cristiano Ronaldo og Wayne Rooney bjuggu til mark 24 mínútum síðar sem dugði Manchester sem var meira með boltann og alltaf líklegra í þessum leik.

„Við erum besta lið í heimi. Þetta er mikið afrek hjá liðinu og eitthvað sem við erum allir mjög stoltir af. Þetta er frábær tilfinning að skora sigurmarkið," sagði Rooney sem var kosinn besti leikmaður mótsins en auk sigurmarksins í úrslitaleiknum þá skoraði hann tvö mörk í 5-3 sigri á Gamba Osaka frá Japan í undanúrslitunum.



**MAÐUR MÓTSINS** Wayne Rooney fagnar sigurmarkinu ásamt félögum sínum í United. NORDICPHOTOS/GETTY

„Brottreksturinn gerði þetta erfitt fyrir okkur. Hálftími er langur tími til þess að vera einum færri en Wayne skoraði magnað mark," sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester, og hann gat ekki mótmælt rauða spjaldinu. „Þetta var ekki gróft brot en hann gaf olnbogaskot. Þegar þú gefur olnbogaskot fyrir framan dómarann þá gefur þú honum engin önnur úrræði en að reka þig út af," sagði Ferguson en rauða spjaldið þýðir að Vidic missir af fyrri leiknum á móti Inter Milan í Meistaradeildinni.

„Þegar Vidic var rekinn út af hélt ég að við gætum unnið. Við erum svekktir með að tapa en jafnframt ánægðir með að hafa komist svona langt," sagði Argentínumaðurinn Edgardo Bauza sem þjálfar Liga De Quito. - óój

# HARÐIR JÓLAPAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

### ACER ASPIRE ONE



- 1.6GHz Intel Atom N270 örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB harður diskur
- 8.9" WideScreen skjár
- Intel GMA950 skjákort

77.950

### 640GB ICY BOX MP303



Frábær margmiðlunarspilari með stórum 640GB GreenPower WD hörðum diski, spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði.

Góð jólagjöf fyrir alla fjölskylduna

34.950

### AMD TÖLVA 3



- Athlon 64 5200+ örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC5300 minni
- 500GB SATA II WD harður diskur
- 512MB ATI Radeon R4670 skjákort
- Windows Vista Home Basic

99.950

### ACER 22" V223WD



Flottur Acer 22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 upplausn, 2500:1 skerpa, 5ms viðbragðastími, VGA og DVI (HDCP) inngangur

35.950

### 640GB ICYBOX FLAKKARI



Icy Box hýsing úr áli með 640GB WD GreenPower hörðum diski. Geymdu allt efnið á einum stað allt klárt bara tengja kveikja og byrja

17.950

### 160GB WD PASSPORT



WD Passport 160GB, 3 litir í boði svartur hvítur og bleikur, lítill og nettur flakkari, tekur straum í gegnum USB tengið

14.750

### SENNHEISER HD 201



Hágæða heyrnatól frá Sennheiser, létt og þægileg, lokuð og ná alveg utan um eyrun, frábær hljómur, löng snúra með 3.5,mm jack tengi, 6.3mm breytir fylgir

2.950

### HP DESKJET D1560



HP Deskjet D1560 með 1200x4800dpi upplausn, prentar allt að 18bls í svörtu og 12,5 bls í lit, USB 2.0 háhraða tengi á frábæru verði

8.950

### 4GB MINNISLYKILL



Einstaklega lítill og nettur 4GB minnislykill með loki frá Sandisk, á frábæru verði henntar mjög vel í alla almenna notkun

2.450

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 750 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## > Gary Sinise

„Ég hef alltaf viljað starfa sem leikari og ekki verið að eltast við frægð. Af því hefur val mitt á hlutverkum einkennst.“ Sinise leikur Mac Taylor í þættinum C.S.I: New York sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: KLEMENS ÓLAFUR VILL EKKI BORGA FYRIR AUGLÝSINGAR

# *Auglýst eftir réttlætiskennd alþingismanna*

Ég hef aldrei átt sjónvarp, þótt ég hafi haft slíkt að láni af og til. Kærastan mín á ekki sjónvarp heldur. Við borgum því ekki afnotagjöld. En nú er búið að leggja á okkur skatt upp á sirka 35.000 krónur, í stað þess að sjónvarpseigendur borgi afnotagjald. Þetta finnst alþingismönnum bara fínt. Þegar lög um skattinn voru rædd í vikunni tóku sex til máls. Af þeim virtust tveir vera ósammála gjaldtökunni; Grétar Mar og Pétur Blö.

Þegar byrjað var að tala um þennan nefskatt (sem nú heitir útvarpsgjald) og fylgjandi takmörkun RÚV á auglýsingamarkaði, fannst mér það ágætt svo sem. Hvort sem maður á sjónvarp eða ekki er RÚV fastur hluti tilverunnar, sem mældur hefur verið til fjár. Ef hægt væri að koma því þannig fyrir að maður gæti notið þess án þess að þurfa að horfa á auglýsingar líka, fínt.

En á Alþingi er nefnd sem heitir menntamálanefnd. Sigurður Kári Kristjánsson, helsta málpípa frjálshyggjunnar, er formaður hennar. Og undir hans formennsku var ákveðið að RÚV-skattleggja næstum alla landsmenn. Hins vegar þurfti nefnd Sigurðar að hugsa til enda hvort takmarka mætti samkeppni ríkisstofnunar við einkafyrirtæki, og losa okkur við eitthvað af þessum auglýsingum.

Að horfa á auglýingar er að gefa tíma sinn fyrirtæki sem vill selja manni eitthvað. RÚV, með sinn skatt, ætti að vera yfir þetta hafið.

En aðalmálið er þetta: Ég heyrði engan þingmann gera athugasemd við undanþágu fjármagnseigenda frá skattinum. Þeir, sem eiga svo mikla peninga að þeir þurfa ekki að vera á kaupi, fá RÚV héreftir ókeypis, á kostnað launafólks. Enginn þingmaður lét þetta trufla réttlætiskennd sína, ekki einu sinni Kolla úr VG. Hún ræddi frekar um að nýja gjaldtakan fjarlægði RÚV frá borgaranum. Annar þingmaður vildi heldur fjalla um að auglýsingastofur misstu spón úr aski sínum við það að RÚV sýndi færri auglýsingar! Samfylkingin í heild sinni þagði.

Ábending dagsins er því að lesendur slökkvi á RÚV í eitt kvöld og kíki á uppptökur af þingmönnum vorum á www.althingi.is.



## EKKI MISSA AF



▶ **19.50 Everton - Chelsea, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10 Friday Night Lights** SKJÁREINN



▶ **20.30 Extreme Makeover. Home Edition** STÖÐ 2



▶ **21.15 Sporlaust (Without a Trace)** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Good Years** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Hanna Montana** (14:26) (e)
**17.45 Sammi** (6:52)
**17.54 Kóalabræðurnir** (70:78)
**18.04 Herramenn** (32:52)
**18.15 Út og suður** (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Everest - Læknar í lífsháska** (Everest - Doctors In The Death Zone) (1:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum um leiðangur breskra lækna á tind Everest, hæsta fjalls í heimi.
▶**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (11:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery og Marianne Jean-Baptiste.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ævintýri - Öskubuska** (Fairy Tales: Cinderella) (2:4) Í þessari bresku sjónvarpsmynd er ævintýrið sígilda um Öskubusku fært í nútímabúning. (e)
**23.20 Manstu gamla daga?** Eivör Pálsdóttir og Ragnheiður Gröndal syngja lög íslenskra höfunda í útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar á tónleikum sem haldnir voru í Háskólabíói í apríl 2006. (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Beauty Shop**
**10.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**12.00 Lucky You**
**14.00 Beauty Shop**
**16.00 Charlie and the Chocolate Factory**
**18.00 Lucky You**
**20.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**22.00 Blast!**
**00.00 Caos and Cadavers**
**02.00 From Dusk Till Dawn 3**
**04.00 Blast!**
**06.00 The Jewel of the Nile**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Jesús og Jósefína, Galdrabókin, Lalli og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (218:300)
**10.20 Two and a Half Men** (23:24)
**10.45 The Complete Guide To Parenting** (6:6)
**11.15 Las Vegas** (14:19)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sueno**
**14.55 ET Weekend**
**15.40 The New Adventures of Old Christine** (13:22)
**16.00 Galdrastelpurnar**
**16.25 Leðurblökumaðurinn**
**16.45 Justice League Unlimited**
**17.10 Tracey McBean**
**17.23 Galdrabókin** (22:24)
**17.33 Neighbours**
**17.58 Bold and the Beautiful**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (25:25)
**20.00 Dagvaktin** (9:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun.
▶**20.30 Extreme Makeover. Home Edition** (15:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
**21.20 Men in Trees** (12:19) Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit og virðist hafa fundið hinn eina sanna.
**22.05 Journeyman** (11:13)
**22.50 Snow Wonder**
**00.20 Sueno**
**02.05 Medium** (14:22)
**04.20 Extreme Makeover. Home Edition** (15:25)
**05.05 Men in Trees** (12:19)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.10 NFL deildin. Minnesota - Atlanta** Útsending frá leik í NFL deildinni.
**18.10 Utan vallar með Vodafone** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
**19.00 Chevron World Challenge** Útsending frá Chevron World Challange mótinu í golfi.
**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**22.30 Þýski handboltinn. Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**23.05 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**23.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Arsenal - Liverpool.
**16.05 Enska úrvalsdeildin** Hull - Sunderland.
**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.45 Everton - Manchester United, 1995** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
▶**19.15 Chelsea - Tottenham Hotspurs** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Everton og Chelsea.
**22.00 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.00 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.30 Enska úrvalsdeildin** Everton - Chelsea

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.00 Dr. Phil**
**18.45 Game tíví** (15:15) (e)
**19.15 Charmed** (14:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. (e)
▶**20.10 Friday Night Lights** (15:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Það er komið að lokaþætti vetrarins. Tami endurnýjar kynnin gamlan kærasta og Taylor þjálfari er ekki ánægður. Smash er staðráðinn í að fá skólastyrk, Jason fær óvæntar fréttir og Tim reynir fyrir sér á nýjum vettvangi.
**21.00 Heroes** (7:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Knox og Daphne ráða Hiro til starfa, Peter leitar svara hjá Pinehurst. Claire og Sandra reyna að bjarga Meredith úr klóm illmennisins Doyle sem býr yfir þeim hæfileika að geta tekið stjórn á andlegum og líkamlegum styrk fólks.
**21.50 CSI. New York** (18:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Námsráðgjafi í einkaskóla er myrtur á skólaballi og borgarstjórinn skipar Mac og félögum hans að hætta öllum öðrum rannsóknum til að finna morðingjann. Mac er ekki sáttur því hann hefur ekki enn fundið morðóða leigubílstjórann.
**22.55 Jay Leno**
**23.45 Dexter** (6:12) (e)
**00.35 Vörutorg**
**01.35 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að Norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 17.25 OG 20.25 E.R.

Stöð 2 og Stöð 2 Extra sýna eina allra vinsælustu þáttaröð síðari ára frá upphafi. Bráðavaktin er þáttaröðin sem gerði George Clooney að stórstjörnu en hann fer með stórt hlutverk í fyrstu þáttaröðunum. Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Everest – Læknar í lífsháska**

**Sjónvarpið kl. 20.15**

Bresk heimildarmynd í tveimur hlutum um leiðangur breskra lækna á tind Everest, hæsta fjalls í heimi. Þangað fóru þeir í því augnamiði að öðlast betri skilning á aðstæðum sjúklinga á gjörgæsludeild sem þurfa, eins og háfjallaklifrarar að komast af með lítið súrefni.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Kjarkur, von og söngur
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hinmintungl
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (85:260)
**16.30 Hollyoaks** (86:260)
**17.00 Seinfeld** (11:24)
**17.25 E.R.** (16:25)
**18.10 My Boys** (12:22)
**18.30 20 Good Years** (1:13)
**19.00 Hollyoaks** (85:260)
**19.30 Hollyoaks** (86:260)
**20.00 Seinfeld** (11:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. .
**20.25 E.R.** (16:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur.
**21.10 My Boys** (12:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
▶**21.30 20 Good Years** (1:13) Frumlegir og ferkir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ítrasta.
**22.00 Numbers**
**22.45 Mad Men** (1:13)
**23.35 Sjáðu**
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Hjartalæknir og sérfæðingur í meltingarsjúkdómum er gestur kvöldsins. Jólamaturinn er til umræðu.
**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hilmar Örn Hilmarsson alsherjargoði er gestur kvöldsins.
**21.30 Kristinn H.** Gestir hjá Kristni H. Gunnarssyni eru Össur Skarphéðinsson og Einar Már Sigurðarsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **10.45** Miss Marple **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Robin Hood **13.45** OBS **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Vores jul **14.25** Dronningens søster **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Glædelig jul Mr. Bean **18.30** Nissernes Ø **19.00** Året der gik i Kongehuset 2008 **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Julevejret **20.40** Julehjerter og bryllupsklokker **22.05** Signetringen **23.35** OBS **23.40** En sag for Frost

### NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Jessica Fletcher **11.55** Alt lys på Hanne Krogh **12.35** Maja Steinansikt **14.00** NRK nyheter **14.05** Keiserens nye skole **14.30** Verdens villeste krysstokt **15.00** Beat for beat **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat **16.15** Billedbrev fra Latin-Amerika **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Den magiske krystallkulen **17.35** Superjulevangeliet **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Faktor **18.55** Fridtjofs jul **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sommer **21.30** To og en ipod **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.55** Nytt på nytt **00.25** Sport Jukeboks **02.00** Country jukeboks **06.00** Fantorangen **06.05** Mekke-Mikkel

### SVT 1

**12.00** Under solen **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.25** Owl **15.30** Skrotnisse och hans vänner **15.40** Kroppsnära **15.45** Planet Sketch **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Rorri Racerbil **16.20** Lycka är **16.25** Var ligger tomteland? **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Oväntat besök **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Julkonsert - Sånger för livet **20.00** Dans **21.00** Vanessa Beecroft och tvillingarna **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Åkalla **23.40** Dansbandskampen **01.10** Sändningar från SVT24




## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Ellefti var Hreiðar Már,
grái Kaupþingsmann,
fullt af monnípeningum
rann um gaurinn þann.

Þótt ballið virtist endalaust
loks hætti auradans,
það voru Bretadjöflarnir
sem stigu á tærnar hans.



# Krimmar gefa krimma í jólagjöf

Fangar á Litla-Hrauni fá góðan glaðning í dag þegar fulltrúar frá Félagi bókaútgefanda mæta með hundruð bóka sem ætlað er að verði pakkað inn til ættingja og vina, komið fyrir á bókasafni fangelsisins auk þess sem kokkarnir fá sinn skerf; úrval matreiðslubóka. Fangarnir á Litla-Hrauni eru nefnilega með sitt eigið eldhús og geta því gripið í uppflettiritin þegar svo á við.

Kristján Bjarki Jónasson, formaður Félags bókaútgefanda, segir þetta þó aðallega vera gert til að gera föngum kleift að gefa sínum nánustu jólagjöf. „Við létum fangana útbúa óskalista og útgefendur tóku síðan mið af honum þegar þeir gáfu bækur til framtaksins,“ segir Kristján en bækurnar eru langflestar nýjar af nálinni þótt vissulega slæðist ein og ein gömul með. Allir bókaútgefendur lögðu sitt af mörkum og því er um mikið flóð bóka að ræða. Kristján segir flóruna vera ótrúlega fjölbreytta, þarna séu barnabækur og lífsreynslusögur og allt þar á milli. Aðspurður hvort að einhverjar glæpasögur fái að fljóta með segir Kristján það óhjákvæmilegt, þær skipi enda veglegan sess í jólabókaflóði landsmanna um hver jól.

Skrifstofufyrirtækið Office One leggur síðan til gjafapappír, slaufur og kort svo að fangarnir geta sjálfir skreytt gjafirnar sínar. Auk þess leggur fyrirtækið til inneign á tungumálanámskeið en margir af erlendum föngum Litla-Hrauns hafa víst mikinn hug á að læra íslensku. **- fgg**



**GEFA FÖNGUM HUNDRUÐ BÓKA** Fangar á Litla-Hrauni fá hundruð bóka á mánudaginn. Flestar þeirra fara þó aftur út en fangarnir geta gefið sínum nánustu bók.

**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR** Forstöðumaður fangelsisins hlýtur að vera ánægð með bókagjöfina.



**LÁRÉTT 2.** ofstopi, **6.** í röð, **8.** laus greinir, **9.** kvk nafn, **11.** mun, **12.** sparsemi, **14.** hnupla, **16.** skóli, **17.** kelda, **18.** flýtir, **20.** þys, **21.** skref.

**LÓÐRÉTT 1.** tamning, **3.** íþróttafélag, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** svelg, **7.** snuðra, **10.** sigað, **13.** gogg, **15.** svari, **16.** skraf, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ofsi, **6.** gh, **8.** hið, **9.** una, **11.** ku, **12.** nýtni, **14.** stela, **16.** ma, **17.** fen, **18.** asi, **20.** ys, **21.** stig.

**LÓÐRÉTT: 1.** ögun, **3.** fh, **4.** síkiley, **5.** iðu, **7.** hnýsast, **10.** att, **13.** nef, **15.** ansi, **16.** mas, **19.** ii.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Í New York, Washington, London og Ósló.
2. Skóm og snjó.
3. Aron Pálmarsson.

GUNNAR VIKTORSSON: ÓÞVERRASKAPUR AÐ GERA MIG HAUKAMANN

# Drepur ekki vini sína

„Þetta er algjör óþarfi og í raun rakinn óþverraskapur að gera „mig“ að Haukamanni. Og hann viðurkennir að það var með vilja gert!“ segir Gunnar Viktorsson, sjúkraþjálfari og FH-ingur fram í fingurgóma. „Sagðist meira að segja hafa hlegið upphátt þegar hann skrifaði það!“

Ævar Örn Jósepsson sendi nýverið frá sér hinn krassandi krimma Land tækifæranna. Þar lendir persónan Árni, einn fjórmenninganna sem mynda löggutеymi í glæpasagnaseríu hans, í því að rannsaka morðmál sem tengist gömlu skólaklíkunni hans í Hafnarfirði. Ævar Örn sjálfur gekk í skóla í Hafnarfirði. Og gengst við því að á stundum er Árni málpípa höfundar. Þegar við bætist að í klíkunni úr Landi tækifæranna eru tveir sem heita Gunnar Viktorsson eða Gunni Viktors og Sigþór Jóhannesson eða Sissó, þá vekur það upp grun að þarna sé um lykilróman að ræða. Uppgjör Ævars við sína gömlu klíku úr Hafnarfirðinum, því bæði Gunnar og Sigþór voru bekkjarfélagar hans. Og mega það heita kaldar kveðjur því persónurnar eru vafasamir pappírar svo ekki sé meira sagt. Og Árni rannsóknarlögreglumaður var þar utangátta. „Nei, ég var ekki utangátta í minni gömlu skólaklíku sem myndaðist í Lækjarskóla. Mér leið afskaplega vel þar,“ segir Ævar Örn. Og neitar að hér sé um lykilróman að ræða. „Ég er bara að skíra karakterana í höfuðið á góðu fólki sem ég þekki. Sem á ekkert sammerkt með þeim að öðru leyti, það er lykilatriði. Og hef gert það í öllum öðrum bókum mínum einnig. En, já, Gunni er enn einn minna allra bestu vina, og þótt sambandið við Sissó sé kannski stopulla þá er hann einhver mesti ljúflingur sem ég þekki.“ Sá fjórði í klíkunni heitir Kristján Kristjánsson, nafn útgefanda Ævars á Skaganum og fimmti er fórnarlambið Daníel Marteinsson. „Það er út í loftið. Ég drep ekki vini mína,“ segir rithöfundurinn.



**FÉKK LÁNUÐ NÖFNIN AÐ ÞEIM FORSPURÐUM** Æskufélagar Ævars, þeir Gunni og Sissó, kunna honum litlar þakkir fyrir að nefna skíthæla í höfuð þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gunnar, er byrjaður á bókinni og segir það svo sem í lagi sín vegna að nafni hans í bókinni sé vafasamur karakter en ítrekar að honum þyki sérdeilis illkvittnislegt af félaga sínum að gera nafna sinn að Haukamanni.

Sigþór, sem er lærður bakari en starfar nú hjá Lyfjaveri sem tölvumaður, segir það óneitanlega afar sérstakt að lesa bók þar sem alnafna sinn sé að finna. „Ekki bara Sigþór Jóhannesson heldur er hann kallaður Sissó! Þetta fer ekkert á milli mála. Ég, bakaradrusla úr Hafnarfirði, orðinn lögfræðingur og skíthæll. Nei, ég er ekki ánægður með karakterinn minn. Og veit ekki hvort Ævar hugsar svona til mín? En ég er í góðum félagsskap þarna í „ríjúníoninu“ því þar eru Elsa, Sigga, Bragi, Gaui og Systa líka.“

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLK

Gísli Örn Garðarsson og félagar í Royal Shakespeare-leikhúsinu fá ágætis dóma fyrir leiksýninguna Don John sem frumsýnd var fyrir helgi. Gagnrýnandi Guardian gefur henni til að mynda þrjár stjörnur af fimm. Ekki eru þó einhver húrrahróp og háværr uppklöpp heldur virðist sýningin hafa verið frekar auðmelt. Hins vegar gefur gagnrýnandi Oxford Times **Nínu Dögg Filipusdóttur** góða umsögn og segir spennuna á sviðinu hafa vaxið um helming þegar hún birtist.



Fólkið í bókabúðunum er með sínar eigin viðurkenningar á því hvaða bækur eru bestar fyrir hver jólin. Og þykir höfundum að vonum einkar vænt um þær, það er þeir sem verða fyrir valinu. Og nú bregður svo við að þrír af sex sem hljóta viðurkenningu þetta árið eru öll fastir póstar í Mannamáli Sigmundar Ernis Rúnarssonar; hann sjálfur, Einar Kárason pistlahöfundur og svo bókagagnrýnandinn og rithöfundurinn Gerður Kristný.

Menn hafa vakandi auga með útrásarvíkingum sem aldrei fyrr, það svo mjög að á fimmtudaginn sást **Pálmi Haraldsson** kenndur við Fons koma á hlaupum inn í 10/11 búðina við Hjarðarhaga. Hann staldraði stutt við, fór beint að blaðarekkanum og fletti hratt í gegnum nýútkomið Séð og heyrt. Og fór svo út úr búðinni. Tíðindamaður blaðsins fletti einnig í tímaritinu og sá þar ekki staf um Pálma. **- fgg, jbg**




FORLAGIÐ visir.is

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS
VINNINGSHAFAR

**Bækur frá Forlaginu**
Einar Björnsson, Gullengi 13
Einar V. Ingvarsson, Vallargata 19
Elísabet Árný Árnadóttir, Skarðshlíð 13f
Fannar Sigurpálsson, Norðurgarður 10
Guðný H. Þórhallsdóttir, Greniteig 6
Kári Böðvarsson, Knarrarberg 1
Margrét Ámundadóttir, Álftamýri 46
Óskar Gunnar Óskarsson, Skógarflöt 12
Petrína K. Sigurðardóttir, Suðurgata 119
Ragnar Einarsson, Álfaheiði 2 G
Sveinbjörn Pétursson, Karfavogi 37
Þórður Sigurðsson, Lerkigrund 2

**Bókort frá Sambíóunum**
Agnar Steinn Gunnarsson, Suðurholt 26
Anna K Ásbjörnsdóttir, Fjölnisvegur 6
Árdís Árnadóttir, Brekkutangi 12
Elvar Ingi Róbertsson, Gónhól 36
Gústaf Gústafsson, Digranesvegi 44
Gyða Mjöll Ingólfsdóttir, Maríubakki 16
Hrefna Zoega, Nökkvavogur 36
Karen Bergsdóttir, Réttarbakki 7
Kristján Baldvinsson, Hamravík 58
Sigrún Guðnadóttir, Tinnuberg 10
Sigurlaug Siggeirsdóttir, Sólheimum 44
Valtýr B Sigríksson, Austurberg 20

**Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu**
Gróa Ólafsdóttir, Arahólar 4
Sigvaldi Kristjánsson, Langholtsvegur 46

Taktu þátt á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24.
Opið alla virka daga frá klukkan 8-17.


# Þríeyki semur fyrir dansflokk

Félagarnir Sigtryggur Baldursson, Pétur Ben og Frank Hall eru í óða önn að semja tónlist við nýja sýningu Íslenska dansflokksins sem verður frumsýnd í febrúar.

„Þetta er búið að ganga nokkuð vel. Við erum búnir að dæla út fullt af hugmyndum og þau hafa verið að reyna að velja úr því,“ segir Sigtryggur. „Við ákváðum að taka gömlu góðu bílskúrsleiðina á þetta, settum upp hljóðfæri í bílskúrnum hjá Pétri og svo er búið að djamma og búa til alls konar músík.“

Sigtryggur hefur áður samið tónlist fyrir dansarann Margréti Söru og veit því aðeins um hvað málið snýst. „Ég hef voða gaman af þessu en ég verð að játa að ég er ekki beinlínis fastagestur á sýningum dansflokksins. Það verður vonandi breyting þar á.“

Samstarfið má rekja til síðasta árs þegar Vesturport fékk þá til að spila á tónleikum til heiðurs Tom Waits. Kata Hall, listrænn stjórnandi hjá dansflokknum, hreifst af spilamennskunni og fékk þá til liðs við sig. „Þessi tónlist er svolítið andlega skyld við það verkefni, svolítið hrá og „klonkí“. Maður getur leyft sér ýmislegt þarna og þetta er spennandi og öðruvísi verkefni. Maður getur farið í ýmsar áttir með þessar pælingar sem maður myndi kannski ekki gera frá degi til dags,“ segir Sigtryggur, sem mun sjálfur ekki taka þátt í sýningunni. Ástæðan er tónleikaferð Emilíönu Torrini um Evrópu þar sem hann mun sitja við trommusettið. **- fb**



**SIGTRYGGUR BALDURSSON** Sigtryggur segir að vel hafi gengið að semja tónlistina fyrir Íslenska dansflokkinn.

**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn snjalli hefur átt í góðu samstarfi við Sigtrygg og Frank Hall.

# OUTLET 10

## +++ Merki fyrir minna +++

**Dömu kjólar**
Margar gerðir
Verð frá: **990,-**



**Herra peysur**
Nokkrir litir
St:s-xxl
Verð: **2.990,-**

**Herra skyrtur**
St:xs-xxl
Verð frá: **2990,-**

**Levi´s herra buxur:**
Svartar, bláar.
Verð frá: **1.990,-**



**Jakkaföt:**
Verð áður: 12.990,-
Verð nú: **9.990,-**



**Stakir dömu jakkar**
Margar gerðir
Verð frá: **1.990,-**



**Dömu toppar**
Margar gerðir
Verð frá: **990,-**

**Dömu buxur:**
St:36-56
Verð frá: **2.990,-**

**Opið**
**Aðfangadag**
**11 - 13**

**Stakar jakkafata-buxur:**
Nokkrir litir
St:42-64
Verð frá: **2.990,-**

**AV Verslun Opnunartímar**

| | | |
|---|---|---|
| 22. des | | $11^{00}$ - $22^{00}$ |
| 23. des | Þorláksmessa | $11^{00}$ - $23^{00}$ |
| 24. des | | $10^{00}$ - $13^{00}$ |
| 29. des | | $11^{00}$ - $18^{00}$ |
| 30. des | | $11^{00}$ - $18^{00}$ |
| 31. des | Gamlárskvöld | $10^{00}$ - $13^{00}$ |



**2.995.-**



**2.995.-**



**2.995.-**



**1.995.-**



**1.995.-**



**3.995.-**



**3.995.-**



**3.995.-**

Opið alla daga til jóla frá 11 - 22 **OUTLET 10** • Faxafeni 10 • **Sími 534 4450**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## Í aldingarðinum

Árið sem senn er á enda á ekki eftir að líða þeim, sem komin eru til vits og ára, úr minni. Draumar margra um trygga atvinnu hafa brostið og vetraráform um sumarferðalag til útlanda virðast hálfsyndsamleg. Á dauða okkar áttum við von en ekki því að íslenska hagkerfið hryndi til grunna. Fólk sem alltaf virtist rekið áfram af háleitum hugsjónum hefur reynst úlfar í sauðargæru, stjórnmálamenn jafnt sem fjölmiðlamenn. Nú lofa þeir bót og betrun en „Að venju þykir vafi leika um sum / þau aldin sem nýjust glóa á greinum trjánna“ eins og segir í ljóðinu Í aldingarðinum eftir Þorstein frá Hamri.

**ÞAÐ ER** sorglegt að örfáir menn skuli hafa haft jafnmikil áhrif á líf okkar og komið hefur í ljós. Sumir þeirra töluðu eins og það væri óþarfa gustuk að bankarnir þeirra væru með útibú hér á landi, þeir þurftu ekkert á þessari þjóð að halda. Svo voru aðrir sem vildu að Íslendingar tækju upp ensku sem sitt annað mál – eða það fyrsta – ég man það ekki. Kannski þeim hefði þótt skárra að heyra okkur nú segja við þá: „We're just like so disappointed in you, guys.“

**LÁTUM** þessa menn samt ekki komast upp með að eyðileggja líf okkar neitt frekar. Það hefur hingað til ekki verið til þeirra sem við höfum sótt stolt okkar. Við búum enn yfir hugviti sem kemur okkur lengra en öll tengiflug heims. Verum stolt af sjálfum okkur, öllu því sem við höfum gert og öllum þeim verkum sem við eigum eftir að vinna. Semjum höfuðlausn okkar sjálf. Yrkjum lopapeysur, prjónum sögur, höggvum okkar eigin framtíð úr fjörugrjótinu. Nóg er til af því. Og lofum sjálfum okkur því að vanda okkur aðeins betur þegar efnt verður til kosninga næst.

**ÞETTA** er land hinna týndu flokka. Fæstir þeirra sem í boði eru starfa að minnsta kosti eins og hugur minn, þeir starfa frekar eins og fætur færeysks þjóðdansara, tvö skref til hægri en bara eitt til vinstri. Flokkarnir sem nú eru við völd hljóta samt að hafa áttað sig á því að næst viljum við nýtt lag, nýjan undirleik og við viljum að þeir dansi í sama takti og við hin. Að þessu sinni verður fæðingarhátíð frelsarans haldin í skugga fjárhagsþrenginga en munum að við verðum ekki dæmd af því hvað við náum að gefa dýrar gjafir. Látum frekar minnast okkar fyrir það hvað við sýndum mikla einurð og samstöðu í því að rétta aftur úr kútnum. Gleðileg jól!



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 22. desember 357. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.23 | 13.26 | 15.30 |
| Akureyri | 11.39 | 13.11 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Jólatilboðum fylgir

12.000 kr. inneign

Verslanir Símans eru fullar af glæsilegum símum á jólatilboði. Með farsímum á jólatilboði fylgir M og 12.000 kr. inneign sem tala má fyrir yfir heilt ár. Komdu við í einni af verslunum Símans og kynntu þér frábær tilboð á farsímum.




Þú getur talað fyrir 12.000 kr.
1000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.

Ferðahátalari fylgir með

SONY ERICSSON G502
Símalán – útborgun: 0 kr.
Aðeins 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 24.000 kr.

SONY ERICSSON W760
Símalán – útborgun: 0 kr.
Aðeins 3.500 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 42.000 kr.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM36437